

MANNRÉTTINDADÓMSTÓLL

EVVRÓPU 2010

Dómareifanir

1. hefti 2010 (janúar – júní)

Mannréttindastofnun Háskóla Íslands

Ritstjóri: Björg Thorarensen
Ritnefnd: Arnar Þór Stefánsson
Hrafn Bragason

Mannréttindadómstóll Evrópu
Dómareifanir
1. hefti 2010 (janúar – júní)

© Mannréttindastofnun Háskóla Íslands
ISSN 1670-6145
Ljósmynd á kápu er fengin frá Evrópuráðinu



Prentun: Oddi umhverfissvottuð prentsmiðja

Útgáfan er styrkt af dómsmálaráðuneytinu

Frá ritstjóra

Viðfangsefni Mannréttindadómstóls Evrópu á fyrri hluta ársins 2010 voru fjölbreytt eins og endranær og í þessu hefti birtast reifanir helstu dóma sem þýðingu geta haft fyrir íslenskan rétt.

Þar ber fyrst að telja dóm sem gekk í kærumáli *Varðar Ólafssonar gegn Íslandi* frá 27. apríl 2010. Kæran laut í meginatriðum að því að álagning iðnaðarmálagjalds samkvæmt lögum nr. 134/1993 bryti gegn rétti til að standa utan félaga samkvæmt 11. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu, þar sem gjaldið rynni til Samtaka iðnaðarins sem kærandi væri ekki félagi í. Niðurstaða dómstólsins var að skilgreining laganna á því hvernig iðnaðarmálagjaldinu skuli varið, að vinna að eflingu iðnaðar og iðnþróunar í landinu, væri of opin og óljós, gjaldið væri ekki nægilega aðgreint frá fjárreiðum samtakanna og reglur skorti um opinbert eftirlit með nýtingu gjaldsins. Við þessar aðstæður taldi dómstóllinn ekki sýnt fram á nauðsyn þeirra takmarkana á félagaþrengi kæranda að styrkja fjárhagslega félag sem stæði fyrir skoðunum sem hann væri ósammála. Var því talið brotið gegn 11. gr. sáttmálans. Dómurinn kallar á lagabreytingar til að bregðast við þessum athugasemdum og hefur stjórnarfrumvarp þegar verið lagt fram á Alþingi sem mælir fyrir um að gjaldið verði afnumið. Ekki verður þó ráðið af dómi Mannréttindadómstólsins að þörf sé á þeim viðbrögðum, enda kemur fram í honum að gjaldtakan sem slík sé lögmæt og stefni að réttmætu markmiði. Í nefndarátliti meirihluta iðnaðarnefndar sem nú liggur fyrir kemur einnig fram að með frumvarpinu sé í reynd gengið lengra en dómurinn kveður á um með því að afnema lögin frá og með næstu áramótum. Ástæða fyrir afnámi gjaldsins sé hins vegar sú að fyrir liggi skýr vilji af hálfu Samtaka iðnaðarins að gjaldtökunni verði hætt.

Af öðrum dómum sem reifaðir eru í ritinu má sjá að óvenju margir lúta að kærnum tengdum málefnum barna og rétti til fjölskyldulífs þar sem reynir á álitafni um brot á 8. gr. Dómur í máli *Hand o.fl. gegn Austurríki* frá 1. apríl 2010 er sérlega athyglisverður enda er þar fjallað um ýmis flókin siðfræðileg efni sem engar samræmdar reglur gilda um í aðildarríkjunum. Þar reyndi á álita-mál um rétt kæranda til þess að fá gjafakynfrumur til tæknifrjógvunar og taldi dómstóllinn að bann austurrískra laga við notkun gjafakynfruma eftir því hvers kyns tæknifrjógvun verði beitt, fæli í sér mismunun sem bryti gegn réttindum kæranda samkvæmt 8. og 14. gr. sáttmálans.

Sá ánægjulegi áfangi náðist þann 1. júní sl. að 14. viðauki við Mannréttindasáttmála Evrópu tók gildi eftir að Rússland fullgilti hann, langsiðast aðildarríkjanna. Með viðaukanum verða ýmsar breytingar á skipulagi dómstólsins og reglum um meðferð mála sem ætlað er að einfalda málsferð og gera hana skilvirkari. Þá bættist nýtt kæruskilyrði við 35. gr. sáttmálans sem felur í sér að vísa má frá kæru telji dómstóllinn kæranda ekki hafa orðið fyrir *umtalsverðu óhagraði* vegna meints brots. Sá fyrirvari er þó gerður að taka megí slíka kæru til meðferðar ef virðing fyrir mannréttindum krefst þess og einnig ef innlendur

dómstóll hefur ekki fjallað um málið á tilhlýðilegan hátt. Markmið hins nýja kæruskilyrðis er að draga úr fjölda kærumála þar sem hagsmunir teljast vera minniháttar og veita dómstólum þannig svigrúm til að einbeita sér að málum um alvarlegri mannréttindabrot. Þessi nýja regla hefur verið nokkuð umdeild því höggvið sé að þeim grundvelli einstaklingskæruréttar til dómstólsins sem eftirlitskerfi Mannréttindasáttmálans byggist á. En hér voru sjónamið um skilvirkni dómstólsins látni vega þyngra. Hitt er svo annað mál að mat á því hvar mörkin liggja á milli minniháttar hagsmuna kæranda og meiri hagsmuna hljóta að vera vandfundin, ekki síst með tilliti til þeirra fyrirvara sem koma fram í ákvæðinu sjálfu. Það mun taka nokkurn tíma að koma í ljós hvort þetta og fleiri nýmæli 14. viðauka muni draga úr vinnuálagi dómstólsins eins og stefnt var að til þess að tryggja skilvirkni hans og hlutverk í mannréttindavernd í Evrópu.

Dómareifanir í þessu hefti voru unnar af lögfræðingunum Gunnari Páli Baldvinssyni, Hildi Leifsdóttur og Írisi Lind Sæmundsdóttur og eru þeim færðar bestu þakkir fyrir framlag sitt til útgáfunnar.

Björg Thorarensen

Efnisyfirlit

1. hefti 2010 (janúar- júní)

2. gr. Réttur til lífs	9
Rantsev gegn Kýpur og Rússlandi (sjá reifun undir 4. gr.)	
Eugenia Lazar gegn Rúmeníu. Dómur frá 16. febrúar 2010	
<i>Rannsókn á orsök dauðsfalls. Úrræði vegna meintra læknamistaka ...</i>	9
3. gr. Bann við pyndingum	12
Al-Saadoon og Mufdhi gegn Bretlandi. Dómur frá 2. mars 2010	
<i>Yfirráðasvæði. Dauðarefsing. Beiðni um frestun á framkvæmd ákvörðunar.....</i>	12
R.C. gegn Svíþjóð. Dómur frá 9. mars 2010	
<i>Útlendingar. Brottvísun. Beiðni um frestun á framkvæmd ákvörðunar</i>	15
Slyusarev gegn Rússlandi. Dómur frá 20. apríl 2010	
<i>Meðferð varðhaldsfanga. Vanvirðandi meðferð</i>	17
Gäfen gegn Þýskalandi. Dómur frá 1. júní 2010	
<i>Yfirheyrsluáðferðir. Ómannúðleg meðferð. Notkun ólöglega fenginna sönnunargagna</i>	19
Mawaka gegn Hollandi. Dómur frá 1. júní 2010	
<i>Útlendingar. Hælisveiting. Brottvísun</i>	22
4. gr. Bann við þrældómi og nauðungarvinnu	24
Rantsev gegn Kýpur og Rússlandi. Dómur frá 7. janúar 2010	
<i>Mansal. Frelsissvipting. Rannsókn vegna dauðsfalls. Jákvæðar skyldur</i>	24
5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi	28
Frasik gegn Póllandi og Jaremowicz gegn Póllandi (sjá reifun undir 12. gr.)	
Rantsev gegn Kýpur og Rússlandi (sjá reifun undir 4. gr.)	
Medvedyev o.fl. gegn Frakklandi. Dómur frá 29. mars 2010	
<i>Handtaka á alþjóðlegu hafsvæði. Lögsaga. Réttur til að vera leiddur fyrir dómara</i>	28
6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi	32
Syngelidis gegn Grikklandi. Dómur frá 1. febrúar 2010	
<i>Réttur til aðgangs að dómstólum. Friðhelgi þingmanna gagnvart málsóknum</i>	32
Krumpholz gegn Austurríki. Dómur frá 18. mars 2010	
<i>Umferðarlagabrot. Réttur til að fella ekki á sig sök. Réttur til að teljast saklaus uns sekt er sönnuð að lögum. Réttlát málsmeðferð</i>	33

Cudak gegn Litháen. Dómur frá 23. mars 2010 <i>Friðhelgi ríkja fyrir málsókn. Réttur til að fá úrlausn dómstóla um réttindi</i>	35
Antoine Versini gegn Frakklandi. Dómur frá 11. maí 2010 <i>Skattamál. Jafnræði aðila að refsímáli. Réttur til að færa fram varnir</i>	39
Kennedy gegn Bretlandi. Dómur frá 18. maí 2010 <i>Leynilegt eftirlit með fjarskiptum. Varsla og eyðing gagna. Opinber málsmeðferð</i>	39
Gäfgen gegn Þýskalandi (sjá reifun undir 3. gr.)	
Hakimi gegn Belgíu. Dómur frá 29. júní 2010 <i>Áfrýjun refsidóms. Áfrýjunarfrestur. Leiðbeiningar um áfrýjun</i>	39
7. gr. Engin refsing án laga	41
Flinkkilä ofl. gegn Finnlandi (sjá reifun undir 10. gr.)	
8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu	42
Gillan og Quinton gegn Bretlandi. Dómur frá 12. janúar 2010 <i>Lagaheimildir til leitar. Afmörkun heimilda til takmarkana á mannréttindum. Varnir gegn hryðjuverkum</i>	42
A.W. Khan gegn Bretlandi. Dómur frá 12. janúar 2010 <i>Útlendingar. Brottvisun</i>	44
Kozak gegn Póllandi (sjá reifun undir 14. gr.)	
A.D. og O.D. gegn Bretlandi. Dómur frá 16. mars 2010 <i>Börn. Aðgerðir barnaverndaryfirvalda. Ákvörðun um föstur</i>	47
M.A.K. og R.K. gegn Bretlandi. Dómur frá 13. mars 2010 <i>Börn. Aðgerðir barnaverndaryfirvalda. Læknisrannsókn án samþykkis</i> 50	
Hand o.fl. gegn Austurríki (sjá reifun undir 14. gr.)	
Macready gegn Tékklandi. Dómur frá 22. apríl 2010 <i>Brottnám barns. Haag-samningur. Umgengnisréttur</i>	52
Moretti og Benedetti gegn Ítalíu. Dómur frá 27. apríl 2010 <i>Hugtakið fjölskyldulíf. Ættleiðing. Málsmeðferð</i>	54
Kennedy gegn Bretlandi. Dómur frá 18. maí 2010 <i>Leynilegt eftirlit með fjarskiptum. Varsla og eyðing gagna. Opinber málsmeðferð</i>	56
Dolhamre gegn Svíþjóð. Dómur frá 8. júní 2010 <i>Börn. Aðgerðir barnaverndaryfirvalda. Ákvörðun um föstur. Aðgangur að gögnum</i>	58
Mawaka gegn Hollandi (sjá reifun undir 3. gr.)	
Schwizgebel gegn Sviss (sjá reifun undir 14. gr.)	
Schalk og Kopf gegn Austurríki (sjá reifun undir 12. gr.)	

9. gr. Hugsana-, samvisku- og trúfrelsi	63
Grzelak gegn Póllandi (sjá reifun undir 14. gr.)	
10. gr. Tjáningarfrelsi	64
Alfantakis gegn Grikklandi. Dómur frá 11. febrúar 2010	
<i>Ærumeiðingar. Opinberir starfsmenn. Ummæli lögmanns um saksóknara</i>	<i>64</i>
Taffin et Contribuables Associés gegn Frakklandi. Dómur frá 18. febrúar 2010	
<i>Ærumeiðingar. Opinberir starfsmenn</i>	<i>65</i>
Flinkkilä o.fl. gegn Finnlandi. Dómur frá 6. apríl 2010	
<i>Einkalífsvæðing. Opinber persóna. Fjölmíðlar. Skýrleiki refsheimilda..</i>	<i>67</i>
Ruokanen o.fl. gegn Finnlandi. Dómur frá 6. apríl 2010	
<i>Einkalífsvæðing. Ærumeiðingar. Fjölmíðlar</i>	<i>69</i>
Brunet Lecomte og Lyon Mag gegn Frakklandi. Dómur frá 6. maí 2010	
<i>Ærumeiðingar. Fjölmíðlar</i>	<i>71</i>
Gutiérrez Suárez gegn Spáni. Dómur frá 1. júní 2010	
<i>Ærumeiðingar. Fjölmíðlar</i>	<i>72</i>
11. gr. Funda- og félagafrælsi	75
Vörður Ólafsson gegn Íslandi. Dómur frá 27. apríl 2010	
<i>Réttur til að standa utan félaga. Greiðslur til félagasamtaka. Skattlagning.</i>	<i>75</i>
12. gr. Réttur til að stofna til hjúskapar	105
Frasik gegn Póllandi og Jarenowicz gegn Póllandi. Dómur frá 5. janúar 2010	
<i>Fangar. Réttur til að stofna til hjúskapar meðan afpláunin refsisdóms stendur</i>	<i>105</i>
Schalk og Kopf gegn Austurríki. Dómur frá 24. júní 2010	
<i>Samkynhneigðir. Mismunandi réttaráhrif staðfestar samvistar og hjúskapar</i>	<i>106</i>
13. gr. Réttur til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns.....	109
Al-Saadoon og Mufdhi gegn Bretlandi (sjá reifun undir 3. gr.)	
A.D. og O.D. gegn Bretlandi (sjá reifun undir 8. gr.)	
M.A.K. og R.K. gegn Bretlandi (sjá reifun undir 8. gr.)	
Kennedy gegn Bretlandi (sjá reifun undir 8. gr.)	
14. gr. Bann við mismunun	110
Kozak gegn Póllandi. Dómur frá 2. mars 2010	
<i>Leigusamningar um íbúðarhúsnæði. Mismunun á grundvelli kynhneigðar</i>	<i>110</i>
Hand o.fl. gegn Austurríki. Dómur frá 1. apríl 2010	
<i>Friðhelgi fjölskyldulífs. Bann við notkun á gjafakynfrumum við tæknifrjóvgun</i>	<i>111</i>

Vörður Ólafsson gegn Ísland (sjá reifun undir 11. gr.)	
Grzelak gegn Póllandi. Dómur frá 15. júní 2010	
<i>Börn. Trúarbragðafraeðsla í grunnskólum.</i>	114
Schwizgebel gegn Sviss. Dómur frá 10. júní 2010	
<i>Börn. Heimild til ættleiðingar. Áhrif aldurs.</i>	118
Schalk og Kopf gegn Austurríki (sjá reifun undir 12. gr.)	
34. gr. Kærur einstaklinga	121
Al-Saadoon og Mufdhi gegn Bretlandi (sjá reifun undir 3. gr.)	
1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar	122
Aizpurua Ortiz o.fl. gegn Spáni. Dómur frá 2. febrúar 2010	
<i>Hugtakið eign. Lífeyrisgreiðslur. Lögmætar væntingar.</i>	122
Sud Parisienne de Construction gegn Frakklandi. Dómur frá 11. febrúar 2010	
<i>Réttindi samkvæmt samningi. Afturvirk lagasetning.</i>	124
Vörður Ólafsson gegn Íslandi (sjá reifun undir 11. gr.)	
2. gr. 1. viðauka. Réttur til menntunar	126
Grzelak gegn Póllandi (sjá reifun undir 14. gr.)	
3. gr. 1. viðauka. Réttur til frjálsra kosninga	127
Frodl gegn Austurríki. Dómur frá 8. apríl 2010	
<i>Refsing. Svipting kosningaréttar.</i>	127

2. gr. Réttur til lífs

Rantsev gegn Kýpur og Rússlandi

Dómur frá 7. janúar 2010

Mál nr. 25965/04

Sjá reifun dómsins undir 4. gr.

Mansal. Frelsisvipting. Rannsókn vegna dauðsfalls. Jákvæðar skyldur.

Eugenia Lazar gegn Rúmeníu

Dómur frá 16. febrúar 2010

Mál nr. 32146/05

2. gr. Réttur til lífs

Rannsókn á orsök dauðsfalls. Úrræði vegna meintra læknamistaka.

1. Málsatvik

Kærandi, Eugenia Lazar, er rúmenskur ríkisborgari, fædd árið 1951 og búsett í Doba í Rúmeníu. Aðfaranótt 11. júlí árið 2000 fór hún með son sinn, Adrian, 22 ára, á spítalann í Devasýslu þar sem hann átti í miklum öndunar-erfiðleikum. Hann var fluttur á bráðamóttöku kl. 2:30 um nóttina, en hafði áður verið innritaður á háls-, nef- og eyrnadeild þar sem læknirinn C hafði gefið honum hýdrókortísón. Um klukkan 2:45 kallaði C á lækinn M sem ákvað að framkvæma barkaskurð til að opna öndunarveginn. Um kl. 3:15 framkvæmdu læknarnir aðgerð á Adrian sem var í öndunarstoppi. Endurlífgun tókst ekki og hann var úrskurðaður látinn um kl. 5.

Þrjá skýrslur voru gerðar um dánarorsök Adrian. Þann 6. nóvember árið 2000 sendi réttarrannsóknardeildin í Deva, að beiðni lögreglunnar, frá sér nákvæma krufningarskýrslu. Í henni kom fram að barkaskurðurinn hefði verið framkvæmdur of seint þar sem Adrian hefði verið innritaður á ranga deild, þ.e. háls-, nef- og eyrnadeildina. Eftirlitsnefnd Timisorara í réttarrannsóknnum staðfesti þessa niðurstöðu en lagði áherslu á að ekki væri hægt að gera lækna ábyrga fyrir mistökum spítalans. Þriðja skýrslan var gerð af æðsta stjórnvaldinu á þessu sviði, réttarrannsóknarnefnd Mína Minovici stofnunarinnar í Búkarest en hún var gerð að beiðni saksóknara. Hún kom út 15. október árið 2001 og fól í sér álit á niðurstöðum fyrirnefndu skýrslunnar. Að mati nefndarinnar hefðu læknarnir viðhaft hefðbundin vinnubrögð og ekki væri að sjá að um læknamistök væri að ræða.

Kærandi reyndi að krefjast agaviðurlaga yfir C en áminning sem honum var veitt var dregin til baka þar sem kvörtun kæranda hafði verið beint að röngu stjórnvaldi. Refsimál gegn læknum var höfðað en 5. nóvember árið 2001 dró saksóknari á fyrsta dómstigi málið til baka. Sú ákvörðun var felld úr gildi eftir kæru. Með vísan í þriðju skýrsluna komst saksóknari að þeirri niðurstöðu að ófullnægjandi sannanir væru fyrir því að læknarnir hefðu gerst

2. gr. Réttur til lífs

sekir um refsivert athæfi og að allar mögulegar skýrslur rannsóknaraðila um orsakir andlátsins hefðu þegar komið fram.

Í tvö skipti, á grundvelli tveggja áfrýjana kæranda, var óskað eftir nýjum skýrslum frá stofnunum þremur. Þær höfnuðu gerð slíkra skýrslna með vísan í ákvæði réttarrannsóknalöggjafarinnar þar sem Mína Minovici stofnunin hefði, sem æðsta stjórnvald á þessu sviði, gefið út skýrslu.

Í október árið 2004 var fallist á áfrýjun kæranda og dómstóll á fyrsta dómstigi fór fram á að saksóknari gæfi út ákæru á hendur C fyrir manndráp. Að mati dómstólsins var það óásættanlegt að málið hefði tekið fimm ár og að lítið hefði verið fram hjá beiðnum um ítarlegri rannsókn. Að mati hans hefði það leitt til þess að grafið hefði verið undan þeim sönnunargögnum sem þegar voru til staðar. Honum fannst það einnig óhugsandi að Mína Minovici stofnunin hefði getað hafnað því að gera nýja skýrslu með vísan í tiltekin lagaákvæði og þar með koma sér undan því að gera það sem henni væri skylt að gera. Þrátt fyrir að skýrsla réttarrannsóknardeildarinnar í Deva hefði verið faglega unnin þá hefði skýrsla Mína Minovici stofnunarinnar verið ítarlegri. Hún hefði m.a. lýst öllum siðareglum og borið sakir af læknum án vísindalegra raka. Málinu var vísað til saksóknara með beiðni um ítarlegri rannsókn.

Í lokadómsniðurstöðu 8. febrúar árið 2005 komst dómstóll að þeirri niðurstöðu að andlát Adrian hefði átt rætur sínar að rekja til ófyrirsjáanlegra atvika sem komu til eftir aðgerðina. Vísaði hann einkum til skýrslu Mína Minovici stofnunarinnar en benti á að ekki hefði verið hægt að fá aðra skýrslu gerða. C var því ekki sakfelldur fyrir manndráp.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kvörtun kæranda var tvíþætt. Hún laut annars vegar að andláti sonar hennar sem mætti rekja til mistaka af hálfu deilda spítalans og hins vegar að því hvernig rannsókn málsins um meinta refsiverða háttsemi hefði verið háttað. Hún vísaði til 6. gr. sáttmálans en dómstóllinn, með vísan til staðreynda máls, ákvað að taka til skoðunar hvort brotið hefði verið í bága við 2. gr. um rétt til lífs.

Niðurstaða

Þrátt fyrir að það væri áhyggjuefni hvernig skipulagi mála væri háttað á rúmenskum sjúkrahúsum taldi dómstóllinn það ekki falla undir sitt valdsvið að kanna hverjar orsakir andláts sonar kæranda hefðu verið. Það væri fremur hans hlutverk að taka til skoðunar hvort þau innlendu úrræði sem hefðu getað varpað ljósi á málið, hefðu verið fullnægjandi. Dómstóllinn benti á að í 2. gr. sáttmálans fælist sú réttarfarslega krafa að í ríkjum væri til staðar virkt sjálfstætt dómskerfi. Með því væri tryggt að hægt væri að úrskurða um ástæður andláts og eftir atvikum gera ábyrgan þann sem ætti sök á því.

2. gr. Réttur til lífs

Dómstóllinn skipti málinu í tvennt miðað við þau úrræði sem til staðar voru, annars vegar úrræði kæranda á sviði refsímála og hins vegar önnur úrræði sem henni stóðu til boða. Hvað hin fyrri varðaði, benti dómstóllinn á að mikilvægt væri fyrir notendur heilbrigðisþjónustu að mál um meint læknamistök væru rannsökuð með hraði. Í tilviki kæranda hefði málið tekið fjögur ár og fimm mánuði á tveimur dómstigum og þar af fjögur ár í rannsóknarferli hjá saksóknara. Að mati dómstólsins teldist þetta ekki afgreiðsla með hraði.

Það var mat dómstólsins að stjórnvöld hefðu í raun aldrei tekið til skoðunar hvort köfnun Adrians hefði átt sér stað við barkaskurðinn eða vegna tafa á að framkvæma aðgerð. Niðurstaða innlendra dómstóla byggðist á skilyrtum sönnunargögnum sem hvorki var hægt að skipta út fyrir ný né önnur gögn sem hefðu sama vægi. Þetta væri í andstöðu við 2. gr. sáttmálans sem gerði þá kröfu til stjórnvalda að tryggja að endanlegar skýrslur yrðu gerðar og hlutlæg greining á vísindalegum niðurstöðum.

Dómstóllinn var sammála dómstólum á fyrsta dómstigi um að skýrsla Mina Minovici stofnunarinnar hefði verið haldin annmörkum. Hann benti á að rökin sem þar voru sett fram voru sérstaklega mikilvæg þar sem lagaákvæði kæmu í veg fyrir að lægra sett stjórnvöld gætu gert nýjar skýrslur í kjölfar hennar. Til að tryggja áreiðanleika og gagnsemi þeirra þá væri mikilvægt að reglur um réttarrannsóknarskýrslur gerðu sérfræðingum skylt að rökstyðja niðurstöður sínar sem og gerði þeim að vinna með dómstólum í þeim tilvikum sem rannsókn mála krefðist.

Hvað varðaði önnur úrræði vísaði Rúmenía til þess að kæranda hefðu staðið önnur úrræði til boða. Í þeim efnum benti dómstóllinn á þær verulegu formkröfur sem stjórnvöld hefðu gert í agamálinu. Að auki hefði kæra til sameiginlegu eftirlitsnefndanna, sem væru skipaðar læknum og opinberum starfsmönnum sem tilnefndir væru af dómsmálaráðuneytinu og væru að auki ekki sjálfstæð og óvilhöll úrskurðarstjórnvöld, ekki getað verið árangursríkt úrræði þar sem þessir aðilar hefðu samkvæmt lögum ekki heimildir til að gera nýjar skýrslur í kjölfar álits frá æðsta stjórnvaldi á sviði réttarrannsókna. Að lokum hefði verið mjög óvíst hvort skaðabótamál hefði virkað í reynd þar sem niðurstaða um læknamistök lá ekki fyrir.

Dómstóllinn taldi það jákvætt að Rúmenía hefði gripið til aðgerða til að bæta virkni skaðabótaúrræða vegna andláta sem rekja mætti til læknamistaka en það hefði hins vegar gerst eftir málið sem hér væri til skoðunar.

Með vísan til framangreinds og að teknu tilliti til þess að innlendir dómstólar hefðu ekki getað komist að upplýstri niðurstöðu að undangenginni fullnægjandi rannsókn, var það einróma niðurstaða dómstólsins að brotið hefði verið í bága við 2. gr. sáttmálans.

Með vísan til 41. gr. voru kæranda dæmdar 20.000 evrur í skaðabætur og 296 evrur í málskostnað.

3. gr. Bann við pyndingum

Al-Saadoon og Mufdhi gegn Bretlandi

Dómur frá 2. mars 2010

Mál nr. 61498/08

3. gr. Bann við pyndingum

13. gr. Réttur til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns

34. gr. Kærur einstaklinga

Yfirráðasvæði. Dauðarefsing. Beiðni um frestun á framkvæmd ákvörðunar.

1. Málsatvik

Kærendur, Faisal Attiyah Nassar Khalaf Hussain Al-Saadoon og Khalef Hussain Mufdhi, eru íraskir ríkisborgarar, fæddir 1952 og 1950. Þeir eru súnní-múslimar og frá suðurhluta Írak. Þeir voru áður hátt settir í íraska Bath-flokknum. Þeir eru í haldi í Rusafa-fangelsinu nærri Bagdad.

Í kjölfar innrásar fjölþjóðlegs herliðs í Írak í mars árið 2003 voru kærendur handteknir af breskum hermönnum vegna gruns um að hafa skipulagt árásir á innrásarliðið. Þeir voru settir í varðhald í fangelsi undir umsjón breska herliðsins. Í október árið 2004 taldi bresk herlöggregla sannað að kærendur hefðu tekið þátt í árás á tvo breska hermenn í mars 2003. Í ágúst árið 2004 samþykkti íraska þingið að innleiða dauðarefsingu á ný í írösk hegningarlög. Var slík refsing lögð við tilteknum ofbeldisbrotum, þar á meðal manndrápi og stríðsglæpum.

Í desember árið 2005 ákváðu bresk yfirvöld að vísa máli kærenda til íraskra dómstóla. Í maí árið 2006 komu kærendur fyrir dómstól í borginni Basra vegna ákæru fyrir manndráp og stríðsglæpi. Dómstóllinn fyrirskipaði að varðhald þeirra hjá breska hernum skyldi framlengt. Síðar komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að ákærur á hendur kærendum heyrðu undir íraskan sérdómstól sem komið hafði verið á fót vegna mála Íraka sem voru sakaðir um þjóðarmorð, glæpi gegn mannúð eða stríðsglæpi sem framdir höfðu verið á tímabilinu frá 17. júlí 1968 til 1. maí 2003. Sárdómstóllinn óskaði formlega eftir því í desember 2007 að breska herliðið afhenti kærendur í hendur íraskra yfirvalda.

Í júní árið 2008 leituðu kærendur til enskra dómstóla vegna ákvörðunar breskra yfirvalda um að fallast á ósk íraska dómstólsins. Enskur undirrétturn komst að þeirri niðurstöðu að framsalið hefði verið lögmætt. Viðurkennt var að þar sem kærendur hefðu verið í haldi breskra yfirvalda hefðu þeir heyrt undir breskt yfirráðasvæði í skilningi 1. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu. Engu að síður hefði sú skylda hvílt á breskum yfirvöldum á grundvelli alþjóðalaga að framselja kærendur nema fyrir lægju skýr gögn sem bentu til þess að írösk yfirvöld myndu láta þá sæta meðferð sem væri svo slæm að hún teldist til mann-úðarglæpa. Dómstóllinn taldi að ekki væri ástæða til að ætla að raunveruleg hætta væri á að réttarhöld yfir kærendum í Írak yrðu bersýnilega ósanngjörn

3. gr. Bann við pyndingum

eða að þeir ættu á hættu að verða fyrir pyndingum. Aftur á móti væri raunveruleg hættu á að þeir yrðu dæmdir til dauða. Slíkt ætti ekki að koma í veg fyrir framsal enda væru dauðarefsingar sem slíkar ekki bannaðar samkvæmt alþjóðalögum.

Áfrýjunardómstóll hafnaði beiðni kæranda þrátt fyrir að viðurkennt væri að raunveruleg hættu væri á að dauðarefsingu yrði beitt í máli þeirra. Mál kæranda félli ekki undir breska lögsögu þar sem þeim væri haldið á írösksku landsvæði að fyrirskipan íraskra dómstóla. Lögsaga Mannréttindadómstólsins ætti þar af leiðandi ekki við og Bretland yrði að virða fullveldi Íraks og færa kærendur í hendur íraskra yfirvalda.

Kærendur kærðu niðurstöðuna til Mannréttindadómstólsins og óskuðu eftir bráðabirgðaákvörðun dómstólsins á grundvelli 39. gr. reglna hans. Dómstóllinn sendi með vísan til þess tilmæli til breskra stjórnvalda um að afhenda ekki kærendur til íraskra yfirvalda að svo stöddu. Bresk yfirvöld tilkynntu dómstólnum daginn eftir að þar sem umboð breskra herliðsins frá Sameinuðu þjóðunum til að handtaka og fangelsa einstaklinga í Írak væri við það að renna út þá gætu þau ekki orðið við beiðni dómstólsins. Í kjölfarið var kærendum neitað um að áfrýja niðurstöðu áfrýjunardómstóls til bresku lávarðadeildarinnar.

Réttarhöld yfir kærendum fyrir íröskum dómstól hófust í maí 2009. Þeim lauk í september 2009 þar sem ákærur í málinu voru felldar niður og kærendum sleppt úr varðhaldi. Saksóknari áfrýjaði málinu til áfrýjunardómstóls í Írak og voru þeir í kjölfarið úrskurðaðir aftur í gæsluvarðhald.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærendur kærðu þá ákvörðun breskra yfirvalda að hafa sent þá í hendur íraskra yfirvalda. Þeir byggðu kæru sína á 2. gr., 3. gr., 6. gr. og 1. gr. 13. viðauka sáttmálans. Þeir kærðu einnig að þeir hefðu verið sendir til íraskra yfirvalda þrátt fyrir að dómstóllinn hefði sent tilmæli á grundvelli 39. gr. reglna dómstólsins um að fresta framkvæmd ákvörðunarinnar. Með því hefði verið brotið gegn rétti þeirra til raunhæfs úrræðis samkvæmt 13. gr. og kærurétti samkvæmt 34. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Um lögsögu dómstólsins: Dómstóllinn taldi að mál kæranda væru tæk til efnismeðferðar þar sem bresk yfirvöld hefðu ein haft full yfirráð yfir þeirri aðstöðu þar sem kærendur voru í varðhaldi. Dómstóllinn taldi að kærendur hefðu verið í breskri lögsögu allt þar til þeir voru færðir í hendur íraskra yfirvalda í lok ársins 2008.

Um 3. gr.: Dómstóllinn fjallaði ítarlega um þá aðstöðu að kærendur áttu á hættu að íraskir dómstólar myndu dæma þá til dauða. Dómstóllinn lagði áherslu á að þegar við gerð Mannréttinasáttmálans hefði ekki verið talið að

3. gr. Bann við pyndingum

dauðarefsingar brytu í bága við alþjóðleg viðmið. Síðan hefði mikil breyting orðið á viðhorfum innan ríkja Evrópuráðsins hvað þetta varðaði. Tveir viðaukar sáttmálans hefðu tekið gildi sem fjölluðu um dauðarefsingar og Bretland væri aðili að þeim báðum. Annars vegar 6. viðaukinn sem fjallaði um bann við dauðarefsingum nema á stríðstímum og hins vegar 13. viðaukinn sem fjallaði um algert bann við dauðarefsingum. Viðaukarnir báru vott um að inntak 2. gr. sáttmálans hefði raun breyst á þann veg að dauðarefsingar væru nú bannaðar við allar aðstæður. Dómstóllinn komst því að þeirri niðurstöðu að orðalag 2. gr. kæmi ekki í veg fyrir að talið yrði að dauðarefsing bryti í bága við 3. gr. sáttmálans enda leiddu þær til líkamlegs sársauka og yllu andlegum þjáningum í aðdraganda þess að þær væru framkvæmdar.

Dómstóllinn tók undir það mat breska áfrýjunardómstólsins að töluverðar líkur hefðu verið á að kærendur yrðu dæmdir til dauða og teknir af lífi af íröskum yfirvöldum. Írösk yfirvöld höfðu ekki gefið bindandi loforð um að þau myndu ekki taka kærendur af lífi. Enn fremur væri ómögulegt að spá fyrir um niðurstöðu nýrrar rannsóknar sem íraskir dómstólar hefðu fyrirskipað. Kærendur væru af þessum sökum enn í talsverðri hættu á að vera dæmdir til dauða. Þeir hefðu raunar verið í slíkri hættu allt frá því að bresk yfirvöld hefðu vísað máli kærenda til dómstóls í Basra. Hættan og andlegt álag sem henni fylgdi hefðu síðan aukist eftir að kærendur voru færðir í hendur íraskra yfirvalda.

Bresk stjórnvöld héldu því fram að þau hefðu ekki átt annarra kosta völ en að virða fullveldi íraskra stjórnvalda og færa kærendur í þeirra hendur. Kærendur væru íraskir ríkisborgarar sem hefði verið haldið á íröskku landsvæði og dómstólar í landinu hefðu fyrirskipað að kærendur skyldu afhentir íröskum stjórnvöldum. Mannréttindadómstóllinn var ekki sannfærður um að bresk stjórnvöld hefðu þurft að brjóta gegn fullveldisrétti íraskra stjórnvalda til að vernda réttindi kærenda. Í þessu sambandi benti dómstóllinn á að ekki hefði verið reynt að semja við írösk yfirvöld um að kærendum yrði refsað með öðrum hætti en með dauðarefsingu yrðu þeir sakfelldir. Enn fremur þótti ljóst að íraskir saksóknarar voru í vafa um hvort þeir ættu sjálfir að sækja mál af þessum toga. Bresk stjórnvöld hefðu átt að nota tækifærið til að bjóðast til að rétta yfir kærendum fyrir breskum dómstól í Írak eða í Bretlandi.

Með vísan til þessa taldi dómstóllinn að brotið hefði verið gegn 3. gr. sáttmálans þar sem kærendur hefðu verið látnir sæta ómannlegri og vanvirðandi meðferð.

Um 6. gr. Dómstóllinn féllst á það mat breskra dómstóla að ekki hefði verið sýnt fram á að kærendur hefðu átt á hættu að fá bersýnilega rangláta meðferð fyrir íröskum dómstólum. Ekkert benti til þess að málsmeðferð í máli kærenda hefði verið óréttlát. Af þessum sökum var ekki um að ræða brot á 6. gr. sáttmálans.

Um 13. og 34. gr. sáttmálans: Dómstóllinn taldi að bresk yfirvöld hefðu ekki sýnt fram á að þau hefðu gripið til allra þeirra ráðstafana sem sanngjarnt

3. gr. Bann við pyndingum

væri að krefjast af þeim til að fylgja tilmælum dómstólsins á grundvelli 39. gr. reglna dómstólsins. Þau hefðu t.d. ekki reynt að útskýra stöðu mála fyrir íröskum stjórnvöldum eða komast að tímabundnu samkomulagi við þau svo hægt væri að fylgja tilmælunum. Bresk stjórnvöld hefðu því stofnað kærendum í mikla hættu og komið í veg fyrir að möguleg áfrýjunarúrræði gætu nýst þeim. Af þessum sökum taldi dómstóllinn að brotið hefði verið gegn 13. og 34. gr. sáttmálans.

Kærendum voru dæmdar 40 þúsund evrur í málskostnað. Einn dómari skilaði séráliti þar sem fallist var á niðurstöðu dómsins að hluta.

R.C. gegn Svíþjóð

Dómur frá 9. mars 2010

Mál nr. 61498/08

3. gr. Bann við pyndingum

Útlendingar. Brottvísun. Beiðni um frestun á framkvæmd ákvörðunar.

1. Málsatvik

Kærandi, R.C., er íranskur ríkisborgari fæddur 1965. Hann kom til Svíþjóðar í október árið 2003 og óskaði eftir hæli í landinu. Hann lýsti þeim ástæðum hælisbeiðninnar að hann hefði tekið þátt í mótmælum í Íran í júlí árið 2001 þar sem írönsk stjórnvöld voru gagnrýnd. Hann hefði verið handtekinn og setið í varðhaldi í tvö ár þar sem hann hefði verið pyndaður. Honum hefði tekist að sleppa úr haldi og flýja land. Hann hefði ekki verið leiddur formlega fyrir dómara meðan á varðhaldinu stóð, en reglulega hefðu farið fram nokkurs konar trúarleg réttarhöld þar sem klerkur hefði ákveðið að honum yrði ekki sleppt úr fangelsinu.

Kærandi stóð við frásögn sína á meðan rannsókn sænskra stjórnvalda fór fram og lét þeim í té frekari upplýsingar um veru sína í íranska fangelsinu. Hann lýsti nánar hvernig honum hafði tekist að sleppa úr haldi og að fjölskylda hans hefði verið yfirheyrð. Hann tók fram að hann hefði aldrei tekið þátt í starfsemi stjórnmalaflokka og að hann hefði aldrei verið ákærður fyrir glæp. Hann taldi fullljóst að hann yrði tekinn af lífi ef hann sneri heim á ný. Auk þess hélt kærandi því fram að hann þjáðist af höfuðverkjum, svefnleysi, þunglyndi og fengi reglulega kvíðaköst vegna þeirra pyndinga sem hann sætti í varðhaldinu. Hann lét sænskum stjórnvöldum í té læknisvottorð frá febrúar árið 2005 þar sem læknir komst að þeirri niðurstöðu að þeir áverkar sem væru á líkama kæranda gætu verið til komnir vegna pyndinga.

Sænsk stjórnvöld drógu frásögn kæranda í efa. Þau vísuðu til þess að kærandi hafði sagt að hann hefði komist undan meðan trúarleg réttarhöld yfir honum og fleiri einstaklingum stóðu yfir með því að dyljast í hópi almennra borgara sem voru viðstaddir réttarhöldin. Sænsk yfirvöld töldu sig hafa upplýsingar um að réttarhöld íranska byltingarvarðarins, eins og þau sem kærandi hélt fram að hann hefði þurft að þola, væru almennt ekki opin almenningi.

3. gr. Bann við pyndingum

Þau töldu jafnframt að kærandi hefði ekki sýnt fram á neitt til að styðja þá frásögn sína og að engar sannanir lægju fyrir um að hann myndi sæta pyndingum eða annarri ómannúðlegri meðferð ef hann yrði sendur aftur til Írans. Hælisúmsókn hans var því hafnað.

Eftir að kærandi lagði fram beiðni þess efnis beindi Mannréttindadómstóllinn tilmælum til sænskra yfirvalda á grundvelli 39. gr. reglna dómstólsins að fresta framkvæmd brottvísunar kæranda þar til dómstóllinn hefði tekið mál hans til skoðunar. Í nóvember 2007 ákváðu sænsk innflytjendayfirvöld að brottvísun kæranda yrði frestað um sinn.

Í máli kæranda komu fram upplýsingar frá ýmsum félagasamtökum sem fjallað hafa um stöðu mála í Íran sem benda til að írönsk stjórnvöld virði síður mannréttindi eftir kosningarnar sem haldnar voru í landinu árið 2009 en áður. Bent hefur verið á að lögregla beiti meira harðræði, handtökur séu framkvæmdar handahófskennt, handteknir fái slæma meðferð og pyndingum beitt til að fá sakborninga til að játa á sig sakir. Ráðgjafarþing Evrópuráðsins samþykkti árið 2009 ályktun þar sem írönsk stjórnvöld voru hvött til að beita ekki ofbeldi gegn friðsömum mótmælendum. Einnig var þess óskað að ríki vísuðu ekki írönskum borgurum aftur til Íran.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi byggði kvörtun sína á 3. gr. sáttmálans. Hann hélt því fram að yrði honum vísað til Íran væri raunveruleg hættu á að hann yrði handtekinn á ný og hann látinn sæta vanvirðandi meðferð eða pyndaður.

Niðurstaða

Dómstóllinn taldi að frásögn kæranda af frelsissviptingu og flótta hans úr írönsku fangelsi hefði verið staðföst í gegnum alla málsmeðferð sænskra stjórnvalda. Þótt sum atriði í lýsingu á flótta hans úr varðhaldi væru óljós hefði það ekki grafið undan trúverðugleika frásagnar hans.

Dómstóllinn leit til niðurstöðu í læknisvottorði að líkamlegir áverkar á kæranda gætu verið til komnir vegna pyndinga. Ef stjórnvöld hefðu efast um þetta mat læknisins hefðu þau sjálf getað látið framkvæma sérfræðilegt mat á áverkunum. Dómstóllinn tók enn fremur fram að fyrir lægi að hver sá sem léti í ljós andstöðu við stefnu stjórnvalda í Íran ætti á hættu á að vera handtekinn og pyndaður.

Í ljósi alls ofangreinds taldi dómstóllinn að kæranda hefði tekist að sýna fram á að hann hefði verið sviptur frelsi sínu í Íran og pyndaður af yfirvöldum í kjölfar mótmælanna í júlí árið 2001. Upplýsingar frá óháðum alþjóðlegum aðilum sýndu að Íranir sem sneru á ný til heimalands síns og gætu ekki sýnt fram á að þeir hefðu yfirgefið landið löglega ættu sérstaklega á hættu að stjórnvöld veittu þeim eftirtekt. Kærandi hafði haldið því fram að hann hefði yfirgefið landið ólöglega og sænska ríkið dró þá staðhæfingu ekki í efa. Dómstóllinn

3. gr. Bann við pyndingum

taldi því líklegt að kærandi yrði handtekinn ef hann yrði sendur til Íran. Ætla mætti að þar myndi hann sæta slæmri meðferð.

Í ljósi þessa komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að það myndi brjóta í bága við 3. gr. sáttmálans ef kærandi yrði sendur frá Svíþjóð til Írans.

Kæranda voru dæmdar 3.177 evrur í málskostnað. Einn dómari skilaði séráliti.

Slyusarev gegn Rússlandi

Dómur frá 20. apríl 2010

Mál nr. 60333/00

3. gr. Bann við pyndingum

Meðferð varðhaldsfanga. Vanvirðandi meðferð.

1. Málsatvik

Kærandi, Vladimir Slyusarev, er rússneskur ríkisborgari, fæddur 1970 og búsettur í Moskvu. Hann er nærsýnn. Í byrjun júlí 1998 var hann handtekinn vegna gruns um að hafa framið vopnað rán. Við handtökuna skemmdust gleraugun hans og voru þau tekin af honum. Hann var úrskurðaður í gæsluvarðhald. Hann játaði brotið og ákæra var gefin út á hendur honum. Þann 15. janúar 1999 var hann sakfelldur og dæmdur til níu ára fangelsisvistar.

Að því er kærandi hélt fram lögðu bæði hann og kona hans fram fimm kvartanir til ákærvaldsins á meðan hann sat í varðhaldi. Lutu þær allar að versnandi sjón hans og bón þeirra um að gleraugum hans yrði skilað. Rússneska ríkið hélt því hins vegar fram að kærandi hefði kvartað aðeins einu sinni. Það hafi verið í desember árið 1998 og laut sú kvörtun að því að gleraugu hans hefur verið tekin.

Á grundvelli tilmæla ákærvaldsins hinn 9. september 1998 skoðaði sjón-
tækjafræðingur kæranda. Það var mat hans að sjón kæranda hefði hrakað og hann gaf út tilvísun á ný gleraugu. Í janúar 1999 fékk kærandi ný gleraugu. Í millitíðinni, eða þann 2. desember 1998, hafði eldri gleraugum hans verið skilað til hans í kjölfar formlegrar beiðni lögmanns hans.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi byggði á því að með því að taka af honum gleraugun og skila þeim ekki aftur fyrr en fimm mánuðum síðar á meðan hann sat enn í varðhaldi, hefði hann þurft að þola ómannúðlega og vanvirðandi meðferð sem bryti í bága við 3. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Dómstóllinn benti á að svipting gleraugnanna hefði í raun verið ólögmæt þar sem hún hefði ekki byggst á neinu tilteknu lagaákvæði. Hins vegar væri á það að líta að vanvirðandi meðferð þurfi að ná ákveðnu stigi svo telja megí að

3. gr. Bann við pyndingum

hún falli undir gildissvið 3. gr. sáttmálans. Dómstóllinn vísaði til fyrri dóma þar sem komist hafði verið að þeirri niðurstöðu að það að fjarlægja gleraugu af föngum í nokkra daga á meðan þeir sitji í varðhaldi jafnist ekki á við vanvirðandi meðferð í skilningi ákvæðisins. Hið sama ætti við í máli kæranda ef stjórnvöld hefðu skilað honum gleraugunum fljótlega eftir að þau voru tekin af honum.

Það var mat dómstólsins að það hlyti að hafa valdið kæranda óþægindum að hafa ekki gleraugu en hann gæti hvorki lesið né skrifað eðlilega án þeirra. Það hefði bakað honum þjáningu daglega auk þess sem það leiddi eflaust til þess að hann upplifði öryggisleysi og að hann væri ósjálfbjarga.

Þrátt fyrir yfirlýsingar rússneska ríkisins um annað gat ekki staðist að ákærvaldið hefði enga vitneskju um vandamál kæranda fyrir 2. desember 1998. Til að mynda hafi verið óskað eftir sjóntækjafræðingi þegar í september sama ár að kröfu lögmanns kæranda. Þrátt fyrir að mál kæranda hefði verið skoðað í september hefði það tekið stjórnvöld um fimm mánuði að útvega ný gleraugu. Í millitíðinni hefði verið hægt að afhenda kæranda gömlu gleraugun hans sem þó hafi verið löskuð en hefðu eigi að síður getað linað þjáningar hans. Rússland gaf engar skýringar á þessu né heldur af hverju kærandi fékk ekki skoðun sérfræðings fyrr en eftir tvo og hálfan mánuð í varðhaldi.

Dómstóllinn vísaði til þess að í fyrri dómum hefði hann bent á að tiltekna lögmætar meðferðir eða refsingar, t.a.m. frelsissvipting, geti falið í sér þjáningu eða vanvirðandi meðferð fyrir þann sem henni sætir. Aðildarríki sáttmálans þurfi hins vegar að tryggja að einstaklingi sé haldið í aðstæðum sem samræmist mannlegri reisn og að gætt sé með fullnægjandi hætti að heilsu og að velferð hans sé í samræmi við það sem er raunhæft og framkvæmanlegt hverju sinni.

Dómstóllinn benti á að það að fjarlægja gleraugu kæranda hefði engan tilgang tengdan varðhaldinu en að auki hafi verið um ólögmæta ráðstöfun að ræða. Með hliðsjón af þeirri þjáningu sem kærandi varð fyrir, sem rekja mætti til stjórnvalda, og þess langa tíma sem hún stóð, var það mat dómstólsins að kærandi hefði verið látinn sæta vanvirðandi meðferð.

Það var því einróma niðurstaða hans að brotið hefði verið í bága við 3. gr. sáttmálans.

Gäfgen gegn Þýskalandi – Yfirdeild

Dómur frá 1. júní 2010

Mál nr. 22978/05

3. gr. Bann við pyndingum

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

Yfirheyrsluaðferðir. Ómannúðleg meðferð. Notkun ólöglega fenginna sönnunargagna.

1. Málsatvik

Kærandi, Magnus Gäfgen, er þýskur ríkisborgari, fæddur árið 1975. Hann afplánar refsisdóm í fangelsi í bænum Schwalmstadt í Þýskalandi. Málið varðar meðferð sem hann setti í haldi lögreglu en kærandi hélt því fram að hann hefði verið þvingaður með ólögmætum hætti til að upplýsa hvar J, yngsti sonur áhrifamikils fólks í Frankfurt, væri niður kominn. Af þessum sökum hefði meðferð dómstóla á máli hans sem farið hefði fram í kjölfar meðferðar lögreglu ekki verið réttlát. Í júlí 2003 var kærandi dæmdur í lífstíðarfangelsi fyrir að hafa rænt og síðan myrt J. Talið var að brot kæranda hefði verið sérlega gróft en samkvæmt þýskum hegningarlögum er þá ólíklegt að sakborningi verði veitt reynslulausn eftir 15 ára afplánun eins og mögulegt er annars þegar sakborningur er dæmdur í lífstíðarfangelsi.

Kærandi, sem var laganemi, hafði kynnst drengnum J í gegnum systur J. Drengurinn var 11 ára þegar kærandi myrti hann en kærandi hafði lokkað J inn í íbúð sína og kæft hann þar. Kærandi sendi fjölskyldu J síðan kröfu um eina milljón evra í lausnargjald. Hann faldi lík J undir bryggju við tjörn í um klukkustundar fjarlægð frá Frankfurt. Þegar kærandi sótti lausnargjaldið þann 30. september 2002 á tiltekinn stað sem hann gaf fyrirmæli um veitti lögregla honum eftirför. Hann var handtekinn nokkrum klukkustundum síðar. Daginn eftir fékk einn þeirra lögreglumanna sem falið var að yfirheyra kæranda þær fyrirskipanir frá aðstoðarlögreglustjóra borgarinnar að hóta kæranda líkamsmeiðingum ef hann gæfi ekki upp hvar J væri að finna, en á þeim tíma var enn talið að J væri á lífi. Ef nauðsynlegt væri átti lögreglumaðurinn að beita kæranda ofbeldi til að þvinga hann til að veita umbeðnar upplýsingar. Undirmenn aðstoðarlögreglustjórans höfðu fram að því mótmælt því að slíkum aðferðum yrði beitt. Kærandi hélt því fram að hann hefði verið beittur ofbeldi og honum hefði verið hótad grófu kynferðislegu ofbeldi við yfirheyrsluna. Í kjölfarið vísaði kærandi lögreglunni á þann stað þar sem hann hafði komið líki J fyrir. Lögreglan safnaði frekari sönnunargögnum á vettvangi. Þau bentu til þess að kærandi væri sá sem kom líki J fyrir á þeim stað sem hann vísaði á.

Dómstóllinn í Frankfurt sem fjallaði um mál kæranda tók þá afstöðu strax í upphafi að ekki yrði byggt á játningu kæranda fyrir lögreglu enda hafði játningin verið þvinguð fram með ólögmætum hætti andstætt lögum um meðferð sakamála og 3. gr. Mannréttindasáttmálans. Engu að síður var talið heimilt að byggja á öðrum gögnum sem aflað hafði verið í kjölfar játningarinnar. Kærandi

3. gr. Bann við pyndingum

var sakfelldur fyrir mannrán og morð þann 28. júlí 2003 og dæmdur í lífstíðarfangelsi. Þótt kærandi hefði verið upplýstur um rétt sinn til að játa ekki á sig sök og að fyrri yfirlýsingar hans yrðu ekki lagðar til grundvallar sektardómi játaði kærandi á sig mannrán og morð fyrir dómi. Niðurstaða dómstólsins um sekt kæranda byggðist því á játningunni og öðrum sönnunargögnum sem aflað var í kjölfar játningar sem fengin var með ólögmætum aðferðum. Einnig lá ljóst fyrir að kærandi hafði sótt lausnarféð sem krafist var vegna hvarfs J.

Niðurstaða undirréttar var staðfest hjá áfrýjunardómstóli en tekið fram að þær hótanir sem kærandi hefði sætt í yfirheyrslu hefðu falið í sér brot gegn 3. gr. Mannréttindasáttmálans.

Í desember árið 2004 voru tveir þeirra lögreglumanna sem höfðu hótað kæranda við yfirheyrslur dæmdir fyrir nauðung og fyrir að hafa hvatt til nauðunga í starfi. Þeir voru dæmdir til að greiða sektir fyrir brot sín.

Í desember 2005 sótti kærandi um gjafsókn til að höfða mál gegn ríkinu til greiðslu bóta vegna þeirrar meðferðar sem hann hafði þurft að sæta í haldi lögreglu. Dómstóll hafnaði gjafsóknarbeiðninni og var sérstaklega vísað til þess að kæranda myndi reynast erfitt að sýna fram á orsakatengsl milli þeirra ógnana sem hann hafði orðið fyrir í haldi lögreglu og meints andlegs skaða sem kærandi teldi sig hafa orðið fyrir. Þann 19. janúar 2008 sneri áfrýjunardómstóll þeirri niðurstöðu við og samþykkti gjafsókn kæranda. Skaðabótamál kæranda er enn til meðferðar fyrir þýskum dómstólum.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi hélt því fram að hann hefði sætt pyndingum við yfirheyrslur hjá lögreglu og þar með hefði verið brotið gegn 3. gr. sáttmálans. Kærandi taldi einnig að brotið hefði verið gegn 6. gr. þar sem notuð voru sönnunargögn gegn honum sem var aflað með því að pynda hann til sagna. Kæran var lögð fram til dómstólsins 15. júní 2005. Í dómi frá 30. júní 2008 komst deild Mannréttindadómstólsins að þeirri niðurstöðu, með sex atkvæðum gegn einu, að kærandi gæti ekki lengur haldið því fram að réttindi hans samkvæmt 3. gr. hefðu verið virt að vettugi enda hefðu þýskir dómstólar viðurkennt að þau réttindi hefðu verið brotin og brugðist við þeim með því að refsa gerendum. Ekki hefði verið brotið gegn 6. gr. sáttmálans.

Málinu var vísað til yfirdeildar dómstólsins þann 1. desember 2008 að beiðni kæranda.

Niðurstaða

Um 3. gr.: Ljóst þótti að lögreglumaður hafði, samkvæmt fyrirmælum frá yfirboðara sínum, hótad kæranda ofbeldi til að fá hann til að gefa upp hvar J væri niður kominn. Dómstóllinn taldi að hótanirnar hefðu verið til þess fallnar að valda kæranda miklum ótta og sálrænum skaða. Hann benti á að lögreglumenn hefðu nokkrum sinnum fengið fyrirmæli frá yfirboðara sínum

3. gr. Bann við pyndingum

um að beita kæranda illri meðferð og að þýskir dómstólar töldu það sannað. Af þessum sökum væri ekki hægt að telja að meðferðin á kæranda væri tilviljun heldur yrði að líta svo á að hún hefði verið skipulögð og fyrirfram ákveðin.

Dómstóllinn viðurkenndi að aðgerðir lögreglumannanna hefðu haft það að markmiði að bjarga lífi barns. Engu að síður væri bann við pyndingum og ómannúðlegri meðferð algilt og félli ekki úr gildi þrátt fyrir að þolandi þess sýndi af sér tiltekna hegðun eða meðferðin hefði göfugt markmið. Dómstóllinn tók sérstaklega fram að það réttlæti ekki að láta einstakling sæta meðferð sem bryti í bága við 3. gr. til að bjarga lífi annars manns. Dómstóllinn mat það svo að sú meðferð sem kærandi sætti teldist vera ómannúðleg meðferð í skilningi 3. gr. Með vísan til fyrri dóma sinna og viðhorfa alþjóðlegra eftirlitsstofnana á sviði mannréttinda taldi dómstóllinn hins vegar að meðferðin teldist ekki hafa verið svo alvarleg að hún félli undir pyndingar í skilningi sammingsákvæðisins.

Dómstóllinn benti á að þrátt fyrir að þýskir dómstólar hefðu viðurkennt beint og óbeint að brotið hefði verið á réttindum kæranda samkvæmt 3. gr. hefðu þeir lögreglumenn sem brutu á réttindum kæranda eingöngu fengið mjög hóflegar og skilorðsbundnar sektir. Ýmsar refsilækkandi ástæður hefðu verið lagðar til grundvallar við refsíákvörðun í málum þeirra. Sérstaklega hefði verið lagt til grundvallar að lögreglumennirnir hefðu haft það að markmiði að bjarga lífi J með aðgerðum sínum. Dómstóllinn tók fram að þrátt fyrir að mál kæranda jafnaðist ekki á við tilvik þar sem fulltrúar ríkisvaldsins gerðust sekir um að beita ofbeldi að eigin geðþótta yrðu að vera til staðar reglur sem fældu slíka starfsmenn frá því að beita borgarana ólögmætu ofbeldi í störfum sínum. Enn fremur benti stöðuhækkun sem einn lögreglumannanna hafði fengið í kjölfar brotsins gagnvart kæranda til þess að yfirvöld hefðu ekki metið brot á 3. gr. sáttmálans eins alvarlega og tilefni var til.

Hvað varðaði bætur til kæranda vegna brota á 3. gr. benti dómstóllinn á að ósk kæranda um lagalega aðstoð vegna skaðabótamáls hafði verið til meðferðar í rúm þrjú ár og að enn hefði engin ákvörðun verið tekin um bætur til kæranda. Þessi málsmeðferð vakti verulegan efa um skilvirkni málsmeðferðar vegna bótakröfu kæranda. Í ljósi þessa taldi dómstóllinn að þýsk stjórnvöld hefðu ekki bætt nægilega úr broti sínu á 3. gr. sáttmálans. Með 11 atkvæðum gegn 6 komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að kærandi væri enn fórnarlamb brots stjórnvalda á 3. gr. og að 3. gr. hefði verið brotin í máli hans.

Um 6. gr.: Dómstóllinn ítrekaði fyrri dómsniðurstöður sínar um að væru sönnunargögn sem aflað væri með því að brjóta gegn 3. gr. sáttmálans notuð gegn sakborningi í refsímáli væru líkur til að málsmeðferðin bryti gegn 6. gr. sáttmálans. Dómstóllinn tók fram að til þess að vernd borgaranna frá notkun rannsóknaraðferða sem brytu gegn 3. gr. gæti verið virk þá yrði að ganga út frá því að ekki mætti nota sönnunargögn sem aflað væri með slíkum aðferðum. Í tilvikum kæranda hafði játning hans við yfirheyrslu hjá lögreglu aftur á móti ekki verið lögð til grundvallar sakfellingar heldur játning hans fyrir dómi sem hann gaf í kjölfarið. Þar sem kærandi tók skýrlega fram við játningu sína

3. gr. Bann við pyndingum

fyrir dómstólum að hann veitti hana án þvingunar taldi dómstóllinn að engin ástæða væri til að ætla að kærandi hefði ekki játað fyrir dómstólum ef þau sönnunargögn sem deilt var um hefðu jafnframt verið útilokuð.

Í ljósi þessa taldi dómstóllinn að vegna aðstæðna í máli kæranda hefði ekki verið ástæða til að útiloka þau sönnunargögn sem deilt var um. Ekki hefði verið brotið gegn 6. gr. ef litið væri til málsmeðferðarinnar í heild. Með 11 atkvæðum gegn sex komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að ekki hefði verið brotið gegn 6. gr. sáttmálans.

Kærandi hafði ekki gert kröfu um bætur heldur að þýskir dómstólar tækju mál hans að nýju til meðferðar. Dómstóllinn féllst ekki á að grundvöllur væri fyrir slíku enda hefði ekki verið brotið gegn 6. gr. sáttmálans.

Mawaka gegn Hollandi

Dómur frá 1. júní 2010

Mál nr. 29031/04

3. gr. Bann við pyndingum

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Útlendingar. Hælisveiting. Brottvísun.

1. Málsatvik

Kærandi, Sita Mawaka, er ríkisborgari Austur-Kongó (Democratic Republic of the Congo) og fæddist árið 1969. Hann býr í Rotterdam í Hollandi.

Kærandi bjó í Belgíu frá september 1992 til janúar 1994. Hann sneri þá aftur til Austur-Kongó en ríkið hét þá Zaire. Þar starfaði hann sem aðstoðarmaður eða ritari manns sem var áberandi í stjórnarandstöðu landsins. Í október árið 1994 höfðu óþekktir menn samband við kæranda og óskuðu eftir aðstoð hans við að ráða yfirmann hans af dögum. Kærandi hafnaði þeirri málaleitan. Nokkrum vikum síðar hvarf yfirmaður kæranda. Hann fannst illa leikinn eftir miklar barsmíðar og lést síðar á sjúkrahúsi.

Kærandi var handtekinn í nóvember sama ár og taldi hann að ástæðan væri að hann hafði neitað að aðstoða við morðið á yfirmanni hans. Eftir að hann hafði þurft að þola hótanir og líkamsmeiðingar tókst honum að komast undan með aðstoð fangavardar af sama ættbálki og kærandi var. Kærandi fékk að fela sig heima hjá verðinum fram til 6. janúar 1995 þegar honum tókst að komast úr landi til Belgíu. Þaðan fór kærandi til Hollands þar sem hann óskaði eftir hæli. Í júlí 1996 var kæranda veitt pólitískt hæli í Hollandi. Talinn var rökstuddur grunur um að hann yrði fyrir ofsóknum ef hann sneri aftur til Austur-Kongó. Kærandi giftist kongóskum ríkisborgara í Hollandi og þar eignuðust þau son.

Í nóvember 2001 var kæranda tilkynnt að dvalarleyfi hans yrði afturkallað á grundvelli þess að hann hefði verið sakfelldur í Belgíu fyrir refsivert brot þar í landi í janúar 1997 en slíkt brot hefði varðað 10 mánaða fangelsi í Hollandi. Bréfið var skrifað af aðstoðardómsmálaráðherra Hollands. Þar kom fram að ósamræmi væri í frásögn kæranda sem legið hafði til grundvallar ákvörðun

3. gr. Bann við pyndingum

um að veita honum hæli. Jafnframt var talið að ekki væri lengur hætta á að kærandi yrði ofsóttur í Austur-Kongó og þá m.a. vegna þess að stjórnarskipti hefðu orðið í landinu.

Í júlí 2002 var dvalarleyfi kæranda formlega afturkallað. Kærandi kærði ákvörðunina til dómstóla en kröfu hans var hafnað þar. Kærandi býr enn í Hollandi. Hann og barnsmóðir hans eru skilin en hann heimsækir hana og barn þeirra reglulega.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi byggði á 3. og 8. gr. sáttmálans. Hann hélt því fram að yrði honum vísað til Austur-Kongó væri raunveruleg hætta á að hann sætti illri meðferð og að fjölskyldulífi hans yrði raskað.

Niðurstaða

Um 3. gr.: Dómstóllinn tók fyrst til skoðunar að í skýrslum frá Sameinuðu þjóðunum og utanríkisráðuneytum Bandaríkjanna og Bretlands kæmi fram að enn væri ástæða til að hafa áhyggjur af ástandinu í Austur-Kongó. Sér í lagi væri ástandið slæmt á tilteknum svæðum þar. Aftur á móti hefði kærandi búið annars staðar í landinu, nánar tiltekið í höfuðborginni Kinshasa. Engin ástæða væri til að ætla að brottvísun kæranda til Austur-Kongó myndi leiða til þess að honum yrði í raun vísað til þeirra svæða þar sem ástandið var slæmt og þá sér í lagi svæða í norðausturhluta landsins. Auk þess væru engin gögn sem bentu til þess að ástandið í Austur-Kongó væri almennt svo slæmt að hann ætti á hættu að sæta illri meðferð af þeim sökum einum að hann yrði staddur í landinu.

Dómstóllinn fjallaði næst um hvort kærandi væri persónulega í hættu yrði honum vísað til Austur-Kongó vegna fyrri starfa sinna í landinu. Dómstóllinn tók fram að langur tími væri liðinn síðan kærandi hefði flúið landið og að háttsemi hans frá þeim tíma hefði ekki gefið stjórnvöldum í Austur-Kongó ástæðu til að veita honum athygli. Enn fremur hefðu hollensk stjórnvöld lagt mat á hættuna sem mögulega gat steðjað að kæranda í Austur-Kongó þegar þau ákváðu að afturkalla dvalarleyfi hans. Af þessum sökum taldi dómstóllinn að engin gögn bentu til þess að kærandi myndi verða í raunverulegri og persónulegri hættu ef honum yrði vísað frá Hollandi til Austur-Kongó.

Dómstóllinn taldi að slík brottvísun myndi ekki leiða til brots hollenskra stjórnvalda á 3. gr. sáttmálans.

Um 8. gr.: Dómstóllinn tók fram að sáttmállinn tryggði útlandingi ekki rétt til að flytjast til lands eða búa í því. Hann tók fram að barnsmóðir kæranda hefði ekki leitað til dómstóla vegna dvalarleyfis þeirra eða sonar hennar og kæranda. Þar sem hvorki hún né sonur þeirra áttu lagalegan rétt á að búa í Hollandi var mögulegt að þeim yrði jafnframt vísað úr landi.

Af þessum sökum var talið að ekki hefði verið brotið gegn 8. gr. sáttmálans með því að vísa kæranda úr landi.

4. gr. Bann við þrældómi og nauðungarvinnu

Rantsev gegn Kýpur og Rússlandi

Dómur frá 7. janúar 2010

Mál nr. 25965/04

2. gr. Réttur til lífs

4. gr. Bann við þrældómi og nauðungarvinnu

5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi

Mansal. Frelsisvipting. Rannsókn vegna dauðsfalls. Jákvæðar skyldur.

1. Málsatvik

Kærandi, Nikolay Rantsev, er rússneskur ríkisborgari, fæddur árið 1938 og búsettur í Svetlogorsk í Rússlandi. Hann var faðir Oxönu Rantseva sem einnig var rússneskur ríkisborgari og fæddist árið 1980. Oxana lést þegar hún féll út um glugga íbúðar á Kýpur í mars 2001 við undarlegar og óútskýrðar aðstæður.

Oxana Rantseva kom til Kýpur 5. mars 2001 með vegabréfsáritun fyrir sviðslistamenn. Hún hóf störf 16. mars 2001 sem dansari í kabarett-klúbbi á Kýpur. Hún yfirgaf vinnustað sinn eftir þriggja daga vinnu og skildi eftir skilaboð um að hún ætlaði aftur heim til Rússlands. Framkvæmdastjóri kabarett-klúbbsins fann Oxönu á diskóteki í Limassol tíu dögum síðar um kl. 4 um morguninn. Framkvæmdastjórinn fór með hana til lögreglunnar og óskaði eftir að hún yrði úrskurðuð ólöglegur innflytjandi. Þetta gerði hann til að hún yrði handtekin og henni vísað úr landi. Lögreglumenn athuguðu gagnagrunna sína og komust að þeirri niðurstöðu að Oxana væri ekki ólöglegur innflytjandi og neituðu að handtaka hana. Þeir óskuðu eftir því við framkvæmdastjórnann að hann sækti Oxönu og kæmi síðan með hana aftur daginn eftir til að hægt væri að kanna málið betur. Framkvæmdastjórinn sótti hana um klukkan hálf sex sama morgun.

Framkvæmdastjórinn fór þá með Oxönu til íbúðar annars starfsmanns klúbbsins á sjöttu hæð í fjölbýlishúsi. Framkvæmdastjórinn hélt kyrru fyrir í íbúðinni. Um klukkan hálf sjö sama morgun fannst Oxana Rantseva látin á götunni fyrir neðan íbúðina.

Í kjölfarið voru þeir sem staddir höfðu verið í íbúðinni yfirheyrðir. Nágranni sem sá Oxönu hropa til jarðar var einnig yfirheyrður auk lögreglumannanna á vakt á lögreglustöðinni í Limassol. Krufning leiddi í ljós að Oxana hafði látist af fallinu. Kærandi kom skömmu síðar á lögreglustöðina og óskaði eftir að fylgjast með réttarrannsókninni vegna dauða dóttur sinnar. Réttarrannsóknin fór ekki fram fyrr en níu mánuðum síðar og þá í fjarveru kæranda. Niðurstaða rannsóknarinnar var sú að Oxana hefði látist við óútskýrðar aðstæður sem líktust slysi sem hefði orðið þegar hún reyndi að komast úr íbúð þar sem hún var gestur. Hins vegar var talið að ekkert benti til glæpsamlegrar háttsemi.

4. gr. Bann við þrældómi og nauðungarvinnu

Kærandi fékk því framengt að lík dóttur hans yrði sent til Rússlands. Réttarlæknar framkvæmdu sjálfstæða krufningu og komust að þeirri niðurstöðu að Oxana Rantseva hefði látist við óljósar aðstæður sem þörfuðust frekari rannsóknar. Rússnesk stjórnvöld óskuðu þess að málið yrði rannsakað og að kærandi fengi að fylgjast með málsmeðferðinni.

Í október 2006 sendu kypversk stjórnvöld rússneska saksóknaraembættinu staðfestingu á því að réttarrannsókn hefði lokið 27. desember 2001 og að niðurstaða hennar væri endanleg.

Umboðsmaður þingsins á Kýpur, mannréttindafulltrúi Evrópuráðsins og utanríkisráðuneyti Bandaríkjanna höfðu gefið út skýrslur með þeirri niðurstöðu að mansal og vandi væri afar mikið á Kýpur. Í því sambandi var sérstaklega bent á hlutverk kabarett-klúbba og sérstakra vegabréfsáritana fyrir sviðslistamenn sem stóran hluta af vandamálinu.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi byggði á því að 2.-5. gr. og 8. gr. sáttmálans hefðu verið brotnar af kypverskum yfirvöldum. Kærandi taldi að rannsóknin á dauða dóttur sinnar hefði verið ófullnægjandi, lögreglan hefði ekki verndað hana á meðan hún var enn á lífi og loks hefðu kypversk stjórnvöld ekki reynt að refsa þeim sem báru ábyrgð dauða hennar og þeirri meðferð sem hún hafði sætt.

Hann kvartaði einnig á grundvelli 2. og 4. gr. sáttmálans vegna vanrækslu rússneskra stjórnvalda á að rannsaka og koma í veg fyrir mansal á dóttur hans og dauða hennar í kjölfar mansalsins.

Að lokum kvartaði hann á grundvelli 6. gr. sáttmálans vegna rannsóknarinnar á dauða dóttur sinnar og vegna þess að hann hefði ekki fengið nægjanlegan aðgang að réttarkerfinu í landinu.

Niðurstaða

Stjórnvöld á Kýpur gáfu út einhliða yfirlýsingu þar sem þau viðurkenndu að þau hefðu brotið 2. - 6. gr. sáttmálans og buðust til að greiða miskabætur og bætur á fjárhagslegu tjóni kæranda. Í yfirlýsingunni kom jafnframt fram að 5. febrúar 2009 hefðu þrír sjálfstæðir sérfræðingar verið skipaðir til að rannsaka ráðningu, dvöl og dauða Oxönu Rantseva og hvort einhver lögbrot hefðu verið framin gegn henni.

Dómstóllinn tók fram að hlutverk hans væri ekki einungis að skera úr um einstök mál heldur einnig að skýra, tryggja og þróa þær reglur sem fram kæmu í sáttmálanum. Hann lagði áherslu á að fáar dómsúrlausnir væru til um beitingu 4. gr. vegna mansals. Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að í ljósi þessa, alvarleika þeirra ásakana sem væru í málinu og vegna almennrar virðingar fyrir mannréttindum væri nauðsynlegt að dómstóllinn tæki málið til skoðunar þrátt fyrir yfirlýsingu kypverskra stjórnvalda.

4. gr. Bann við þrældómi og nauðungarvinnu

Dómstóllinn hafnaði þeirri afstöðu rússneskra stjórnvalda að þau hefðu enga lögsögu vegna þeirra atburða sem málið fjallaði um og bæru því enga ábyrgð í málinu. Dómstóllinn vísaði til þess að mansalið hefði hafist í Rússlandi og rússnesk stjórnvöld hefðu vanrækt að rannsaka með fullnægjandi hætti tildrög þess. Dómstóllinn taldi því að kæran væri tæk til efnismeðferðar á grundvelli 2. til 5. gr.

Um 2. gr.: Dómstóllinn tók atburðarásina sem leiddi til dauða Oxönu Rantseva til skoðunar. Dómstóllinn taldi að stjórnvöld á Kýpur hefðu ekki getað séð dauða hennar fyrir og þau hefðu því ekki getað gripið til aðgerða til að koma í veg fyrir hann. Aftur á móti taldi dómstóllinn að ýmiss konar gallar hefðu verið á rannsókn málsins. Misræmi í vitnisburðum vitna hefði ekki verið rannsakað, ekki hefði verið reynt að útskýra þær undarlegu aðstæður sem stúlkan hafði látist við, kæranda hafði ekki verið leiðbeint um hvenær réttarrannsóknin færi fram og hafði þess vegna verið fjarverandi þegar henni lauk. Af þessum sökum taldi dómstóllinn að gallar á rannsókn málsins hefðu brotið gegn 2. gr. sáttmálans.

Dómstóllinn taldi aftur á móti að rússnesk stjórnvöld hefðu ekki brotið gegn 2. gr. þar sem þeim hefði ekki borið að rannsaka dauða Oxönu Rantsevu enda hefði hann átt sér stað utan lögsögu þeirra. Dómstóllinn lagði áherslu á að rússnesk stjórnvöld hefðu nokkrum sinnum óskað þess að kypversk stjórnvöld rannsökuðu málið betur og höfðu eftir föngum veitt aðstoð.

Um 4. gr.: Dómstóllinn taldi að sú meðferð sem Oxana Rantseva hafði fengið áður en hún lést hefði verið tengd meintu mansali á henni og þess vegna kæmi 4. gr. sáttmálans til skoðunar varðandi þann hluta málsins.

Dómstóllinn tók fram að mansal, eins og þrælahald, væri í eðli sínu valdbeiting sem væri reist á eignarrétti. Dómstóllinn benti í þessu samhengi á að verslað væri með manneskjur og þær neyddar til vinnu þar sem strangt eftirlit væri með störfum þeirra og ferðafrelsi þeirra takmarkað. Ofbeldi og hótunum væri beitt gegn fórnarlömbum mansals. Af þessum sökum taldi dómstóllinn að mansal væri bannað á grundvelli 4. gr. sáttmálans.

Dómstóllinn taldi að stjórnvöld á Kýpur hefðu með tvenns konar hætti brugðist þeim jákvæðu skyldum sem þau bæru samkvæmt 4. gr. sáttmálans. Annars vegar hafði verið komið á fót sérstakri gerð vegabréfsáritana fyrir sviðslistamenn en þetta fyrirkomulag greiddi fyrir framkvæmd mansals á eyjunni. Stjórnvöld á Kýpur voru af þessum sökum ekki talin hafa fullnægt jákvæðum skyldum sínum til að koma upp nægjanlega góðu laga- og stjórnsýslukerfi gegn mansali. Hins vegar hefði lögreglunni ekki með fullnægjandi hætti tekist að vernda Oxönu Rantseva frá mansali þrátt fyrir að aðstæður hefðu bent til þess að hún væri fórnarlamb þess. Aftur á móti taldi dómstóllinn að þar sem hann hefði talið að gallar á rannsókn lögreglunnar hefðu brotið í bága við 2. gr. sáttmálans þá væri ekki nauðsynlegt að meta hvort rannsóknin hefði einnig brotið gegn 4. gr.

4. gr. Bann við þrældómi og nauðungarvinnu

Dómstóllinn tók fram að rússnesk stjórnvöld hefðu brotið gegn 4. gr. þar sem þau rannsökuðu ekki hvernig það bar til að Oxana Rantseva varð fórnarlamb mansals og þá sér í lagi ekki leitast við að finna skipuleggjendur þess í Rússlandi.

Um 5. gr.: Dómstóllinn taldi að kypversk stjórnvöld bæru ábyrgð á því að Oxönu Rantseva var haldið á lögreglustöð í u.þ.b. klukkustund og einnig á því að henni var haldið í einkaíbúð í kjölfarið. Dómstóllinn benti á að það ætti sér enga stoð í landslögum að Oxana var höfð í haldi eftir að í ljós kom að hún væri ekki ólöglegur innflytjandi. Kypversk stjórnvöld hefðu því brotið gegn 1. mgr. 5. gr.

Að öðru leyti hafnaði dómstóllinn málsástæðum kæranda. Kypur var gert að greiða kæranda 40 þúsund evrur í miskabætur og 3.150 evrur í málskostnað. Rússlandi var gert að greiða kæranda 2 þúsund evrur í miskabætur.

5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi

Frasik gegn Póllandi og Jaremowicz gegn Póllandi

Dómur frá 5. janúar 2010

Mál nr. 22933/02 og nr. 2423/03

Sjá reifun dómsins undir 12. gr.

Fangar. Réttur til að stofna til hjúskapar meðan afplánun refsisdóms stendur.

Rantsev gegn Kýpur og Rússlandi

Dómur frá 7. janúar 2010

Mál nr. 25965/04

Sjá reifun dómsins undir 4. gr.

Mansal. Frelsissvipting. Rannsókn vegna dauðsfalls. Jákvæðar skyldur.

Medvedyev o.fl. gegn Frakklandi – Yfirdeild

Dómur frá 29. mars 2010

Mál nr. 3394/03

5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi

Handtaka á alþjóðlegu hafsvæði. Lögsaga. Réttur til að vera leiddur fyrir dómara.

1. Málsatvik

Kærendur eru níu og af fjórum þjóðernum. Þeir eru Oleksandr Medvedyev og Borys Bilenikin sem eru úkraínskir ríkisborgarar, Nicolae Balaban, Puiu Dodica, Nicu Stelian Manolache og Viorel Petcu sem eru rúmenskir ríkisborgarar, Georgios Boreas, grískur ríkisborgari, og Sergio Cabera Leon, Guillermo og Luis Eduar Sage Martinez, ríkisborgarar Chile. Kærendur voru allir skipverjar á flutningaskipinu Winner sem var skráð í Kambódíu.

Í júní 2002 fóru frönsk yfirvöld fram á við kambódísk yfirvöld að þau fengju heimild til að fara um borð í Winner. Grunur lék á að í skipinu væri verulegt magn fíkniefna til sölu í Evrópu. Kambódísk stjórnvöld veittu frönskum yfirvöldum heimild til þessa 7. júní 2002. Í kjölfarið stöðvaði franskir flotinn Winner og tók stjórn skipsins í sínar hendur nærri ströndum Grænhöfðaeyja. Áhöfnin var tekin höndum og haldið í varðhaldi hjá franska hernum.

Winner var fært til hafnar í borginni Brest í Frakklandi. Þegar þangað var komið 26. júní 2002, 13 dögum eftir að herinn hafði tekið skipið, voru kærendur færðir í hendur lögreglu og leiddir fyrir dómara. Þeir voru ákærðir 28. og 29. júní og settir í gæsluvarðhald.

Refsimálum á hendur kærendum lyktaði með þeim hætti að þrír þeirra voru sakfelldir fyrir að skipuleggja innflutning fíkniefna og hlutu þriggja til tuttugu ára fangelsisdóma. Hinir sex voru sýknaðir.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærendur héldu því fram að ólögmætt hefði verið að svipta þá frelsi og brotið hefði verið gegn 1. mgr. 5. gr. sáttmálans. Kærendur byggðu kæru sína einkum á því að samkvæmt alþjóðalögum hefðu frönsk stjórnvöld ekki haft lögsögu til þeirra aðgerða sem gripið var til. Þeir töldu einnig að brotið hefði verið gegn 3. mgr. 5. gr. sáttmálans þar sem of langan tíma hefði tekið að færa þá fyrir dómara eða annan embættismann sem að lögum hafði heimild til að fara með dómsvald í skilningi ákvæðisins.

Í dómi sínum 10. júlí 2008 komst deild dómstólsins samhljóða að þeirri niðurstöðu að brotið hefði verið gegn 1. mgr. 5. gr. sáttmálans enda hefðu kærendur verið sviptir frelsi án þess að fylgt hefði verið nokkurri málsmeðferð sem kveðið var á um í frönskum lögum. Enn fremur taldi dómstóllinn, með fjórum atkvæðum gegn þremur, að ekki hefði verið brotið gegn 3. mgr. 5. gr. sáttmálans enda hefðu sérstakar aðstæður verið uppi í málinu þar sem draga þurfti skip kærenda til hafnar áður en hægt var að færa þá fyrir dómara.

Niðurstæða

Um 1. gr.: Dómstóllinn vísaði til fyrri úrlausna sinna um að aðildarríki sáttmálans gætu borið ábyrgð samkvæmt honum á svæðum utan ríkjanna sjálfra. Þetta ætti við þegar ríkin beittu hervaldi á svæðum þar sem þau hefðu virka stjórn, í tilvikum sem vörðuðu hegðun starfsfólks utanríkisþjónustu ríkjanna eða ræðismanna þess erlendis eða athæfi sem ætti sér stað í flugvélum eða skipum skráðum í aðildarríkjunum.

Í tilviki kærenda benti dómstóllinn á að Frakkland hefði eitt haft full yfirráð yfir skipinu sem kærendur hefðu verið á. Franski sjóherinn hefði siglt í veg fyrir skipið, gefið áhöfninni fyrirmæli um að breyta stefnu skipsins og loks handtekið hana. Áhöfnin hefði að öllu leyti verið á valdi franska sjóhersins þáðan í frá þar til skipið kom til hafnarborgarinnar Brest. Í ljósi þessa hefðu kærendur verið á frönsku yfirráðasvæði í skilningi 1. gr. sáttmálans.

Um 1. mgr 5. gr. sáttmálans: Kærendur höfðu verið í haldi sérsveita franska hersins eftir að franski sjóherinn tók skipið. Af þessum sökum var áhöfnin talin hafa verið frelssvipt í skilningi 5. gr. sáttmálans. Dómstóllinn tók fram að hann hefði skilning á mikilvægi aðgerða franskra stjórnvalda í málinu og þeirra sérstæðu aðstæðna sem uppi voru. Engu að síður hefði stjórnvöldum borið að starfa innan ramma laga og reglna.

Ekki var dregið í efa að markmið frelssviptingarinnar hefði verið að færa kærendur fyrir réttan handhafa opinbers valds vegna rökstudds grunar um afbrot í skilningi c-liðar 1. mgr. 5. gr. sáttmálans. Aftur á móti taldi dómstóllinn að frönsk stjórnvöld gætu ekki réttlætt aðgerðir sínar á grundvelli hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna eða venjuréttar alþjóðalaga. Loks hefði ekki verið hægt að réttlæta aðgerðirnar með vísan til franskra laga þar sem

5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi

Kambódía var ekki aðili að alþjóðlegum sáttmálum sem lögfestir höfðu verið í frönskum rétti.

Dómstóllinn tók fram að Kambódía hefði rétt til að taka þátt í samstarfi með öðrum ríkjum án þess að alþjóðlegir sáttmálar lægju slíku samstarfi til grundvallar. Sú heimild sem kambódísk stjórnvöld hefðu veitt frönskum stjórnvöldum 7. júní 2002 væri tímabundið samkomulag sem hefði veitt frönskum yfirvöldum heimild til að stöðva skip kærenda. Aftur á móti hefði heimildin ekki falið í sér leyfi til franskra stjórnvalda til að handtaka kærendur. Sú staðreynd að aðgerðir franskra stjórnvalda hefðu einungis byggst á þessari heimild, kambódísk stjórnvöld höfðu ekki staðfest alþjóðasamninga á þessu sviði og að ekki var til varanlegur samningur milli Kambódíu og Frakklands um aðgerðir gegn fíkniefnaflutningum á hafi úti þýddi að aðgerðirnar voru ekki skýrlega skilgreindar og fyrirsjáanlegar.

Dómstóllinn átalði að aðgerðir á alþjóðavettvangi gegn fíkniefnaflutningum milli landa væru ekki betur skipulagðar en raun bar vitni og þá sér í lagi vegna þess að vandamálið væri í eðli sínu alþjóðlegt. Fyrir þau ríki sem ekki væru aðilar að hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna og Vínarsáttmálunum væri sá möguleiki fyrir hendi að ganga til tvíhliða eða fjölþjóðlegra samninga sem gerðir hefðu verið um efnið. Dómstóllinn benti á að það yrði mikið framfaraskref í þessum málaflokki ef sú meginregla yrði lögð til grundvallar að öll ríki hefðu lögsögu, burt séð frá fánaríki skips, eins og við ætti um sjóræningja.

Dómstóllinn komst af þessum sökum að þeirri niðurstöðu að frelsissvipting kærenda frá því að franskí sjóherinn tók skip þeirra og þar til þeir komu til Brest hefði ekki verið í samræmi við lög enda hefði skort á þann lagalega grundvöll sem væri áskilinn samkvæmt 1. mgr. 5. gr. sáttmálans. Því hefði verið brotið gegn 1. mgr. 5. gr. sáttmálans.

Sjö dómarar voru ósammála meirihlutanum hvað þessa niðurstöðu varðaði.

Um 3. mgr. 5. gr.: Dómstóllinn benti á að þrjú sjónarmið væru lögð til grundvallar varðandi skýringu á 5. gr. sáttmálans Í fyrsta lagi væru allar undantekningar á réttindunum skýrðar þröngt. Í öðru lagi yrði frelsissvipting að vera í samræmi við lög. Í þriðja lagi yrði meðferð mála að vera hraðað eins og kostur væri en ákvarðanataka yrði að vera í höndum handhafa dómsvalds eða aðila sem væri sjálfstæður frá afskiptum framkvæmdarvaldsins og gæti lagt hlutlaust mat á lögmæti frelsissviptingar.

Dómstóllinn tók fram að þrátt fyrir að hryðjuverk sköpuðu sérstök vandamál fyrir stjórnvöld þá yrðu aðildarríkin að lúta þeim takmörkunum sem sáttmálinn setti þeim. Sama ætti við um baráttu þeirra gegn fíkniefnaflutningi milli landa. Í tilviki kærenda hefðu þeir verið færðir fyrir rannsóknardómara en ljóst var að slíkir dómarar uppfylltu skilyrði 3. mgr. 5. gr. Skipið hefði verið undanströndum Grænhöfðaeyja og hefði þess vegna verið langt frá Frakklandi. Ekkert benti til þess að það hefði tekið lengri tíma en mögulegt var að sigla með skipið og kærendur til hafnar í Frakklandi. Dómstóllinn benti sérstaklega á

5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi

í þessu samhengi að skip kæranda hefði verið í slæmu ásigkomulagi og veður slæmt. Í ljósi þessara sérstöku aðstæðna hefði verið ómögulegt að færa kær-
endur fyrir rannsóknardómara fyrr. Af þessum sökum var ekki talið að um
brot á 3. mgr. 5. gr. væri að ræða. Átta dómarar voru ósammála meirihlutanum
hvað þessa niðurstöðu varðaði.

Frakklandi var gert að greiða hverjum kæranda 5 þúsund evrur í miska-
bætur og 10 þúsund evrur sameiginlega í málskostnað.

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

Syngelidis gegn Grikklandi

Dómur frá 1. febrúar 2010.

Mál nr. 24895/07.

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi.

Réttur til aðgangs að dómstólum. Friðhelgi þingmanna gagnvart málsókn-um.

1. Málsatvik

Kærandi, Polychronis Syngelidis, er grískur ríkisborgari, fæddur árið 1957 og búsettur í Aþenu. Hann var kvæntur MA, grískum þingmanni. Við skilnað þeirra árið 2004 gerðu þau samkomulag um forsjá og umgengnisrétt við son þeirra sem fæddist sama ár. Samkvæmt því átti sonurinn að hafa búsetu hjá móður sinni en kærandi hafði umgengnisrétt tiltekna daga. Tveimur mánuðum síðar lagði MA fram kæru á hendur kæranda þar sem hann hefði ráðið öryggisvörð til að sjá um gæslu við hús hennar. Máli hennar var vísað frá dómstólum.

Þar sem kærandi hefði ekki fengið að umgangast son sinn á meðan framangreind mál voru til meðferðar fyrir dómstólum lagði hann fram kæru til lögreglu í október árið 2005 á hendur MA. Saksóknari beindi málinu til forseta gríska þingsins þar sem aflétta þyrfti friðhelgi yfir MA. Það var mat siðanefndar þingsins að hafna ætti kröfunni með vísan í tilteknar þingreglur án þess þó að tilgreina nánar hverjar þeirra ættu við. Í desember árið 2006 hafnaði meirihluti þingsins því að friðhelgi yrði aflétt yfir MA. Ákvörðunin var órökstudd. Árið 2007 lagði kærandi fram tvær kærur til viðbótar á hendur MA vegna brota hennar á umgengnisrétti sem kveðið hefði verið á um í dómsúrskurði. Á grundvelli úrskurðarins gerði kærandi kröfu um greiðslu sektar ef ekki yrði farið að honum. Enn var því beint til þingsins að friðhelgi yrði aflétt yfir MA og siðanefndin hafnaði því á ný með vísan til þess að um væri að ræða sömu kröfu og hún hefði áður hafnað.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi hélt því fram að synjun gríska þingsins á að aflétta friðhelgi fyrrum eiginkonu hans bryti í bága við rétt hans til aðgangs að dómstólum sem trygður væri í 1. mgr. 6. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Dómstóllinn féllst ekki á þau rök grískra stjórnvalda að ekki hefði verið brotið í bága við rétt kæranda til aðgangs að dómstólum þar sem önnur úrræði

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

hefðu staðið honum til boða til að leita réttar síns gagnvart fyrrum eiginkonu sinni. Dómstóllinn ítrekaði að þegar innlend löggjöf tryggði einstaklingum úrræði til að leita réttar síns, væri sú skylda lögð á ríki að tryggja að viðkomandi einstaklingar gætu notið þeirra í samræmi við 6. gr. sáttmálans.

Dómstóllinn benti á að samkvæmt ákvæðum grísku stjórnarskrárinnar gæti þingið hafnað því að aflétta friðhelgi af þingmanni í þeim tilvikum eingöngu þegar málshöfðun ætti með augljósum hætti rætur sínar að rekja til þingstarfa viðkomandi þingmanns. Í málinu sem hér væri um að ræða voru engin ljós tengsl á milli vanrækslu MA á að uppfylla skyldur sínar samkvæmt forsjársamkomulaginu og þingstarfa hennar. Ennfremur hefði siðanefnd þingsins ekki tilgreint sérstaklega hvaða skilyrði hún taldi uppfyllt til þess að hún gæti hafnað því að aflétta þinghelgi á grundvelli starfsreglna þingsins. Sá skortur á röksemdum hefði gert kæranda ókleift að átta sig á raunverulegum ástæðum synjunarinnar. Dómstóllinn benti einnig sérstaklega á að með þessu hefði skapast ójafnvægi á stöðu kæranda annars vegar og stöðu MA hins vegar þar sem hún gæti, öfugt við hann, höfðað mál á hendur honum.

Það var því niðurstaða dómstólsins að brotið hefði verið í bága við rétt kæranda til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi skv. 1. mgr. 6. gr. sáttmálans. Einn dómari skilaði séráliti. Með vísan til 41. gr. voru kæranda dæmdar 12.000 evrur í skaðabætur. Tveir dómarar skiluðu séráliti hvað þann þátt málsins varðar.

Krumpholz gegn Austurríki

Dómur frá 18. mars 2010

Mál nr. 13201/05

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

Umferðarlagabrot. Réttur til að fella ekki á sig sök. Réttur til að teljast saklaus uns sekt er sönnuð að lögum. Réttlát málsmeðferð.

1. Málsatvik

Kærandi, Claus Krumpholz, er þýskur ríkisborgari fæddur 1965 og búsettur í Grafengehaig í Þýskalandi. Þann 26. febrúar 2003 mældi austurríska lögreglan bíl í eigu kæranda við of hraðan akstur. Kæranda var gert að upplýsa hver hefði ekið bílnum í umrætt sinn. Kærandi brást ekki við kröfunni. Hann var þá dæmdur fyrir hraðakstursbrot en einnig fyrir að neita að gefa upp hver hefði ekið bílnum. Kærandi áfrýjaði dóminum. Hann benti annars vegar á að hann hefði ekki ekið bílnum og einnig að hann teldi að það striddi gegn 6. gr. sáttmálans að gera honum skylt að upplýsa hver hefði gert það. Ákærvaldið féll í kjölfarið frá ákæru á hendur kæranda fyrir að gefa ekki upp hver hefði ekið bílnum. Aftur á móti var því haldið fram að þar sem kærandi hefði ekki upplýst hver hefði ekið bílnum, hlyti hann sjálfur að hafa gert það. Vísað var til fordæma austurrískra dómstóla þar sem þeirri reglu var beitt að ef eigandi bifreiðar neitaði að upplýsa hver hefði brotið af sér undir stýri hennar yrði

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

hann sjálfur dæmdur fyrir brotið nema honum tækist að sýna fram á sakleysi sitt. Kærandi var á þessum grundvelli dæmdur til að greiða sekt fyrir of hraðan akstur.

Kærandi áfrýjaði niðurstöðunni til æðra dómstigs sem staðfesti niðurstöðuna. Fyrir stjórnlagadómstóli Austurríkis vísaði kærandi til þess að hann hefði verið sakfelldur fyrir það eitt að nýta rétt sinn sem sakborningur til að veita ekki upplýsingar sem varpað gætu á hann sök. Engin gögn hefðu legið fyrir um sekt hans og litið hefði verið framhjá því að hann hefði ekki verið í Austurríki þegar umrætt umferðarlagabrot var framið. Stjórnlagadómstóllinn vísaði kröfu kæranda frá.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi hélt því fram að brotið hefði verið gegn rétti hans samkvæmt 1. og 2. mgr. 6. gr. sáttmálans. Engin sönnunargögn hefðu legið til grundvallar sakfellingu hans nema sú staðreynd að hann væri skrásettur eigandi bifreiðarinnar. Hann hélt því einnig fram að regla í umferðarlögunum sem kvað á um skyldu eiganda bifreiðar til að upplýsa um ökumenn hans stríddi gegn rétti manna til að veita ekki upplýsingar sem fella á þá sök.

Niðurstaða

Dómstóllinn tók fram að rétturinn til að fella ekki á sig sök samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sáttmálans og réttur sakbornings til að teljast saklaus uns sekt væri sönnuð samkvæmt 2. mgr. 6. gr. væru nátengd réttindi og þess vegna yrðu atvik málsins metin út frá báðum reglunum samtímis.

Dómstóllinn tók fram að það bryti ekki gegn 6. gr. sáttmálans að túlka þögn sakbornings um atvik máls honum í óhag í ljósi annarra sönnunargagna. Aftur á móti yrði að meta hvort önnur gögn réttlættu að ályktað væri um þögn sakbornings honum í óhag. Dómstóllinn taldi að þetta ætti sérstaklega við þegar dómstólar mætu gildi sönnunargagnanna sem fyrir þá væru lögð. Reglurnar um að sakborningur teldist saklaus uns sekt hans væri sönnuð, og að ákærvaldið bæri sönnunarbyrðina fyrir sekt sakbornings, væru ekki undantekningarlausar enda væri gengið út frá tilteknum ályktunum um staðreyndir eða lagareglum í öllum réttarkerfum. Slíkt væri ekki óheimilt samkvæmt sáttmálanum svo lengi sem aðildarríkin héldu sig innan skynsamlegra marka, að teknu tilliti til þeirra hagsmuna sem væru í húfi og réttar sakbornings til að halda uppi vörnum.

Dómstóllinn rakti síðan dóma þar sem fjallað hafði verið um réttinn til að varpa ekki á sig sök og einkum varðandi umferðarlagabrot. Dómstóllinn tók fram að í máli kæranda hefðu stjórnvöld ekki refsað kæranda fyrir að tilkynna ekki um ökumann bifreiðarinnar en þeim hefði verið mögulegt samkvæmt austurrískum lögum að skylda hann til að gefa upp slíkar upplýsingar. Aftur á móti var ekki að finna í austurrískum lögum reglu sem sagði að eigandi

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

bifreiðar væri sekur um brot sem framin væru af ökumanni hennar nema hann sýndi fram á annað.

Dómstóllinn var ósammála þeirri niðurstöðu austurrískra dómstóla að þau gögn sem lágu til grundvallar sakfellingu kæranda hefðu leitt til þeirrar niðurstöðu að hann hefði ekið bifreiðinni. Þvert á móti hélt hann því fram að hann hefði ekki ekið henni og lagði fram gögn þeirri staðhæfingu til stuðnings. Þar sem farið hefði verið fram á að kærandi veitti skýringu á akstri bifreiðarinnar, án þess að fyrir lægju önnur gögn um sekt hans, hefði sönnunarbyrðinni verið varpað á kæranda.

Enn fremur benti dómstóllinn á að málsmeðferðin sem fylgt væri í málum af þessum toga veittu sakborningi afar takmarkaða vernd þrátt fyrir að sönnunarbyrðinni væri í raun varpað yfir á hann. Dómstóllinn benti sérstaklega á að dómstólnum sem fjallaði um mál kæranda hefði ekki verið skylt að halda munnlegan málflutning í máli hans nema kærandi hefði farið fram á það. Með þessum hætti hefði byrðin að öllu leyti verið lögð á kæranda til að tryggja réttindi sín. Annars vegar hefði hann þurft að sýna fram á sakleysi sitt en jafnframt að tryggja réttaröryggi málsmeðferðarinnar. Dómstóllinn taldi að hefði dómstóllinn í máli kæranda ætlað sér að draga ályktanir af þögn kæranda hefði dómstóllinn sjálfur þurft að eiga frumkvæði að því að munnleg málsmeðferð færi fram til að hægt væri að spyrja kæranda spurninga og draga ályktanir um trúverðugleika hans.

Í ljósi alls þessa taldi dómstóllinn að brotið hefði verið gegn reglunni um rétt sakbornings til að varpa ekki á sig sök og reglunni um að sakborningur skyldi teljast saklaust uns sekt hans væri sönnuð. Ekki hefði verið heimilt að draga ályktanir um sekt kæranda af aðstæðum þar sem aðstæður gáfu ekki tilefni til slíkra ályktana og þá sérstaklega þar sem réttindi kæranda sem sakbornings voru ekki tryggð sérstaklega við meðferð málsins. Af þessum sökum taldi dómstóllinn að brotið hefði verið gegn 1. og 2. mgr. 6. gr. sáttmálans.

Kæranda voru ekki dæmdar bætur vegna greiðslu sektarinnar enda tók dómstóllinn fram að hann gæti ekki metið hver niðurstaða málsins á hendur kæranda hefði orðið ef réttindi hans samkvæmt 1. og 2. mgr. 6. gr. hefðu verið tryggð. Honum voru hins vegar dæmdar rúmlega 8.500 evrur í málskostnað.

Cudak gegn Litháen - Yfirdeild

Dómur frá 23. mars 2010

Mál nr. 15869/02

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

Friðhelgi ríkja fyrir málsókn. Réttur til að fá úrlausn dómstóla um réttindi.

1. Málsatvik

Kærandi, Alicija Cudak, er litháískur ríkisborgari, fædd árið 1961 og býr í Vilnius. Í nóvember 1997 var hún ráðin sem ritari hjá pólska sendiráðinu í Vilnius. Starfslýsing hennar var í samræmi við hefðbundin ritarastörf.

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

Árið 1999 kvartaði kærandi til umboðsmanns jafnréttismála í Litháen. Hún greindi frá því að hún hefði verið áreið kynferðislega af karlkyns samstarfsmanni sínum. Umboðsmaðurinn rannsakaði málið og komst að þeirri niðurstöðu að kærandi hefði orðið fyrir kynferðislegri áreitni.

Kærandi fór í veikindaleyfi í tvo mánuði frá störfum sínum en áreitnin hafði haft slík áhrif á hana að hún var óvinnufær. Þegar leyfinu var lokið reyndi kærandi í nokkur skipti að snúa aftur til vinnu. Henni var neitað um aðgang að sendiráðinu. Kærandi kvartaði til sendiherrans sem tilkynnti kæranda að henni hefði verið sagt upp störfum þar sem hún hefði ekki komið aftur til starfa þegar veikindaleyfi hennar lauk.

Kærandi höfðaði mál fyrir dómstólum í Litháen vegna ólögmætrar uppsagnar. Kröfum hennar var vísað frá á grundvelli þess að litháískir dómstólar hefðu ekki lögsögu yfir pólska ríkinu og sendiráðum þar sem fullvalda ríki nýtu friðhelgi fyrir málssóknum fyrir innanlandsdómstólum annarra ríkja. Hæstiréttur Litháen tók málið til meðferðar og komst að þeirri niðurstöðu að kærandi hefði einkum sinnt verkefnum í þágu pólskra almannahagsmuna í starfi sínu í sendiráðinu og hún hefði því í störfum sínum komið fram fyrir hönd pólskra stjórnvalda. Þess vegna væri réttlæt看legt að friðhelgi fullvalda ríkja ætti við um starfstengsl hennar og pólska ríkisins.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi að brotið hefði verið gegn réttindum sínum samkvæmt 6. gr. sáttmálans þar sem henni hefði verið neitað um að fá úrlausn dómstóls á máli sem varðaði réttindi hennar og skyldur.

Niðurstaða

Dómstóllinn fjallaði um þróun alþjóðalaga í þá átt að draga úr friðhelgi ríkja og þá einkum í tilvikum þar sem reynir á ráðningarsambönd ríkja við starfslið sendiráða erlendis. Friðhelgin tæki engu að síður til ágreinings ríkja við starfsfólks sendiráða og ræðismanna um ráðningarmál eða vegna ágreinings ríkjanna við starfsfólk sem væru ríkisborgarar þeirra eða ef sérstaklega væri kveðið á um friðhelgina í ráðningarsamningnum.

Dómstóllinn benti á að enginn þessara undantekninga ætti við um samband kæranda og pólska ríkisins. Kærandi hefði ekki sinnt verkefnum þar sem hún kom fram fyrir hönd pólska ríkisins. Hún hafði sinnt störfum sendifulltrúa eða fulltrúa ræðismanns. Hún væri ekki pólskur ríkisborgari. Einnig benti dómstóllinn á að ágreiningur hennar og pólska ríkisins hefði snúið að slitum ráðningarsambands hennar en ekki stofnun slíks sambands. Dómstóllinn tók sérstaklega fram að hvorki litháískir dómstólar né stjórnvöld hefðu sýnt fram á að dagleg störf kæranda hefðu tengst fullveldishagsmunum pólska ríkisins.

Dómstóllinn vísaði til þess að pólska ríkið nyti ekki friðhelgi vegna þess eins að kærandi hefði haft möguleika á að kynna sér ýmis gögn eða hefði getað

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

hlustað á trúnaðarsímtöl við skyldustörf sín. Ljóst væri að brottrekstur hennar og meðferð dómstóla vegna hans hefðu komið til vegna kynferðislegrar áreitni og úrlausn dómstóla á slíkum gjörningum gæti ekki talist grafa undan öryggishagsmunum pólska ríkisins.

Af þessum sökum taldi dómstóllinn að brotið hefði verið gegn 1. mgr. 6. gr. sáttmálans með því að vísa kröfum kæranda frá dómstólum á grundvelli þess að friðhelgi pólska ríkisins hefði náð yfir slit ráðningarsambandsins. Brotið hefði verið gegn kjarna réttinda kæranda samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sáttmálans. **Kæranda voru dæmdar 10 þúsund evrur í bætur vegna fjárhagstjóns og miska.**

Antoine Versini gegn Frakklandi

Dómur frá 11. maí 2010

Mál nr. 11898/05

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

Skattamál. Jafnræði aðila að refsímáli. Réttur til að færa fram varnir.

1. Málsatvik

Kærandi, Antoine Versini, er franskur ríkisborgari, fæddur 1934 og búsettur í La Colle-sur-Loup í Frakklandi. Hann var framkvæmdastjóri veitingastaðar á virtu hóteli, en árið 1995 lögðu skattyfirvöld aukalega skatt á fyrirtækið sem átti bæði hótelið og veitingastaðinn. Þá var einnig endurákvarðaður virðisaukaskattur sem fyrirtækinu bar að greiða, ásamt því að lagðar voru á það sektir vegna vanskila á skattgreiðslum. Á sama tíma var lagður á kæranda og eiginkonu hans sérstakur tekjuskattur auk sekta.

Tilraunir fyrirtækisins til að fá málið endurskoðað innan stjórnsýslunnar náðu ekki fram að ganga og lagði kærandi málið því fyrir stjórnsýsludómstól Nice. Í maí 1999 féllu skattyfirvöld frá álagningu umrædds skatts á fyrirtækið og dómstóllinn skipaði sérfróðan matsmann til að meta hvort skattyfirvöld hefðu byggt á réttum skattstofni við endurákvörðun virðisaukaskattsins. Árið 2002 afhenti kærandi matsmanninum margvísleg gögn. Í matsgerðinni, sem var lögð fram árið 2004, var einungis talið að í bókhaldi kæranda hefðu verið nokkur óskýr atriði, en ekki væri um bókhaldsóreiðu að ræða. Dómstóllinn staðfesti endurákvörðun virðisaukaskattsins fyrir árið 1991 og 1992 að hluta til en fyrirtækið var undanþegið greiðslu hans að öðru leyti fyrir árið 1992 og 1993. Þá var kærandi undanþeginn greiðslu hins aukalega tekjuskatts.

Á sama tíma og á meðferð málsins stóð fyrir stjórnsýsludómstólnum, var höfðað refsímál á hendur kæranda. Hann var ákærður fyrir að koma sér undan skattgreiðslum með sviksamlegum hætti og fyrir að hafa látið hjá líða að færa rétt bókhald. Þann 5. apríl 2000 sakfelldi dómstóllinn kæranda og dæmdi hann m.a. til sex mánaða fangelsisvistar. Dómstóllinn tók fram að málsmeðferð fyrir stjórnsýsludómstólnum hefði ekki áhrif á mat á sekt kæranda fyrir sakadómi. Kærandi áfrýjaði og óskaði eftir frestun málsins þar til matsgerð sérfróða mats-

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

mannsins fyrir stjórnsludómstólnum yrði lögð fram. Í september 2003 sýknaði áfrýjunardómstóll Aix-en-Provence kæranda af sakargiftum hvað varðaði skattsvik og vísaði til þess að skattyfirvöld hefðu fallið frá álagningu hans. Fangelsisrefsing kæranda var stýtt í fjóra mánuði. Áfrýjun kæranda til æðra dómstigs náði ekki fram að ganga.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi studdist aðallega við 1. mgr. 6. gr. sáttmálans og hélt því fram að málsmeðferð í sakamálinu hefði verið óréttlátt þar sem ekki hefði verið gætt jafnræðis. Kærandi taldi að hann hefði einungis verið sakfelldur á grundvelli þeirra sönnunargagna sem skattyfirvöld höfðu lagt fram.

Þá taldi kærandi að hallað hefði verulega á hann gagnvart yfirvöldum, þar sem áfrýjunardómstóllinn hefði úrskurðað um sekt hans án þess að biða eftir matsgerð hins sérfróða matsmanns sem hafði verið lögð fyrir stjórnsludómstólinn.

Niðurstaða

Dómstóllinn taldi að sú framkvæmd sem kærandi kvartaði yfir væri í samræmi við meginregluna um réttláta málsmeðferð, að því gefnu að sakborningi væri veitt tækifæri til að grípa til varna. Kærandi var ákærður tveimur árum og níu mánuðum eftir að yfirmaður skattstofunnar lagði fram kæru sína. Því taldist kærandi hafa haft nægan tíma til að undirbúa vörn sína.

Í tengslum við staðhæfingar kæranda um að sakfelling hans hefði eingöngu byggst á sönnunargögnum sem stöfuðu frá skattyfirvöldum ítrekaði dómstóllinn að einstaklingur gæti verið sakfelldur fyrir að komast hjá greiðslu skatts við slíkar kringumstæður að tveimur skilyrðum uppfylltum. Í fyrsta lagi yrði dómstóllinn í refsímáli að leggja mat á hvort niðurstöður skattyfirvalda væru réttar og í öðru lagi að tryggja að við rannsókn sönnunargagna væri gætt jafnræðis milli aðila. Þau skilyrði hefðu verið uppfyllt í máli kæranda.

Að auki hefði kærandi haft möguleika á að krefjast annarra rannsóknarúrræða eða leggja fram hvert það sönnunargagn sem hann óskaði til að bregðast við gögnum sem skattyfirvöld lögðu fram. Ekkert hafi staðið því í vegi að kærandi legði fram sömu sönnunargögn fyrir áfrýjunardómstólnum og þau gögn sem hann hefði látið sérfróða matsmanninum í té við stjórnslumeðferð málsins. Á grundvelli þeirra gagna hafði matsmaðurinn talið að engir alvarlegir misbrestir væru í bókhaldi fyrirtækisins. Kærandi hefði því haft tækifæri til að koma sínum sjónarmiðum á framfæri fyrir tveimur mismunandi dómstólum vegna málsins.

Að lokum athugaði dómstóllinn hvort hallað hefði á kæranda þar sem áfrýjunardómstóllinn komst að niðurstöðu í máli hans án þess að biða eftir að matsgerðin yrði lögð fram fyrir stjórnsludómstólinn. Dómstóllinn tók fram að málsmeðferð fyrir stjórnsludómstóli annars vegar og sakadómi hins vegar

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

væru óháðar hvor annarri og hefðu mismunandi markmið og tilgang. Stjórn-sýsludómstóllinn hefði lögsögu í málum varðandi skattstofn og umfang skatt-lagningar en sakadómur færi hins vegar með mál sem tengdust skattsvikum. Ákvarðanir stjórn-sýsludómstólsins væru jafnframt ekki bindandi fyrir saka-dóm. Með hliðsjón af niðurstöðu hins sérfróða matsmanns, taldi dómstóllinn að þrátt fyrir að áfrýjunardómstóllinn hefði frestað frekari málsmeðferð, þar til matsgerðin hefði verið lögð fram, benti ekkert til þess að niðurstaða málsins hefði orðið önnur.

Með hliðsjón af framangreindum atriðum taldi dómstóllinn að gætt hefði verið að jafnræði aðila við málsmeðferð og að ekki hefði verið brotið gegn 1. mgr. 6. gr. sáttmálans.

Kennedy gegn Bretlandi

Dómur frá 18. maí 2010

Mál nr. 26839/05

Sjá reifun dómsins undir 8. gr.

Leynilegt eftirlit með fjarskiptum. Varsla og eyðing gagna. Opinber máls-meðferð.

Gäfgen gegn Þýskalandi – Yfirdeild

Dómur frá 1. júní 2010

Mál nr. 22978/05

Sjá reifun dómsins undir 3. gr.

Yfirheyrsluaðferðir. Ómannúðleg meðferð. Notkun ólöglega fenginna sönn-unargagna.

Hakimi gegn Belgíu

Dómur frá 29. júní 2010

Mál nr. 665/08

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

Áfrýjun refsídóms. Áfrýjunarfrestur. Leiðbeiningar um áfrýjun.

1. Málsatvik

Kærandi, Abdelkader Hakimi, er marokkóskur ríkisborgari, fæddur 1965. Hann afplánar refsídóm í fangelsi í Andenne í Belgíu.

Þann 15. september 2006 var kærandi sakfelldur fyrir að hafa tekið þátt í starfsemi hryðjuverkasamtaka og dæmdur í 8 ára fangelsi og 2.500 evra sekt. Hann var ekki viðstaddur dómsuppkvaðninguna. Dómurinn var afhentur kæranda sama dag í Saint-Gilles fangelsinu. Dómurinn var á frönsku og gat ákærði ekki lesið hann en kærandi hafði notið aðstoðar túls á meðan meðferð málsins og rannsókn þess hafði staðið. Kæranda var ekki gerð grein fyrir því að hann hefði 15 daga áfrýjunarfrest. Tæpum sex vikum síðar óskaði kærandi eftir endurskoðun á máli sínu. Hann byggði m.a. á því að hann hefði ekki notið

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

aðstoðar túlks þegar niðurstaða dómsins var kynnt honum og að fangelsisýfirvöld hefðu neitað honum um upplýsingar um möguleika á áfrýjun.

Þann 9. mars 2007 hafnaði áfrýjunardómstóll málaleitan kæranda á grundvelli þess að beiðni hans hefði komið of seint. Dómstóllinn vísaði í forðæmi hæstaréttar landsins um að það væru engar reglur sem kvæðu á um að tilkynna bæri sakborningi um möguleika á áfrýjunum, hvaða stofnanir væru bærar til að taka við slíkum áfrýjunum og innan hvaða frests yrði að senda þær. Þann 27. júní 2007 staðfesti hæstiréttur niðurstöðu áfrýjunardómstólsins. Í niðurstöðunni var tekið fram að hvorki Mannréttindasáttmáli Evrópu né belgísk lög kvæðu á um að sakborningur ætti að fá að vera viðstaddur dómuppkvaðningu eða að tilkynna bæri honum um möguleika hans á áfrýjun.

Í kjölfar þess að dómstóllinn fjallaði um sambærilegt álitamál árið 2007 sem einnig varðaði Belgíu brugðust belgísk stjórnvöld við. Nú er sakborningum gerð grein fyrir möguleikum þeirra á áfrýjun í kjölfar dómuppkvaðninga.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi byggði á 1. mgr. 6. gr. sáttmálans og vísaði til þess að áfrýjun hefði verið hafnað á þeirri forsendu að hún hefði komið of seint fram. Hann benti sérstaklega á að fangelsisýfirvöld hefðu ekki tilkynnt honum um þá tímafresti sem giltu þegar honum var kynntur dómurinn í máli sínu.

Niðurstaða

Kærandi tók sérstaklega fram að markmið hans með kæru til Mannréttindadómstólsins væri að fá mál sitt tekið upp að nýju í Belgíu. Í belgískum lögum var heimild til slíkrar endurupptöku í kjölfar áfellsisdóms Mannréttindadómstólsins. Aftur á móti var vafi á því hvort slík heimild næði jafnframt til tilvika þar sem belgísk stjórnvöld hefðu sjálf einhliða viðurkennt brot. Belgísk stjórnvöld höfðu viðurkennt að þau hefðu brotið gegn 1. mgr. 6. gr. og höfðu þau vegna þessa greitt kæranda 10 þúsund evrur í miskabætur. Af þessum sökum hafnaði dómstóllinn beiðni kæranda að því er beiðni hans um úrbætur varðaði.

Dómstóllinn fjallaði því um efnisatriði málsins. Vísaði hann til fyrra máls sem varðaði sambærileg atvik. Í því máli hafði dómstóllinn komist að þeirri niðurstöðu að brotið hefði verið gegn rétti kæranda í því máli með því að kveða upp dóm að sakborningi fjarstöddum og hafna síðan beiðni hans um áfrýjun vegna tímafresta. Dómstóllinn taldi að hið sama hefði átt sér stað í máli kæranda og þess vegna hefði verið brotið gegn réttindum hans samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sáttmálans.

Að lokum tók dómstóllinn fram að viðurkenning á broti stjórnvalda væri nægilegar bætur fyrir kæranda. Hann ítrekaði að eðlilegt væri að belgísk stjórnvöld tækju mál kæranda upp að nýju til að tryggja að málsmeðferð í máli hans samræmst 6. gr. sáttmálans.

7. gr. Engin refsing án laga

Flinkkilä ofl. gegn Finnlandi

Dómur frá 6. apríl 2010

Mál nr. 25576/04

Sjá reifun dómsins undir 10. gr.

Einkalífsvernd. Opinber persóna. Fjölmíðlar. Skýrleiki refsheimilda.

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Gillan og Quinton gegn Bretlandi

Dómur frá 12. janúar 2010

Mál nr. 4158/05

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Lagaheimildir til leitar. Afmörkun heimilda til takmarkana á mannréttindum. Varnir gegn hryðjuverkum.

1. Málsatvik

Málið varðaði heimildir lögreglu samkvæmt 44. til 47. gr. bresku hryðjuverkalaganna. Samkvæmt lögunum var lögreglu heimilt að stöðva einstaklinga og leita á þeim án þess að fyrir lægi grunur um refsivert brot.

Samkvæmt lögunum gátu yfirmenn í lögreglunni veitt einkennisklæddum lögreglumönnum almenna heimild til að stöðva vegfarendur og leitað á þeim ef viðkomandi yfirmaður mat aðgerðina nauðsynlega til að koma í veg fyrir hryðjuverk en ráðherra varð að staðfesta heimildina innan 48 klst. frá því að hún var gefin út. Lögreglumenn sem leituðu á grundvelli slíkra heimilda máttu stöðva vegfarendur og gefa þeim fyrirmæli um að taka af sér höfuðföt, skó, ytri klæði og hanska. Þeir höfðu einnig heimild til að leita í vösum á klæðnaði viðkomandi, þreifa á þeim og leita í hári. Heimilt var að framkvæma leitina á almannafæri. Refsivert var að neita að láta leita á sér og gat slíkt varðað sektum eða fangelsi.

Lög um varnir gegn hryðjuverkum tóku gildi 19. febrúar 2001. Fram að þeim tíma sem dómur Mannréttindadómstólsins var kveðinn upp höfðu 44 slíkar opnar leitarheimildir verið gefnar út á grundvelli þeirra. Allar náðu þær til alls Lundúnasvæðisins og gildistími þeirra var alltaf 28 dagar sem var hámarksgildistími þeirra samkvæmt lögunum. Á árunum 2004 til 2008 voru um 80 þúsund leitir framkvæmdar á grundvelli slíkra heimilda en frá 2001 til 2004 voru rúmlega 30 þúsund leitir framkvæmdar.

Kærendur, Kevin Gillan og Pennie Quinton, eru breskir ríkisborgarar. Þau fæddust árin 1977 og 1971 og búa í London. Lögreglan stöðvaði þau og leitaði á þeim 9. september 2003 með vísan til 44. til 47. gr. hryðjuverkalaganna. Þau voru þá á leið til mótmælaaðgerða sem stóðu yfir vegna sölusýningar vopnasala í borginni. Pennie Quinton er blaðakona og var fyrirskipað að hætta myndatökum þrátt fyrir að hún framvísaði blaðamannaskilríkjum. Kevin Gillan var haldið í 20 mínútur. Pennie Quinton var haldið í fimm mínútur samkvæmt gögnum lögreglu. Hún taldi aftur á móti að um hefði verið að ræða hálf tíma.

Málinu var vísað frá á æðsta dómstigi. Taldi dómstóllinn að vafasamt væri að hinar umdeildu leitaráðgerðir hefðu haft áhrif á friðhelgi einkalífs í

skilningi 8. gr. sáttmálans. Jafnvel þótt 8. gr. ætti við þá hefðu aðgerðirnar verið framkvæmdar í samræmi við lög og verið í samræmi við þá ógn sem stafaði af hryðjuverkum.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kvörtun kæranda laut að því að heimild hryðjuverkalaganna til að stöðva og leita á þeim hefði brotið gegn persónufrelsi þeirra samkvæmt 5. gr., friðhelgi einkalífs samkvæmt 8. gr., tjáningarfrelsi samkvæmt 10. gr. og funda- og félagafrelsi samkvæmt 11. gr.

Niðurstaða

Um 8. gr.: Dómstóllinn tók fram að heimildin í hryðjuverkalöggjöfinni til að leita ítarlega á fólki, fötum þess og persónulegum munum væri skýr takmörkun á rétti einstaklinga til friðhelgi einkalífs. Sú staðreynd að leitin væri framkvæmd á almannaferi gæti jafnvel í einstökum tilvikum talist vera alvarlegri röskun í ljósi þeirrar auðmýkjandi stöðu sem einstaklingurinn væri settur í við slíka leit. Ekki væri hægt að bera leitir sem þessar saman við leit sem fólk þyrfti að sæta á flugvöllum. Hægt væri að lita svo á að flugfarþegi veitti samþykki sitt fyrir leitinni með því að velja að nota þann samgöngumáta. Leit- arheimild lögreglu á grundvelli hryðjuverkalaganna væri annars eðlis. Hægt væri að stöðva einstakling fyrirvaralaust, hvar sem er og hvenær sem er, án þess að maður hefði val um það hvort hann léti leita á sér eða ekki.

Dómstóllinn tók til skoðunar hvort takmörkunin hefði verið lögmælt. Að mati dómstólsins var lögreglu veitt afar vítt svigrúm samkvæmt hryðjuverka- lögunum til að ákveða hvort leit færi fram og hvernig hún yrði framkvæmd. Að þessu leyti hefði skort á viðunandi vörn fyrir einstaklinginn gagnvart afskiptum stjórnvalda byggðum á geðþótta.

Í þessu sambandi vísaði dómstóllinn í fyrsta lagi til þess að lögin gerðu enga kröfu um að „nauðsynlegt“ væri að stöðva einstakling og leita á honum. Einungis væri kveðið á um að slíkt væri „ráðlegt“. Þrátt fyrir að ráðherra gæti neitað að staðfesta opna leitarheimild af þessu tagi eða breytt gildistíma hennar hefði aldrei reynt á það í framkvæmd. Þær takmarkanir sem löggjafinn hefði mælt fyrir um, bæði varðandi tíma og staðbundið gildissvið, hefðu í raun ekki haft neina raunverulega þýðingu. Dómstóllinn benti á að landfræðilega hefðu heimildirnar verið afar opnar og síðan endurnýjaðar stöðugt. Löggjöfin mælti fyrir um eftirlit af hendi sjálfstæðs eftirlitsaðila en völd hans voru takmörkuð. Tilmæli hans um að nota ætti heimildina í minna mæli höfðu verið að engu höfð.

Dómstóllinn taldi einnig að það væri áhyggjuefni hversu vítt svigrúm einstakir lögreglumenn fengu til mats. Lögreglumenn byggðu mat sitt einvörð- ungu á hugboðum og innsæi. Ekki væri nóg með að lögreglumenn þyrftu ekki

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

að sýna fram á rökstuddan grun heldur þurftu í raun ekki einu sinni að liggja fyrir nokkrar efnislegar grunsemdir varðandi þann vegfaranda sem væri stöðvaður og leitað á. Eina takmörkunin sem leitarheimildinni var sett var að tilgangurinn yrði að vera leit að hlutum sem gætu verið notaðir í tengslum við hryðjuverk. Margs konar hlutir sem fólk notaði dags daglega gætu fallið undir skilgreininguna og lögreglumenn þurftu samkvæmt lögunum ekki að hafa grun um að fólk hefði slíka hluti á sér til að réttlæta leit.

Dómstóllinn tók fram að tölfraðiupplýsingar og önnur gögn bentu til þess að lögreglumenn í London gripu reglulega til hinnar umdeildu leitarheimildar. Í þessum tilvikum væri mikil hætt á að geðþóttaákvæðanir yrðu teknar. Dómstóllinn benti á tölfraðiupplýsingar sem leiddu í ljós að lögreglan leitaði frekar á þeldökkum einstaklingum eða einstaklingum af asískum uppruna. Enn fremur væri hætt á að heimildinni yrði beitt gegn mótmælendum og að brotið yrði þannig gegn 10. og 11. gr. sáttmálans.

Enda þótt hægt væri að fá endurskoðun dómstóla á ákvörðunum yfirmanna lögreglunnar og ráðherra um að veita almenna leitarheimild væru yfirvöldum fengnar svo opnar heimildir að erfitt væri fyrir kærundur að sýna fram á að valdi hefði verið misbeitt. Að sama skapi væri erfitt að sýna fram á að framkvæmd hefði verið óeðlileg þegar lögreglumenn báru svo litla skyldur samkvæmt lögunum.

Dómstóllinn taldi af þessum sökum að heimildin í hryðjuverkalögunum hefði ekki verið nægilega afmörkuð til að koma í veg fyrir misnotkun. Af þessum sökum þótti ekki nægilega mælt fyrir um takmörkun á friðhelgi einkalífs í lögum. Dómstóllinn komst því að þeirri niðurstöðu að brotið hefði verið gegn 8. gr. sáttmálans.

Önnur ákvæði: Dómstóllinn taldi ekki ástæðu til að fjalla frekar um efni kærunnar á grundvelli 5., 10. og 11. gr. sáttmálans.

Kærendum voru dæmdar 33.850 evrur í málskostnað. Dómsniðurstaðan var að öðru leyti talin fullnægjandi til að bæta miska kærenda.

A.W. Khan gegn Bretlandi

Dómur frá 12. janúar 2010

Mál nr. 47486/06

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Útlendingar. Brottvísun.

1. Málsatvik

Kærandi, A.W. Khan, er fæddur 1975 í Pakistan. Hann fluttist með föður sínum til Bretlands þegar hann var þriggja ára gamall. Hann fékk þá ótímabundið dvalarleyfi.

Árið 1993 var kærandi sakfelldur fyrir þjófnað og árið 1998 fyrir að nota falsaða ávísun. Í janúar 2003 var hann sakfelldur fyrir innflutning á 2,5 kg af heróíni. Í dómnum kom fram að kærandi hefði ekki verið aðalskipuleggjandi

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

brotsins en hefði af fúsum vilja tekið þátt í smyglinu. Hann var dæmdur í sjö ára fangelsi en var sleppt í apríl 2006 vegna góðrar hegðunar.

Í maí 2006 var kæranda tilkynnt að vísa ætti honum úr landi með vísan til bresku innflytjendalaganna til þess að koma í veg fyrir glæpi og til varnar heilsu og siðgæði. Kærandi skaut ákvörðuninni til dómstóla. Hann vísaði til þess að öll nánasta fjölskylda hans byggi í Bretlandi, heilsa móður hans og systkina væri bágborin og það væri í hans verkahring að annast heimili þeirra. Kærandi þjáðist einnig af meltingarsjúkdómi sem hann fékk meðferð við í Bretlandi. Af þessum sökum taldi kærandi að brotið væri gegn 8. gr. sáttmálans með því að vísa honum úr landi.

Dómari í málefnum innflytjenda vísaði kröfu hans frá. Dómarinn taldi að tengsl kæranda við fjölskyldu hans ristu ekki dýpra en venjulegt væri. Hann benti sér í lagi á að fjölskyldan hefði komist af þrátt fyrir að kærandi hefði setið í fangelsi. Einnig væru líkur á að kærandi næði að aðlaga sig lífinu í Pakistan. Kærandi væri atvinnulaus 28 ára karlmaður og við góða heilsu að því frátöldu að hann væri með meltingarsjúkdóm. Ljóst var að kærandi væri mæltur á punjabi. Dómarinn taldi einnig að kærandi hefði sótt læknis meðferð óreglulega í Bretlandi og vafalaust gæti hann fengið meðferð í pakistanska heilbrigðiskerfinu. Áfrýjanir kæranda á þessari niðurstöðu báru ekki árangur.

Í ágúst 2008 leitaði kærandi til innanríkisráðuneytisins og tilkynnti að honum hefðu borist líflátshótanir frá einum sakborninganna í málinu sem hann hafði upphaflega verið dæmdur í. Sá var búsettur í Pakistan og taldi kærandi að honum yrði stefnt í lífshættu yrði honum gert að snúa til Pakistan. Jafnframt benti hann á að heilsufari móður hans hefði hrakað og að ef honum yrði vísað úr landi myndi hann tæplega sjá hana aftur. Í nóvember 2008 benti kærandi yfirvöldum á að hann ætti von á barni með breskri unnustu sinni í desember 2008. Í apríl 2009 tilkynnti kærandi að hann hefði eignast barn.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi vísaði til þess að ákvörðunin um að vísa honum úr landi bryti gegn friðhelgi einkalífs hans og fjölskyldu samkvæmt 8. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Bresk yfirvöld féllust á að brottvísun kæranda fæli í sér skerðingu á friðhelgi einkalífs hans. Dómstóllinn tók fram að 8. gr. verndaði rétt manna til að mynda tengsl við aðra einstaklinga í umhverfi sínu og það samfélag sem þeir byggju í. Burt séð frá tilvist fjölskyldulífs kæranda og með vísan til þess hversu lengi kærandi hafði búið í Bretlandi taldi dómstóllinn að brottvísun kæranda úr landinu myndi skerða friðhelgi einkalífs hans. Dómstóllinn tók fram að það réðist af hverju tilviki fyrir sig hvort um væri að ræða röskun á fjölskyldulífi eða einkalífi eða hvoru tveggja.

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Dómstóllinn rakti að í fyrri niðurstöðum sínum hefði hann talið að fjölskyldulíf skapaðist ekki á milli foreldra og barna þeirra sem komin væru á fullorðinsaldur nema hægt væri að sýna fram á að tengslin væru þess eðlis að einstaklingar væru háðir hver öðrum. Dómstóllinn taldi að tengsl kæranda við móður sína og systkini væru ekki þess eðlis að fjölskyldulífi þeirra yrði raskað með því að vísa honum úr landi.

Dómstóllinn fjallaði því næst um þau tengsl sem væru á milli kæranda og breskrar unnustu hans og barns þeirra. Dómstóllinn tók fram að fjölskyldulíf skapaðist milli barns og foreldra. Sambyli þeirra gæti verið skilyrði fyrir slíku sambandi en aðrir þættir gætu einnig sýnt fram á að um fjölskyldulíf væri að ræða. T.a.m. hvort einstaklingarnir hefðu ákveðið að eignast barn, hvort faðirinn viðurkenndi að barnið væri sitt, framlög til uppeldis barnsins og gæði og tíðni sambands foreldra við barnið. Dómstóllinn tók fram að kærandi og kærasta hans hefðu verið í sambandi frá ágúst 2005 og kærandi hefði gengist við faðerni barns þeirra þrátt fyrir að hann gæti ekki búið með þeim sökum þess að hann væri í haldi breskra yfirvalda. Dómstóllinn féllst á að tengsl kæranda við kærustu sína og barn væru nægileg til að það teldist vera fjölskyldulíf í skilningi 8. gr. sáttmálans.

Dómstóllinn taldi þess vegna að ákvörðunin um að vísa kæranda úr landi væri takmörkun á bæði einkalífi kæranda og fjölskyldulífi hans.

Dómstóllinn tók fram að ekki væri vafi á því að ákvörðunin hefði byggst á heimild í breskum innflytjendalögum. Hann tók einnig fram að markmið ákvörðunarinnar hefði verið lögmætt.

Því næst tók dómstóllinn til skoðunar hvort takmörkunin hefði verið nauðsynleg í lýðræðislegu samfélagi. Dómstóllinn vísaði til fyrri dóma sinna og setti fram þau viðmið sem lögð yrðu til grundvallar við mat á því hvort ákvörðun um brottvísun væri nauðsynleg í lýðræðislegu samfélagi: Hvert væri eðli þeirra brota sem kærandi hefði framið og hversu alvarleg þau hefðu verið. Hversu lengi kærandi hefði dvalið í landinu sem honum væri vísað frá. Tíminn sem liðinn var síðan brot hefði verið framið og hvernig hegðun kæranda hefði verið á því tímabili. Þjóðerni þeirra einstaklinga sem kæmu við sögu í málinu. Staða fjölskyldu kæranda, s.s. lengd hjónabands eða aðrir þættir sem sýndu fram á hversu virkt fjölskyldulíf væri. Hvort maki vissi um brot kæranda þegar samband hófst. Hvort hjón hefðu eignast barn og hversu gömul þau væru. Hversu alvarleg áhrif það hefði á makann að flytja til þess lands sem kæranda yrði vísað til.

Dómstóllinn tók fram að hann vildi bæta við tveimur sjónarmiðum. Annars vegar hverjir hagsmunir barns kæranda væru og þá sér í lagi hversu erfitt það yrði fyrir það að alast upp í því landi sem honum yrði vísað til. Hins vegar hversu mikil félagsleg, menningarleg og fjölskyldutengsl væru á milli kæranda og heimalandsins annars vegar og landsins sem viðkomandi yrði vísað til hins vegar.

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Dómstóllinn fjallaði síðan um alvarleika fíkniefnamála og að meta yrði brot kæranda til samanburðar við þá hagsmuni sem mæltu gegn því að honum yrði vísað úr landi. Hins vegar yrði líka að taka til skoðunar sjónarmið eins og það að kærandi hafði ekki áður brotið af sér með alvarlegum hætti og hafði sýnt af sér góða hegðun eftir að brotið hafði verið framið. Kærandi hafði búið í Bretlandi nær allt sitt líf og hafði nær engin tengsl við Pakistan. Dómstóllinn viðurkenndi að líf móður hans og tveggja bræðra í Bretlandi yrði mun erfiðara ef kæranda yrði vísað úr landi.

Hvað varðaði fjölskyldulíf kæranda tók dómstóllinn fram að unnusta kæranda hefði ætíð búið í Bretlandi, talaði ekki tungumál sem töluð væru í Pakistan og ætti enga ættingja þar. Hún væri ekki tilbúin til að flytja til Pakistan. Aftur á móti benti dómstóllinn á að henni hefði verið fullkunnugt um sakaferil kæranda þegar samband þeirra hófst og að kærandi hefði ekki tilkynnt breska innanríkisráðuneytinu að hann ætti von á barni í ágúst 2008 þegar honum hlaut að vera kunnugt um það. Af þessum sökum taldi dómstóllinn að ekki væri hægt að leggja mikið upp úr fjölskyldutengslum kæranda við unnustu sína.

Dómstóllinn taldi að hótanir sem kærandi hafði fengið hefðu ekki þýðingu enda væru sönnunargögn þar um ófullnægjandi og kærandi hefði ekki séð ástæðu til að láta yfirvöld vita af þeim þrátt fyrir að þær hefðu hafist löngu fyrr.

Í ljósi alls þessa taldi dómstóllinn að með vísan til þess hversu lengi kærandi hafði búið í Bretlandi, hversu ungur hann hafði flust til landsins, hversu sterk tengsl hann hefði við landið og þess að hann hafði ekki brotið aftur af sér eftir að honum var sleppt úr haldi árið 2006 teldist brottvísun hans ekki vera í samræmi við það markmið sem stefnt væri að með ákvörðuninni. Hún væri af þessum sökum ekki nauðsynleg í lýðræðislegu samfélagi. Brotið yrði gegn 8. gr. sáttmálans ef kæranda yrði vísað úr landi til Pakistan.

Kæranda voru dæmdar 1.750 evrur í miskabætur.

Kozak gegn Póllandi

Dómur frá 2. mars 2010

Mál nr. 13102/02

Sjá reifun dómsins undir 14. gr.

Leigusamningar um íbúðarhúsnæði. Mismunur á grundvelli kynhneigðar.

A.D. og O.D. gegn Bretlandi

Dómur frá 16. mars 2010

Mál nr. 28680/06

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

13. gr. Réttur til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns

Börn. Aðgerðir barnaverndaryfirvalda. Ákvörðun um föstur.

1. Málsvatik

Kærandur eru A.D. og O.D., breskir ríkisborgarar búsettir í Manchester á Englandi. A.D. er fædd árið 1966 og er móðir O.D. sem er fæddur árið 1996. Nokkrum mánuðum eftir fæðingu O.D. tók lækni eftir að hann var rifbeinsbrotinn á nokkrum stöðum. Barnalækni taldi að brotin væru þess eðlis að þau hefðu ekki getað orsakast af óhappi. Hann útilokaði að O.D. væri með sjúkdóm sem kallast beinbrotasýki en sá sjúkdómur eykur verulega hættu á beinbrotum. A.D. taldi að O.D. kynni að vera haldinn sjúkdómnum.

Eftir að röntgenlækni hafði staðfest niðurstöðu barnalæknis fóru barnaverndaryfirvöld fram á bráðabirgðáurskurð dómara um að A.D., maki hennar og O.D. skyldu flytjast inn á sérstaka stofnun sem sinnti málefnum fjölskyldna til að hægt væri að framkvæma mat á þeirri hættu sem O.D. var hugsanlega í. Dómari féllst á það með úrskurði 7. maí 1997. Fyrirmælin sem stofninin fékk voru hins vegar svo óljós að á meðan 12 vikna dvöl fjölskyldunnar á stofnuninni stóð var ekki framkvæmt áhættumat heldur annars konar mat sem beindist sérstaklega að foreldrum O.D.

Af þessum sökum fór svo að hið umbeðna áhættumat lá ekki fyrir þegar dvöl fjölskyldunnar á stofnuninni lauk. Barnaverndaryfirvöld töldu því að ekki væri hægt að fela foreldrum O.D. að sjá um hann. Í ágúst 1997 var O.D. settur í föstur hjá fösturforeldrum. A.D. og maki hennar fengu að hitta O.D. daglega. Óháð samtök framkvæmda áhættumat á stöðu O.D. og komust að þeirri niðurstöðu að foreldrar hans ættu að fá hann aftur til sín án tafar.

Áður en af því varð datt O.D. og var farið með hann á spítala. Röntgenmynd sýndi að bein hans voru afar þunn og brothætt. Þann 8. desember 1997 fengu foreldrar O.D. hann aftur til sín. Læknar voru ekki sammála um sjúkdómsgreiningu O.D. en að lokum komust sérfræðingar að þeirri niðurstöðu að O.D. hefði beinbrotasýki og að bein hans hefðu getað brotnað við eðlilega meðferð. Ákvarðanir barnaverndaryfirvalda vegna O.D. voru í kjölfarið afturkallaðar.

A.D. kvartaði til stjórnvalda vegna meðferðar á máli sínu. Rannsókn fór fram og varð niðurstaðan að meðferð málsins hefði verið ábótavant. A.D. höfðaði sjálf skaðabótamál á hendur stjórnvöldum og einnig fyrir hönd O.D. Kröfunum var hafnað. Áfrýjunardómstóll komst að þeirri niðurstöðu að barnaverndaryfirvöld hefðu ekki borið neina ábyrgð gagnvart A.D. og að ekki hefði verið sýnt fram á að O.D. hefði orðið fyrir neinu tjóni.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi að ákvörðun barnaverndaryfirvalda um að taka O.D. úr forsjá hennar og setja í föstur hefði brotið gegn 8. gr. sáttmálans. Hún hefði ekki haft nein úrræði til að fá þá ákvörðun endurskoðaða og því hefði verið brotið í bága við 13. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Um 8. gr.: Dómstóllinn tók fram að þótt sérfræðingar kæmust að rangri niðurstöðu leiddi það ekki sjálfkrafa til þess að úrræði sem til væri gripið til verndar börnum á grundvelli þeirra væru í andstöðu við 8. gr. sáttmálans. Sérstaklega var bent á að erfitt væri að greina beinbrotasýki í ungum börnum og jafnvel þótt sérfræðingar hefðu síðar meir getað greint sjúkdóminn þá þýddi það ekki að fyrra mat hefði verið ófullnægjandi, óljóst eða byggt á röngum forsendum. Dómstóllinn taldi þess vegna að stjórnvöldum yrði ekki kennt um að sjúkdómurinn var ekki greindur fyrr. Ekki væri því hægt að áfella stjórnvöld fyrir að taka ákvarðanir sínar á þeirri forsendu að O.D. væri ekki haldinn sjúkdómnum.

Dómstóllinn var aftur á móti ekki sannfærður um að nauðsynlegt hefði verið að láta fjölskylduna flytjast búferlum langt að heiman til að gangast undir áhættumat. Enn fremur taldi dómstóllinn að barnaverndaryfirvöld hefðu gert nokkur grundvallarmistök við meðferð málsins. Ástæða þess að O.D. var látinn í hendur fösturforeldra var sú að stjórnvöld höfðu fyrir mistök ekki framkvæmt áhættumatið sem þau töldu nauðsynlegt til að taka afstöðu til þess hvort foreldrum hans væri treystandi fyrir umönnun hans. Þegar matið lá loks fyrir varð niðurstaða þess að koma ætti O.D. sem allra fyrst aftur í umsjá foreldra sinna. Dómstóllinn benti á að verulegar líkur væru á að ef matið hefði strax farið fram eins og til stóð hefði O.D. aldrei verið settur í umsjá fösturforeldra.

Auk þess taldi dómstóllinn að vægari úrræði hefðu staðið stjórnvöldum til boða vegna framkvæmdar áhættumatsins. Barnaverndaryfirvöld hefðu t.d. án nægjanlegrar skoðunar hafnað þeim möguleika að setja O.D. í umsjá ættingja á meðan matið færi fram. Loks taldi dómstóllinn að of miklar tafir hefðu orðið á að foreldrar O.D. fengu hann aftur eftir að áhættumat lá fyrir. Af þessum sökum komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að þrátt fyrir að upphaflega hefði verið ástæða fyrir barnaverndaryfirvöld að grípa til aðgerða, hefði meðferð málsins ekki tekið nægilega mið af friðhelgi einkalífs kæranda og meðalhöfs ekki verið gætt. Bresk stjórnvöld hefðu því brotið gegn 8. gr. sáttmálans.

Um 13. gr.: Dómstóllinn tók fram að A.D. hefði verið í sambærilegri stöðu og kærundur í öðru máli sem dómstóllinn hefði tekið til meðferðar. Í því máli hafði dómstóllinn talið að áður en heildstæð löggjöf var sett í Bretlandi um mannréttindi árið 1998 hefðu ekki verið til staðar nein úrræði í breskum rétti til að krefjast skaðabóta fyrir vanrækslu stjórnvalda og að sú staða hefði brotið gegn 13. gr. sáttmálans. Dómstóllinn taldi þess vegna að með sama hætti hefði verið brotið gegn réttindum A.D. samkvæmt 13. gr. sáttmálans. Aftur á móti hefði O.D. verið í annarri stöðu. Þar sem barnaverndaryfirvöldum bar skylda til að vernda hann hefði hann getað höfðað mál fyrir breskum dómstólum eins og hann gerði raunar. Þess vegna hefði verið til staðar fullnægjandi úrræði fyrir hann til að leita réttar síns og þar með hefðu réttindi hans samkvæmt 13. gr. verið virt.

Dómstóllinn dæmdi kærendum 15 þúsund evrur í miskabætur.

M.A.K. og R.K. gegn Bretlandi

Dómur frá 13. mars 2010

Mál nr. 45901/05 og 40146/06

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

13. Réttur til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns

Börn. Aðgerðir barnaverndaryfirvalda. Læknisrannsókn án samþykkis.

1. Málsatvik

Kærendur eru M.A.K. og dóttir hans R.K. Þau eru breskir ríkisborgarar og búa í Bretlandi. R.K. fæddist árið 1989.

M.A.K. fór með dóttur sína til læknis í september 1997 og í febrúar 1998. Ástæðan var sú að foreldrar R.K. og sundkennari hennar höfðu áhyggjur af áverkum á fótleggjum hennar. Í mars 1998 var R.K. send í skoðun til barnalæknis á sjúkrahúsi. Þar voru tekin blóðsýni og myndir af stúlkunni án vitundar foreldra stúlkunnar. Þetta var gert þrátt fyrir að M.A.K. hefði tekið fram að engar rannsóknar skyldu fara fram á stúlkunni án þess að móðir hennar veitti samþykki og væri viðstödd. Eftir að hafa skoðað kynfæri stúlkunnar og fótleggi komst læknirinn að þeirri niðurstöðu að hún hefði sætt kynferðislegri misnotkun og tilkynnti félagsráðgjöfum um málið. Foreldrar stúlkunnar fengu ekki að sækja dóttur sína síðar sama dag.

Næsta dag var M.A.K. leyft að heimsækja dóttur sína undir eftirliti. Daginn eftir tilkynnti móðir R.K. barnalækninum sem sá um mál hennar að R.K. hefði nokkrum dögum fyrr meitt sig á hjóli. Læknirinn taldi engu að síður að ekki léki vafi á að R.K. hefði verið misnotuð kynferðislega. Félagsráðgjafar veittu móðurinni leyfi til að sofa á sjúkrastofu með R.K.

Nokkrum dögum síðar tók móðir R.K. eftir áverkum á höndum dóttur sinnar. Fékk hún húðsjúkdómalækni til að skoða R.K. Hann greindi R.K. með sjaldgæfan húðsjúkdóm og útskrifaði hana af sjúkrahúsinu. Barnalæknirinn sem hafði talið að R.K. hefði orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi ritaði foreldrunum bréf þar sem tekið var fram að ekki hefðu legið fyrir nægjanlega skýr gögn til að sýna fram á að R.K. hefði verið misnotuð.

M.A.K. og R.K. kvörtuðu til breskra stjórnvalda vegna málsins. Sérstök nefnd var sett á laggirnar til að fara yfir meðferð þess. Hún taldi að þótt fyrri greining barnalæknisins hefði ekki beinlínis verið ámælisverð hefði lækninum borið að fá mat húðlæknis sem allra fyrst og ræða hefði átt við R.K. um áverkana. Kærandi höfðaði mál gegn stjórnvöldum og sjúkrahúsinu og krafðist miskabóta og bóta vegna fjártjóns. Stjórnvöld voru sýknuð af kröfum M.A.K. og R.K.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

M.A.K. kvartaði til dómstólsins á grundvelli þess að bresk stjórnvöld hefðu brotið gegn 3. gr. sáttmálans með því að niðurlægja hann og valda honum

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

andlegu álagi. Hann byggði einnig á 8. gr. vegna þess að honum var í tíu daga neitað um að heimsækja R.K. og af því að blóðsýni og myndir voru teknar af henni án samþykkis foreldranna. Einnig var byggt á því að brotið hefði verið gegn 1. mgr. 6. gr. sáttmálans þar sem R.K. hafði verið svipt lagalegri aðstoð á síðari stigum málsmeðferðarinnar. Loks byggði M.A.K. á því að brotið hefði verið gegn 13. gr. þar sem hann hefði ekki getað krafist skaðabóta í ljósi þess að dómstólar höfðu talið að barnaverndaryfirvöld bæru ekki ábyrgð gagnvart foreldrum barnsins.

Niðurstaða

Um 8. gr.: Dómstóllinn tók fram að heilbrigðis- og félagsmálayfirvöldum bæri skylda til að veita börnum nauðsynlega vernd. Þau gætu ekki verið bótaskyld í hvert skipti sem raunverulegur og rökstuddur grunur væri um að börnum stafaði hætta af öðrum fjölskyldumeðlimum ef í ljós kæmi síðar að grunurinn hefði ekki reynst á rökum reistur.

Í ljósi þeirra gagna sem lágu fyrir var eðlilegt að grunsemdir vöknud hjá barnalækninum sem skoðaði R.K. um að hún hefði orðið fyrir misnotkun. Enn fremur hefði verið réttlætanlegt að stjórnvöld drægju skýringu foreldranna í efa enda lágu þau undir grun um að hafa misnotað dóttur sína. Jafnvel þótt skýring þeirra á áverkunum, þ.e. að R.K. hefði dottið á hjóli, hefði verið lögð til grundvallar þá var stúlkan með fleiri áverka sem voru óútskýrðir.

Dómstóllinn taldi aftur á móti að dregist hefði um of að fá húðsjúkdómalækni til að meta áverka R.K., eða ekki fyrr en fjórum dögum eftir að R.K. var lögð inn á sjúkrahúsið. Dómstóllinn tók fram að jafnvel þótt eðlilegt hefði verið að grunur vaknaði um að brotið hefði verið á R.K. hefðu stjórnvöld átt að láta húðsjúkdómalækni skoða hana fyrr.

Dómstóllinn benti einnig á að bresk lög gerðu skýrlega ráð fyrir að samþykki foreldra þyrfti áður en læknisfræðilegar rannsóknir væru gerðar á börnum þeirra. Engin brýn nauðsyn hefði verið til að framkvæma rannsóknirnar á R.K. áður en móðir hennar gat veitt samþykki sitt. Loks hefði ekki verið ástæða til að ætla að móðir R.K. hefði neitað að veita samþykki sitt. Hefði hún gert það hefði verið hægt að fá dómsúrskurð til að heimila rannsókn. Af þessum sökum væri ekki hægt að réttlæta að tekin hefðu verið blóðsýni og ljósmyndir af 9 ára stúlku gegn skýrum vilja foreldra hennar meðan hún var ein á sjúkrahúsinu.

Af þessum sökum taldi dómstóllinn að brotið hefði verið gegn friðhelgi fjölskyldulífs kæranda og þar með gegn 8. gr. sáttmálans.

Um 13. gr.: Dómstóllinn taldi að M.A.K. hefði átt að geta krafist bóta vegna tjóns sem barnaverndaryfirvöld ollu honum. Þar sem það var ekki mögulegt taldi dómstóllinn að brotið hefði verið gegn rétti hans til raunhæfs úrræðis samkvæmt 13. gr. sáttmálans.

Dómstóllinn dæmdi M.A.K. 2 þúsund evrur og R.K. 4.500 evrur í miskabætur. Þeim voru sameiginlega dæmdar 15 þúsund evrur í málskostnað.

Hand o.fl. gegn Austurríki

Dómur frá 1. apríl 2010

Mál nr. 57813/00

Sjá reifun dómsins undir 14. gr.

Friðhelgi fjölskyldulífs. Bann við notkun á gjafakynfrumum við tæknifrjóvgun.

Macready gegn Tékklandi

Dómur frá 22. apríl 2010

Mál nr. 4824/06 og 15512/08

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Brottnám barns. Haag-samningur. Umgengnisréttur.

1. Málsatvik

Kærandi, Thomas Lawrence Macready, er bandarískur ríkisborgari, fæddur 1971 og búsettur í Georgetown í Bandaríkjunum. Hann bjó ásamt konu sinni E.M. í Bandaríkjunum ásamt syni þeirra, A.T.M. Í kjölfar þess að kærandi lagði fram beiðni um skilnað, í maí 2004, var kveðinn upp bráðabirgðaúrskurður um sameiginlega forsjá foreldranna með syninum. Þann 27. maí komst kærandi hins vegar að því að E.M. hefði yfirgefið Bandaríkin og farið með son þeirra til Tékklands án hans samþykkis.

Með úrskurði dómara í júní 2004 var kveðið á um að E.M. skyldi fara með forsjá A.T.M. Sá úrskurður var kveðinn upp án þess að dómari hefði vitneskju um að E.M. hefði numið soninn á brott án samráðs við kæranda. Í október sama ár höfðaði kærandi mál fyrir tékkneskum dómstól á grundvelli ákvæða Haag-samningsins um einkaréttarleg áhrif af brottnámi barna til flutnings milli landa. Í apríl 2005 komst dómurinn að þeirri niðurstöðu að um ólögmett brott nám væri að ræða í skilningi samningsins og að með því að hafa soninn á brott með þeim hætti hefði E.M. hegðað sér þannig að draga mætti í efa hæfi hennar til að ala soninn upp enda væri hún að hindra kæranda í að hafa samskipti við hann. Það var því niðurstaða dómstólsins að flytja ætti A.T.M. aftur til Bandaríkjanna.

E.M. áfrýjaði dóminum og við meðferð málsins fyrir áfrýjunardómstól var lagt fram álit sérfræðings. Hann komst að þeirri niðurstöðu að A.T.M. væri með vott af einhverfu og þyrfti að vera hjá móður sinni sem hann væri mjög hændur að. Kærandi vefengdi niðurstöðurnar og vísaði til þess að álitíð væri bæði hlutdrægt og í raun ófullgert. Þann 29. júní 2006 var kröfum kæranda hafnað með vísan til þess að flutningur sonarins til Bandaríkjanna væri til þess fallinn að valda honum og þá einkum andlegri heilsu hans varanlegum skaða.

Frá því í október 2004 fór kærandi margoft fram á úrskurði til bráðabirgða um að honum yrði heimilað að hitta son sinn í heimsóknnum kæranda til Tékklands. E.M. áfrýjaði hins vegar flestum slíkum úrskurðum. Þó var hægt að koma á nokkrum fundum milli föður og sonar fram til janúar 2006.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi byggði á því að við málsmeðferðina í máli hans hefði verið brotið í bága við 1. mgr. 6. gr. um réttláta málsmeðferð og gegn friðhelgi fjölskyldulífs hans samkvæmt 8. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Með hliðsjón af málsmeðferðarkröfunum sem felast í 8. gr. sáttmálans og þeirri staðreynd að kjarni málsins lyti að lengd málsmeðferðar og meintu aðgerðarleysi dómstóla við að tryggja kæranda rétt hans til umgengni við barn sitt ákvað dómstóllinn að taka aðeins til skoðunar hvort brotið væri í bága við það ákvæði.

Dómstóllinn benti á það meginmarkmið Haag-sáttmálans að koma í veg fyrir fjölgun alþjóðlegra brotnámsmála. Í málum sem þessum gæti tíminn leitt til óafturkræfra afleiðinga fyrir samband milli barna og foreldra þeirra sem byggju ekki á sama stað. Það væri því afar brýnt að stjórnvöld brygðust við svo fljótt sem auðið væri til að tryggja að barni væri komið í upphaflegar aðstæður. Þannig væri og einnig hægt að forðast lagalegar málamiðlanir vegna *de facto* aðstæðna sem til væru komnar vegna ólögmætrar háttsemi. Þetta hefði hins vegar ekki verið mögulegt í tilviki kæranda þar sem tuttugu mánuðir hefðu liðið frá upphafi málsmeðferðar og fram til þess tíma er endanleg niðurstaða lá fyrir í júní 2006. Í þessu sambandi vísaði dómstóllinn til þess að barnið hefði verið 18 mánaða gamalt þegar það var numið á brott frá Bandaríkjunum.

Á meðan þessi langa málsmeðferð átti sér stað gátu dómstólar ekki úrskurðað um ábyrgð foreldranna gagnvart barninu. Af því leiddi að eini möguleiki kæranda á að uppfylla skyldur sínar sem foreldri var að nýta sér lagaleg og tímabundin úrræði sem gerðu honum kleift að umgangast son sinn af og til þegar hann heimsótti Tékkland. Enn fremur hefðu dómstólar látið hjá líða að heimila honum að nýta sér rétt sinn til umgengni með raunhæfum hætti (með því til dæmis að beita móðurina þvingunarúrræðum eða með því að hafa samband við félagsþjónustuna, barnageðlækna eða sálfræðinga með það að markmiði að greiða fyrir samskiptum milli föður og sonar.

Með hliðsjón af framangreindu var það því einróma niðurstaða dómstólsins að réttur kæranda samkvæmt 8. gr. sáttmálans, til friðhelgis fjölskyldu, hefði ekki verið verndaður með raunhæfum hætti. Í ljósi þessarar niðurstöðu var það mat dómstólsins að óþarfi væri að skoða sérstaklega kvörtun kæranda er laut að sérfræðimatinu eða hvort hann hlaut réttláta málsmeðferð.

Með vísan til 41. gr. voru kæranda dæmdar 15.000 evrur í miskabætur og 5.000 evrur í málskostnað.

Moretti og Benedetti gegn Ítalíu

Dómur frá 27. apríl 2010

Mál nr. 16318/07

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Hugtakið fjölskyldulíf. Ættleiðing. Málsmeðferð.

1. Málsatvik

Kærandur, Luigi Moretti og eiginkona hans, Maria Brunella Benedetti, eru ítalskir ríkisborgarar fæddir 1966 og 1959. Þau eru búsett í Lugo di Ravenna á Ítalíu. Þegar atvik málsins urðu bjuggu þau samt dóttur sinni og barni sem Maria hafði ættleitt. Hjónin tóku gjarnan börn í föstur sem ættleidd höfðu verið af öðrum fjölskyldum.

Með úrskurði í lok maí 2004 var nýfæddu barni, A, komið fyrir hjá kærendum til fimm mánaða en móðir þess hafði hætt að annast það skömmu eftir fæðingu þess. Tíminn var síðar framlengdur fram í desember 2005. Í lok október 2004 óskuðu kærandur eftir leyfi til að ættleiða A. Þeim bárust hins vegar engin svör og ítrekuðu þau því beiðni sína í mars 2005. Í millitiðinni hafði dómstóll úrskurðað að barnið mætti setja til ættleiðingar. Í desember 2005 var annarri fjölskyldu veitt forræði yfir A og var sú niðurstaða ekki birt kærendum. Sama dag var barnið fjarlægð af heimili kæranda með aðstoð lögreglu.

Kröfu kæranda um að ættleiða A var hafnað af dómstóli sem vísaði til þess að önnur fjölskylda hefði þegar fengið heimild til að ættleiða barnið og við þá ákvarðanatöku hefði verið litið til þess hvað væri barninu fyrir bestu. Áfrýjunardómstóll sneri hins þeirri niðurstöðu við með vísan til þess að ekki hefðu verið færð fram fullnægjandi rök fyrir niðurstöðu dómsins og að rannsaka hefði átt umsókn kæranda áður en ákvörðun um að setja barnið til ættleiðingar var tekin og áður en ný fjölskylda hefði verið valin. Í sérfræðimati fyrir áfrýjunardómstól kom fram að barnið virtist vera hænt að báðum pörum en að það virtist hafa samlagast vel nýju fjölskyldunni. Í lok október 2007 komst áfrýjunardómstóllinn að þeirri niðurstöðu að frekari aðskilnaður væri til þess fallinn að skaða barnið.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandur héldu því fram að lög og málsmeðferðarreglur hefðu verið brotnar við meðferð stjórnvalda á beiðni þeirra um heimild til ættleiðingar. Með því hefði verið brotið í bága við rétt þeirra til samkvæmt 8. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Kæran sem dómstólnum barst var frá kærendum sjálfum fyrir eigin hönd og fyrir hönd A. Dómstóllinn benti hins vegar á að kærandur færu ekki með forsjá yfir barninu, ekki hefði verið fallist á beiðni þeirra um að ættleiða það og að þau hefðu ekki framvísað neinum lögmætum gögnum sem rennt gætu

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

stoðum undir að þau færu með gæslu hagsmuna A fyrir dómstólnum. Af þeim sökum vísaði dómstóllinn frá kröfum þeirra sem lagðar voru fram fyrir hönd A.

Dómstóllinn benti á að hugtakið fjölskylda í skilningi 8. gr. sáttmálans væri ekki einskorðuð við sambönd giftra einstaklinga heldur gæti það einnig tekið til annarra *de facto* fjölskyldutengsla þar sem aðilar væru ekki einungis tilfinningalega tengdir heldur einnig háðir hver öðrum. Þegar metið væri hvort í slíku sambandi fælust þættir sem teldust fjölskyldulegs eðlis þyrfti að líta til fjölda þátta. Þar mætti til dæmis nefna hversu lengi viðkomandi einstaklingar hefðu búið saman, hvort samkomulag sé gott og hlutverk hins fullorðna gagnvart barni. Dómstóllinn benti á að kærendur hefðu búið með barninu á mikilvægu tímabili fyrstu níttján mánuði í ævi þess og að það virtist hafa aðlagast fjölskyldunni. Ef litið væri til hinna sterku tengsla milli kæranda og barnsins þá var það mat dómstólsins að fjölskyldulíf í skilningi 8. gr. sáttmálans hefði stofnast.

Dómstóllinn vísaði til þess að þótt 8. gr. sáttmálans fæli ekki í sér rétt til ættleiðingar, kæmi það ekki í veg fyrir að í ákveðnum tilvikum gæti skylda fallið á aðildarríki sáttmálans til að heimila að fjölskyldubönd myndist. Í málinu sem hér væri um að ræða hefði verið afar mikilvægt að grandskoða beiðni kæranda um heimild til að ættleiða A og gera það með skjótum hætti. Dómstóllinn ítrekaði að í málum sem vörðuðu líf fjölskyldna gæti tíminn leitt til óafturkræfra afleiðinga. Það væri hins vegar ljóst að beiðni kæranda um að ættleiða A hefði ekki verið tekin til meðferðar fyrr en eftir að úrskurðað hefði verið um að aðrir mættu ættleiða A, en auk þess hefði ættleiðingarbeiðni þeirra verið hafnað án rökstuðnings.

Dómstóllinn benti á að það væri ekki hans hlutverk að setja fram rök sem kæmu í stað þeirra sem ítölsk stjórnvöld hefðu vísað til vegna þeirra úrræða sem gripið var til. Einnig benti hann á að ekki væri vafi á að dómstólar hefðu verið í góðri trú þegar metið var hvað væri barninu fyrir bestu. Hins vegar yrði að líta til þess að annmarkar á málsmeðferð hefðu haft beinar afleiðingar fyrir rétt kæranda til fjölskyldulífs og að stjórnvöld hefðu látið hjá líða að tryggja raunhæfa vernd þess réttar.

Með hliðsjón af framangreindu var það niðurstaða dómstólsins að brotið hefði verið í bága við 8. gr. sáttmálans. Með vísan til 41. gr. voru kærendum dæmdar 10.000 evrur í miskabætur og 5.000 evrur í málskostnað.

Einn dómari skilaði sératkvæði.

Kennedy gegn Bretlandi

Dómur frá 18. maí 2010

Mál nr. 26839/05

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

13. gr. Réttur til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns

Leynilegt eftirlit með fjarskiptum. Varsla og eyðing gagna. Opinber málsmeðferð.

1. Málsatvik

Kærandi, Malcolm Kennedy, er breskur ríkisborgari fæddur 1946 og búsettur í London. Árið 1990 var hann handtekinn vegna ölvunar og vistaður í fangaklefa yfir nótt. Kærandi deildi klefa með öðrum manni sem fannst látinn daginn eftir. Kærandi var sakfelldur fyrir manndráp og dæmdur til lífstíðarfangelsis. Mál hans vakti mikla athygli í Bretlandi enda voru sönnunargögn talin takmörkuð og misvísandi.

Árið 1996 var kærandi leystur úr haldi og stofnaði hann þá eigið fyrirtæki. Hann tók virkan þátt í baráttu gegn því að yfirvöld misbeittu valdi sínu og hélt því fram að bæði vegna þess og hversu mikla athygli mál hans vakti á sínum tíma, væri póstur og tölvupóstur skoðaður og sími hans hleraður af lögreglu.

Kærandi kvartaði til sérstaks dómstóls um rannsóknaraðgerðir yfirvalda yfir meintu eftirliti með samskiptum hans og taldi brotið gegn friðhelgi einkalífs síns. Hann krafðist þess að viðurkennt yrði að yfirvöldum væri óheimilt að hlera samskipti hans og að öllum gögnum, sem aflað hefði verið með slíkum aðferðum, yrði eytt. Þá krafðist hann þess að gripið yrði til sérstakra aðgerða til tryggingar því að hann nyti réttlátrar málsmeðferðar, þar á meðal að munnleg málsmeðferð færi fram í opnum réttarhöldum og að aðilar ættu báðir rétt á að fara yfir vitnaskýrslur og sönnunargögn.

Málið fór hins vegar fram fyrir luktum dyrum og í niðurstöðu dómstólsins var ekki skorið úr um hvort leynilegar rannsóknaraðgerðir hefðu átt sér stað gagnvart kæranda né heldur fallist á kröfu hans um að leggja bann við eftirliti með samskiptum hans.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi að brotið hefði verið gegn 8. gr. sáttmálans vegna hlerana og eftirlits með samskiptum hans. Hann taldi jafnframt að málsmeðferð fyrir dómstólum hefði ekki verið í samræmi við 1. mgr. 6. gr. sáttmálans og einnig hefði verið brotið gegn rétti hans til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns samkvæmt 13. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Um 8. gr. Dómstóllinn ítrekaði að samkvæmt reglunni um virka vernd sáttmálans gæti einstaklingur við ákveðnar aðstæður talist vera þolandi brots jafnvel þótt leynilegar aðgerðir beindust ekki gegn honum sjálfum. Það væri til að tryggja að hægt væri að fá réttmæti slíkra aðgerða endurskoðað fyrir dómstólum. Dómstóllinn taldi að ekki væri hægt að útiloka að slíkar aðgerðir hefðu beinst gegn kæranda, eða að hann hafi á þeim tíma mögulega átt á hættu að sæta slíkum aðgerðum. Í ljósi þess gæti kærandi borið fyrir sig 8. gr. sáttmálans.

Dómstóllinn taldi ljóst að umrædd takmörkun á réttindum kæranda samkvæmt ákvæðinu væri byggð á lögmætum markmiðum og mælt væri fyrir um heimildir til slíkra aðgerða í lögum í skilningi 8. gr. sáttmálans. Hvað varðaði úrvinnslu og eyðingu gagna tók dómstóllinn fram að það væru yfirvöld sjálf sem yrðu að meta hversu lengi nauðsynlegt væri að aðgerðir stæðu yfir, að því tilskildu að gætt yrði að viðeigandi öryggisráðstöfunum. Samkvæmt lögum sætti endurnýjun eða afturköllun á heimild yfirvalda til hlerunar eftirliti varnarmálaráðherra og nákvæmlega væri mælt fyrir um takmarkanir á heimild yfirvalda til hlerunar. Mjög fáir aðilar hefðu aðgang að gögnunum og fengju þá einungis útdrátt um samskiptin. Þá skyldi eyða umræddum gögnum þegar þau teldust ekki lengur nauðsynleg og tæmandi talin þau tilvik sem heimilt væri að halda þeim.

Eftirlit með því yfirvaldi, sem hefði umsjón með framkvæmd hlerana, væri jafnframt mjög virkt. Óháður dómstóll hefði viðtækar heimildir til að rannsaka kvartanir aðila um meinta hlerun á samskiptum sínum og hefði aðgang að öllum gögnum sem tengdust málinu. Sá dómstóll gæti jafnframt felld úr gildi heimild yfirvalda til slíkra aðgerða, mælt fyrir um eyðingu gagna og dæmt einstaklingum skaðabætur. Úrskurðir dómstólsins væru gerðir opinberir og fæli í sér aðhald fyrir þau yfirvöld sem færu með leynilegt eftirlit í Bretlandi.

Dómstóllinn taldi að í breskum lögum væri mælt fyrir um málsmeðferð í slíkum málum með nægjanlega skýrum hætti og hvernig bæri að fara með og eyða gögnum sem aflað hefði verið. Þá var lögð áhersla á að ekkert benti til þess að eftirliti með þess háttar leynilegum aðgerðum væri ábótavant. Þar með taldi dómstóllinn að ekki hefði verið brotið gegn 8. gr. sáttmálans.

Um 1. mgr. 6. gr. Dómstóllinn ítrekaði að heimilt væri að takmarka jafnræði aðila við málsmeðferð þegar ríkir almannahagsmunir krefðust. Réttlæt看legt hefði verið að málið færi fram fyrir luktum dyrum vegna eðlis þess sem trúnaðarmáls, enda væri heimilt samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sáttmálans að loka þinghöldum vegna þjóðaröryggis.

Með hliðsjón af því hversu mikilvægt leynilegt eftirlit væri fyrir baráttuna gegn hryðjuverkum og alvarlegum glæpum, taldi dómstóllinn að takmarkanir á réttindum kæranda við málsmeðferðina hefðu verið nauðsynlegar og hóflegar. Því hefði ekki verið brotið gegn 6. gr. sáttmálans.

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Um 13. gr. Í ljósi niðurstöðu sinnar um ákvæði 1. mgr. 6. gr. og 8. gr. sáttmálans taldi dómstóllinn að kærandi hefði notið réttar til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns. Það ætti að minnsta kosti við hvað sneri að kvörtun kæranda um meintar hleranir á samskiptum hans. Um önnur almennt atriði í tengslum við 8. gr. sáttmálans ítrekaði dómstóllinn að með ákvæði 13. gr. væri stefnt að því að tryggja úrræði til að fá almennt álit dómstóla um hvort lög væru efnislega andstæð sáttmálanum eða sambærilegum innlendum réttarreglum. Dómstóllinn hafnaði því að brotið hefði verið gegn 13. gr.

Dolhamre gegn Svíþjóð

Dómur frá 8. júní 2010

Mál nr. 67/04

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Börn. Aðgerðir barnaverndaryfirvalda. Ákvörðun um fóstur. Aðgangur að gögnum.

1. Málsatvik

Kærendur eru Endre Dolhamre og Alma Dolhamre og þrjú börn þeirra. Þau eru öll sænskir ríkisborgarar. Endre Dolhamre fæddist árið 1952 í Svíþjóð. Alma Dolhamre fæddist í Líbanon og flutti til Svíþjóðar árið 1979 og fékk síðar sænskan ríkisborgararétt. Árið 1986 gengu þau í hjónaband. Á árunum 1988 til 1994 eignuðust þau þrjú börn sem einnig voru kærendur í málinu. Börnin eru tvítyngd og tala bæði sænsku og assýrísku.

Í febrúar árið 1998 lét elsta barnið starfsfólk grunnskóla síns vita að hún, móðir hennar og systkini hennar tvö sættu ofbeldi af hendi Endre Dolhamre. Af þessum sökum hræddist hún að fara heim til sín. Félagsmálayfirvöld höfðu samband við Endre og Ölmú Dolhamre og eftir fundi með þeim var komist að þeirri niðurstöðu að ásakanir dóttur þeirra væru uppspuni. Árið 2001 tilkynnti systir Endre Dolhamre félagsmálayfirvöldum að elsta dóttir þeirra hefði haft uppi sömu ásakanir í garð föður síns í sín eyru.

Eftir að elsta dóttirin og móðir hennar slógust á almannaferi þegar sú fyrrnefnda reyndi að strjúka þurfti lögregla að hafa afskipti af mæðgunum. Elsta dóttirin lét sömu ásakanir falla við það tilefni. Þetta var einnig árið 2001. Daginn eftir atvikið ákváðu félagsmálayfirvöld að hefja rannsókn á málefnum fjölskyldunnar vegna allra barnanna þriggja. Endre og Alma Dolhamre höfnuðu öllum tillögum félagsmálayfirvalda um að börnin byggju annars staðar en hjá föður sínum á meðan málið væri rannsakað. Ákveðið var að elsta dóttirin yrði engu að síður flutt til fósturforeldra.

Fram kom í viðtölum við elstu dótturina að faðir hennar hefði misnotað hana kynferðislega frá þriggja ára aldri og barið hana margsinnis. Í kjölfar þessara ummæla hófst sakamálarannsókn á meintum brotum Endre Dolhamre.

Þann 9. október 2001 var ákveðið að taka öll þrjú börnin frá foreldrum sínum og setja þau í fóstur á vegum stjórnvalda. Byggt var á upplýsingum

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

frá elstu dótturinni þar sem fram kom að faðir hennar hafði misþyrmt henni og yngri systkinum hennar og að hann hefði ógnarstjórn á fjölskyldunni. Í ákvörðun stjórnvalda var m.a. byggt á því að foreldrarnir höfðu neitað félagsmálayfirvöldum að ræða við yngri börn þeirra. Ekki hafði tekist að ræða við foreldrana þar sem þau höfðu krafist þess að lögmaður þeirra yrði viðstaddur fundinn en sá hafði verið vant viðlátinn og gat því ekki komið til fundar. Endre og Alma Dolhamre mótmæltu ráðstöfunum harðlega.

Eftir nánari rannsókn töldu stjórnvöld að margt styddi frásögn elstu dóttur Endre og Ölmur. Framburður hennar þótti trúverðugur. Ljóst þótti að dóttirin átti við veruleg sálræn vandamál að stríða. Af viðtölum við yngri börnin tvö, dreng og stúlku, þótti ljóst að þau áttu við einhver sálræn vandamál að stríða og báru þess merki að þau hefðu sætt barsmiðum og voru hrædd við viðbrögð fullorðinna. Þau staðfestu í viðtölum að þau og elsta dóttirin hefðu orðið fyrir líkamlegu ofbeldi af hendi föður þeirra. Foreldrar þeirra höfnuðu þessum staðhæfingum og töldu að rannsóknin hefði ekki verið unnin á hlutlægan hátt.

Í febrúar 2002 komst dómstóll að þeirri niðurstöðu að börnin þrjú skyldu vera í föstri um nokkurn tíma. Vísað var til þeirra rannsókna sem unnar höfðu verið á ástandi barnanna og þeirrar hegðunar sem börnin höfðu sýnt. Niðurstöðunni var áfrýjað en í millitíðinni hafði saksóknari hætt rannsókn sinni á meintu kynferðislegu ofbeldi Endre Dolhamre enda hafði elsta dóttirin þá dregið frásögn sína hvað það varðaði að nokkru leyti til baka.

Á meðan frekari meðferð og rannsóknir á börnunum stóðu yfir áttu foreldrarnir m.a. samskipti við elstu dótturina í gegnum síma. Ljóst var orðið að dóttirin var orðin mjög meðvituð um gang málsins hvað hana og systkini hennar varðaði. Hún hafði við þetta tímamark gefið yfirlýsingar um að faðir hennar hefði aldrei misnotað hana og að hún þyrfti ekki á meðferð að halda.

Endre og Alma Dolhamre kærðu ákvörðun félagsmálayfirvalda um að viðhalda þeim ráðstöfunum sem giltu um börn þeirra. Þau kröfðust þess að fá börnin aftur eða a.m.k. fella niður allar takmarkanir á samskiptum þeirra við börnin. Þau héldu því fram að börnin hefðu orðið fyrir illri meðferð á meðferðarheimilinu sem þeim var komið fyrir á. Bentu þau á að yngri börnunum tveimur hefði ekki verið leyft að tala assýrsku við móður sína og að ættingjum þeirra úr móðurfjölskyldunni hefði ekki verið leyft að hafa samskipti við börnin. Þau kölluðu til sérfræðivitni sem gagnrýndu meðferð félagsmálayfirvalda. Einn sérfræðinganna vitnaði um að rannsóknina virtist hafa skort hlutleysi gagnvart foreldrunum. Á þessu stigi málsins voru börnin komin með nýjan réttargæslumann. Hann studdi kröfu foreldrana. Ljóst væri af samtölum hans við börnin að þau vildu fara aftur til foreldra sinna, lögregluskýrsla af elstu dótturinni væri gagnrýnisverð og enginn annar vitnisburður lægi fyrir um að foreldrar barnanna hefðu unnið þeim mein. Við munnlegan málflutning fyrir dómstólum var tekin skýrsla af elstu dótturinni. Þar bar hún að systir föður hennar hefði hvatt hana til að segja rangt til um framferði föður hennar gagnvart sér.

Dómstóll ákvað af þessum sökum að fella niðurstöðu félagsmálayfirvalda úr gildi og fyrirskipaði að börnin skyldu afhent foreldrum sínum. Áfrýjunardómstóll hlýddi á munnlega skýrslu systur Endre Dolhamre og ákvað eftir endurskoðun á málinu í heild sinni að snúa dómi undirréttar við. Öll börnin þrjú þyrfti að vernda fyrir áreiti heima fyrir. Áfrýjun foreldranna á þessari niðurstöðu var síðan hafnað.

Þann 10. september 2003 þurftu félagsmálayfirvöld á ný að taka ákvörðun um endurnýjun þeirra úrræða sem gripið hafði verið til vegna barnanna. Dómstóll féllst hins vegar á kröfu foreldranna um að fella ákvörðunina úr gildi og ákváðu félagsmálayfirvöld að áfrýja ekki niðurstöðunni til æðra dómstigs.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandur byggðu á því að málsmeðferðin hefði verið ósanngjörnt með margs konar hætti. Meðal annars hefðu yfirvöld ekki veitt aðgang að öllum gögnum máls. Þau töldu að brotin hefði verið 1. mgr. 6. gr. sáttmálans hvað þetta varðaði. Að sama skapi hefði 8. gr. verið brotin þar sem sænsk stjórnvöld hefðu tekið börnin í sína umsjá og haldið þeim og neitað foreldrunum að eiga samskipti við þau um langan tíma, þvert gegn hagsmunum barnanna og með þeim hætti rofið fjölskyldulíf þeirra.

Niðurstaða

Dómstóllinn benti á að sá þáttur sem varðaði 6. gr. sáttmálans væri nátengdur réttindum kæranda samkvæmt 8. gr. og væri rétt að skoða atvik málsins í heild út frá því hvort 8. gr. hefði verið brotin.

Dómstóllinn fjallaði annars vegar um ítrekaðar framlengingar á vistun barnanna hjá félagsmálayfirvöldum og hins vegar um takmarkanir á aðgangi foreldra þeirra og skyldmenna móður þeirra að þeim. Hvað varðaði fyrra atriðið tók dómstóllinn fram að réttur barna og foreldra til að umgangast hvert annað væri grundvallarréttur fjölskyldulífs. Takmarkanir á þessari umgengni væri röskun á réttinum sem tryggður væri í 8. gr. sáttmálans. Dómstóllinn efaðist ekki um að markmið röskunarinnar í tilviki kæranda hefði verið að vernda heilsu og siðferði og réttindi og frelsi barnanna. Aftur á móti þyrfti að meta hvort röskunin hefði verið nauðsynleg í lýðræðislegu samfélagi. Aðildarríkin hefðu vítt svigrúm til mats á því hvort nauðsynlegt væri að taka börn í föstur en dómstóllinn tæki mat þeirra til verulegrar endurskoðunar um frekari takmarkanir eins og takmarkanir á réttindum foreldra til að sinna hlutverki sínu og umgengni þeirra við börnin.

Dómstóllinn tók fram að ákvörðun stjórnvalda um að taka barn í föstur frá foreldrum sínum ætti að meginstefnu til að vera tímabundið úrræði sem ætti að fella niður um leið og unnt væri. Markmið slíkra ráðstafana ætti að vera að sjá svo um að barn og foreldri gætu búið saman. Ávallt yrði að vega og meta hagsmuni barnsins af því að vera í föstri og hins vegar foreldrisins að fá að vera

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

aftur með barninu. Dómstóllinn tók fram að við þetta mat legði hann sérstaka áherslu á hagsmuni barnsins gagnvart hagsmunum foreldrisins.

Dómstóllinn taldi að í ljósi þeirra ásakana sem elsta dóttir Endre og Ölmu Dolhamre lét fram í upphafi málsins hefði verið réttlætanlegt fyrir félagsmálafyrirvöld að grípa til ráðstafana. Benti dómstóllinn sérstaklega á að elsta dóttirin hafði áður sett fram slíkar ásakanir. Þegar ár var liðið frá dvöl barnanna þriggja á meðferðarheimili félagsmálafyrivalda voru enn uppi grunsemdir um að ekki hefði allt verið með felldu í fjölskyldulífi Dolhamre-fjölskyldunnar og taldi dómstóllinn að ekki hefði verið athugavert að viðhalda þeim ráðstöfunum sem félagsmálafyrirvöld höfðu gripið til. Dómstóllinn vísaði í þessu samhengi til þess að foreldrarnir sjálfir hefðu hagað sér með nokkrum ólíkindum enda höfðu þau fyrst neitað að eiga samskipti við börnin og mætt síðan óboðin og án fyrirvara á meðferðarheimilið. Slík hegðun hefði ekki verið hagsmunum barnanna fyrir bestu enda hefði heimsóknin endað með þvílíkum ósköpum að kalla hefði þurft út lögreglu til að ljúka henni.

Dómstóllinn tók fram að þrátt fyrir að 8. gr. sáttmálans gerði ekki kröfu um tiltekna málsmeðferð vegna ákvarðana af þessum toga yrði hún að vera sanngjör og foreldrar og börn þeirra yrðu að eiga möguleika á að taka þátt í henni. Af þessum sökum væri mikilvægt að foreldrar gætu fengið aðgang að upplýsingum sem stjórnvöld byggðu ákvarðanir sínar á svo að þeir geti andmælt og sett fram gagnstæð sjónarmið um hæfni sína til að sjá um börn sín. Í tilviki Dolhamre-fjölskyldunnar hefði málsmeðferð fyrir dómstólum verið munnleg og báðir aðilar hefðu haft færi á að kalla fyrir vitni. Elsta dóttirin hefði m.a. verið kölluð til vitnis. Öll gögn sem annar aðili málsins hefði lagt fram hefðu verið kynnt hinum aðilanum. Dómstóllinn benti á að í lok málsins hefði verið fallist á kröfur kærenda.

Í ljósi alls þessa og svigrúms aðildarríkjanna til mats taldi dómstólsins að ekki hefði verið brotið gegn réttindum kærenda á grundvelli 8. gr. með því að framlengja þær fósturráðstafanir sem gripið hafði verið til vegna barna Dolhamre-fjölskyldunnar.

Hvað varðaði takmarkanir á samskiptum barnanna við foreldra sína tók dómstóllinn fram að þegar börn væru tekin úr umsjón foreldra sinna yrðu að vera sterk rök til að takmarka umgengni foreldranna enda væru þá fjölskyldutengsl milli foreldra og ungra barna þeirra algjörlega rofin. Einungis mætti slíta þessi tengsl að öllu leyti við mjög sérstakar aðstæður.

Dómstóllinn tók fram að varðandi elstu dótturina hefðu foreldrarnir í raun aldrei verið sviptir rétti til að umgangast hana heldur virtist takmörkunin hafa verið til komin vegna óska dótturinnar. Einnig bentu gögn málsins til þess að einhver samskipti hefðu átt sér stað en að öðru leyti hefðu foreldrarnir neitað að hitta dótturina. Af þessum sökum taldi dómstóllinn að skortur á samskiptum milli foreldranna og elstu dótturinnar væri ekki afleiðing af broti á 8. gr. sáttmálans.

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Aftur á móti þótti ljóst að stjórnvöld hefðu takmarkað umgengni foreldranna við yngri börnin tvö. Dómstólnum þótti samt ljóst að þessar aðgerðir hefðu haft það markmið að sameina fjölskylduna og benti á að foreldrarnir hefðu reglulega fengið skýrslur um líðan barnanna. Ekki hefði verið tekið fyrir öll tengsl foreldranna við börnin og stjórnvöld hefðu ekki haft fyrirætlanir um slíkt. Þrátt fyrir að á tímabili hefðu takmarkanir á samskiptum barna við foreldra orðið verulega miklar þá hefðu þær m.a. komið til vegna þess að samskiptin höfðu þá valdið börnunum miklu hugarangri. Dómstóllinn tók undir það mat félagsmálayfirvalda að foreldrarnir virtust ekki hafa getað forgangsraðað hagsmunum barnanna framfar sínum eigin. Því hefðu ráðstafanirnar verið réttlætanlegar.

Dómstóllinn taldi af þessum sökum að ráðstafanirnar hefðu í heild stefnt að því að vernda hagsmuni barnanna og að ekki hefði verið brotið gegn 8. gr. sáttmálans með þeim.

Mawaka gegn Hollandi

Dómur frá 1. júní 2010

Mál nr. 29031/04

Sjá reifun dómsins undir 3. gr.

Útlendingar. Hælisveiting. Brottvísun.

Schwizgebel gegn Sviss

Dómur frá 10. júní 2010

Mál nr. 25762/07

Sjá reifun dómsins undir 14. gr.

Börn. Heimild til ættleiðingar. Áhrif aldurs.

Schalk og Kopf gegn Austurríki

Dómur frá 24. júní 2010

Mál nr. 30141/04

Sjá reifun dómsins undir 12. gr.

Samkynhneigðir. Mismunandi réttaráhrif staðfestrar samvistar og hjúskapar.

9. gr. Hugsana-, samvisku- og trúfrelsi

Grzelak gegn Póllandi

Dómur frá 15. júní 2010

Mál nr. 7710/02

Sjá reifun dómsins undir 14. gr.

Börn. Trúarbragðafræðsla í grunnskólum.

10. gr. Tjáningarfrelsi

Alfantakis gegn Grikklandi

Dómur frá 11. febrúar 2010

Mál nr. 49330/07

10. gr. Tjáningarfrelsi

Ærumeiðingar. Opinberir starfsmenn. Ummæli lögmanns um saksóknara.

1. Málsatvik

Kærandi, Georgios Alfantakis, er grískur ríkisborgari, fæddur árið 1939 og búsettur í Aþenu. Hann var lögmaður AV, þekktur grískur söngvara, í máli sem hlaut talsverða fjölmiðlaathygli. Í því hafði söngvarinn sakað eiginkonu sína, SP, um svik, fölsun og notkun falsaðra gagna sem leitt hefði til fjártjóns fyrir ríkið sem næmi meira en 147.000 evrum. Á grundvelli tilmæla saksóknara í Aþenu, DM, var ákveðið að höfða ekki mál gegn SP. Kærandi kom fram í fréttaskýringabætti á þessum tíma þar sem hann tjáði skoðanir sínar á málinu. Þar viðhafði hann þau ummæli að honum hefði verið hlátur í huga þegar hann hefði lesið skýrslu saksóknarans sem væri skáldsagnakennt álit sem sýndi vanvirðingu saksóknarans fyrir umbjóðanda sínum.

Saksóknarinn höfðaði mál á hendur kæranda og krafðist bóta vegna ærumeiðandi ummæla. Í undirrétti var kæranda gert að greiða honum skaðabætur og voru þær hækkaðar á áfrýjunarstigi.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi vísaði til þess að með áfellisdóminum sem hann hlaut um ærumeiðandi ummæli hefði verið brotið í bága við tjáningarfrelsi hans samkvæmt 10. gr. sáttmálans. Hann hélt því einnig fram að brotið hefði verið í bága við 1. mgr. 6. gr. og 13. gr. hans þar sem niðurstöðu áfrýjunardómstólsins hefði skort rökstuðning.

Niðurstaða

Dómstóllinn vísaði frá kröfum um að taka til skoðunar meint brot á 1. mgr. 6. gr. og 13. gr. sáttmálans. Að hans mati tengdist skoðun á fyrri ákvæðinu náð þeirri skoðun sem viðhafa þyrfti um meint brot á 10. gr. Hvað varðaði 13. gr. var það mat dómstólsins að innlendir dómstólar hefðu rökstutt niðurstöðu sína með fullnægjandi hætti. Hvað varðar 10. gr. var ekki deilt um að takmörkunin á tjáningarfrelsi kæranda hefði byggst á lögum og að hún hefði stefnt að lögmætu markmiði, þ.e. að vernda mannorð annarra.

Dómstóllinn féllst á það sjónarmið að ætlast mætti til þess að lögmenn, sem milliliðir í samskiptum almennings og dómstóla, hefðu rétt til að tjá sig opinberlega um framgang mála í réttarkerfinu en þó upp að vissu marki. Í

10. gr. Tjáningarfrelsi

umræddu máli væri hins vegar ekki hægt að líta fram hjá því að ummæli kæranda hefðu beinst að opinberum starfsmanni réttarvörslukerfisins og að þau sköpuðu hættu á að rýra faglega ímynd hans og traust almennings á virkni réttarkerfisins.

Á það bæri hins vegar að líta að áfrýjunardómstóllinn hefði ekki fullvissað sig um hver raunveruleg þýðing ummæla kæranda voru heldur hefði hann lagt eigið mat á það. Við það hefði áfrýjunardómstóllinn beitt huglægu mati og þar með hætt á að túlka þau með öðrum hætti en raunveruleg ætlun kæranda hafði verið. Áfrýjunardómstóllinn hafði jafnframt ekki greint á milli staðreynda og gildisdóma og hafði í staðinn ákvarðað upp á eigin spýtur áhrifin sem ummælin um hlátur og skáldskap hefðu haft. Að auki hefði verið litið fram hjá allri þeirri fjölmiðlaumfjöllun sem málið fékk og því að með framkomu sinni í fjölmiðlum hefði kærandi væntanlega ætlað að tala máli umbjóðanda síns fremur en að kasta rýrð á saksóknarann. Loks hefðu innanlandsdómstólar ekki litið til þess að ummælin voru sett fram í beinni útsendingu og þar af leiðandi ekki verið hægt að umorða þau.

Það var því einróma niðurstaða dómstólsins að brotið hefði verið í bága við 10. gr. sáttmálans. Með vísan í 41. gr. sáttmálans voru kæranda dæmdar 2.939 evrur í skaðabætur.

Taffin et Contribuables Associés gegn Frakklandi

Dómur frá 18. febrúar 2010

Mál nr. 42396/04

10. gr. Tjáningarfrelsi

Ærumeiðingar. Opinberir starfsmenn.

1. Málsatvik

Kærandur eru Benoite Taffin, franskur ríkisborgari fædd árið 1948 og búsett í París, og samtökin Contribuables Associés. Benoite var ritstjóri tímaritsins *Tous contribuables* sem samtökin gáfu út. Árið 2001 var birt grein í tímaritinu um skattrannsókn á málefnum GL sem er þekktur sjónvarpsmaður og framleiðandi í Frakklandi. Í greininni var viðtal við GL en í því nafngreindi hann starfsmanninn sem stýrt hefði rannsókninni, sakaði hana um fölsun gagna og sagði hana m.a. hafa það að markmiði að „negla hann, sama hvað það kostaði“. Einnig sagði hann hana algerlega óábyrga og að hún hefði ekki einungis gert mistök í rannsókninni heldur væru alvarlegir annmarkar á vinnubrögðum hennar.

Í kjölfarið höfðaði fyrrgreindur starfsmaður skattsins mál á hendur GL og kærendum fyrir ærumeiðandi ummæli um opinberan starfsmann. Þann 9. apríl árið 2002 voru kærandur sakfelldir. Í niðurstöðunni var vísað til þess að í greininni hefði verið fjallað um ágalla á störfum opinbers starfsmanns sem var að sinna starfsskyldum sínum. Þetta hefði verið gert í andstöðu við allar laga- og siðareglur og hafði haft það eina markmið að GL gæti náð sér niður á

10. gr. Tjáningarfrelsi

henni. Þetta hefði skaðað æru starfsmannsins og orðspor. Í niðurstöðunni var vísað til þess að hvorki hefði verið sannað hvort eitthvað væri hæft í ásökunum GL né í fullyrðingum Benoite um að hún hefði verið í góðri trú. Kærendum var gert að greiða sekt að andvirði 1.500 evrur hvorum og sameiginlega 1 evru í skaðabætur og 1.200 evrur í málskostnað. Benoite og GL áfrýjuðu en eftir andlát hins síðarnefnda var málið hvað hann varðar dregið til baka. Í október árið 2003 staðfesti áfrýjunardómstóll í París niðurstöðu undirréttar og gerði Benoite að greiða 500 evrur í áfrýjunarkostnað. Æðsti dómstóll vísað áfrýj-unarmáli hennar frá.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandur héldu því fram að sakfelling þeirra fyrir ærumeiðandi ummæli bryti í bága við tjáningarfrelsi þeirra samkvæmt 10. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Þar sem samtökin höfðu ekki áfrýjað sakfellingunni til æðra dómstigs var það niðurstaða dómstólsins að þau hefðu ekki leitað til hlítar leiðréttingar í Frakklandi. Af þeim sökum var kera þeirra ekki talin tæk til meðferðar. Það var því einungis sá hluti málsins er varðaði Benoite Taffin sem tekinn var til skoðunar (hér eftir nefnd kærandi).

Dómstóllinn vísaði til þess að takmörkun tjáningarfrelsis kæranda hefði byggst á lögum og að með henni hefði verið stefnt að lögmætum markmiðum, þ.e. að vernda mannorð og réttindi annarra. Hann vísaði til þess að önnur skilyrði fyrir takmörkun væru að hún væri málinu bæði viðkomandi og full-nægjandi og að meðalhófs hefði verið gætt til að ná markmiðinu sem stefnt væri að. Dómstóllinn taldi það verkefni sitt að meta hvort svo hefði verið í umræddu máli.

Dómstóllinn ítrekaði að í tjáningarfrelsinu fælust bæði skyldur og ábyrgð fyrir fjölmiðla, jafnvel þó um væri að ræða alvarleg mál sem vörðuðu almenn-ing. Skyldurnar og ábyrgðin væru sérstaklega ríkar þegar hætta væri á að skaða orðspor nafngreindra einstaklinga og gengið væri á réttindi annarra. Sú skylda væri því lögð á fjölmiðla að staðreyna að meginstefnu nákvæmni (eða að minnsta kosti trúverðugleika) yfirlýsinga um staðreyndir sem væru ærumeiðandi um tiltekna einstaklinga. Að sama skapi yrðu þeir að líta til réttar viðkomandi einstaklinga um að teljast saklausir þar til sekt væri sönnuð.

Dómstóllinn gat ekki litið fram hjá því að fyrir innlendum dómstólum hefði kæranda hvorki tekist að sýna fram á að sannindi væru á bak við ásak-anirnar á hendur hinum opinbera starfsmanni né heldur að þær hefðu verið settar fram í góðri trú. Dómstóllinn lagði áherslu á hversu alvarlegar ásak-anirnar hefðu verið svo og að greinin hefði í raun verið um deilu milli tveggja aðila, þekkts einstaklings annars vegar og opinbers starfsmanns í skattkerf-inu hins vegar. Tilgangur greinarinnar hefði hins vegar ekki verið sá að veita

10. gr. Tjáningarfrelsi

almennar upplýsingar um skattamál. Dómstóllinn lagði enn fremur áherslu á að til að geta sinnt skyldum sínu þyrftu opinberir starfsmenn að njóta almenns trausts án ótilhlýðilegrar truflunar. Af þeim sökum gæti verið nauðsynlegt að veita þeim enn meiri vernd gegn meiðandi ummælum um skyldustörf þeirra.

Með hliðsjón af framangreindu var það mat dómstólsins að sakfelling kæranda og sektin hefðu ekki verið óhófleg með hliðsjón af því markmiði sem stefnt hefði verið að. Það var einnig mat hans að röksemdir franskra dómstóla hefðu bæði verið málinu viðkomandi og fullnægjandi. Af þeim sökum hafði það verið ásættanlegt að stjórnvöld hefðu metið takmörkun á tjáningarfrelsi kæranda nauðsynlega í lýðræðissamfélagi í því skyni að vernda mannorð og réttindi annarra. Það var því einróma niðurstaða dómstólsins að ekki hefði verið brotið í bága við 10. gr. sáttmálans.

Flinkkilä o.fl. gegn Finnlandi

Dómur frá 6. apríl 2010

Mál nr. 25576/04

7. gr. Engin refsing án laga

10. gr. Tjáningarfrelsi

Einkalífsvernd. Opinber persóna. Fjölmíðlar. Skýrleiki refsheimilda.

1. Málsatvik

Kærandur eru fjórir finnskir ríkisborgarar, tveir ritstjórar tímaritsins Seura og aðstoðarritstjóri þess auk blaðamanns á tímaritinu Nykyposti. Snemma árs 1997 birtust í tímaritunum greinar um ríkissáttasemjara Finnlands, A, sem vörðuðu tilvik sem átti sér stað á og við heimili hans í lok árs 1996. Þá hafði hann komið heim til sín síðla kvölds í fylgd konunnar B en þar var fyrir eiginkona A. Upphófst rifrildi og átök milli hjónanna sem stigmagnaðist og færðust út af heimilinu. Börn hjónanna blönduðust inn í átökin sem lauk eftir að lögregla hafði verið kvödd á staðinn. Í kjölfarið var gefin út ákæra á hendur A og B og var A dæmdur í fjögurra mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir mótspyrnu við handtöku og B var dæmd til greiðslu sektar. A var jafnframt vikið úr embætti ríkissáttasemjara. Um mitt ár 1998 staðfesti áfrýjunardómstóll dóminn yfir B en mál A var fellt niður þegar hann lést í maí 1998. Í desember sama ár vísaði hæstiréttur máli B frá.

Í áðurnefndum greinum var fjallað ítarlega um B. Greint var frá því hver hún væri, aldri hennar, starfi og fjölskylduhögum og hvernig sambandi hennar við A væri háttað. Með greinunum var birt mynd af henni. Umrædd tímarit voru ekki þau fyrstu sem greindu frá því hver B væri enda hafði þegar verið fjallað um hana í öðrum fjölmiðlum 7. janúar 1997.

Um vorið 1997 lögðu A og B fram kæru á hendur kærendum og óskuðu eftir opinberri rannsókn á skrifum þeirra um tilvikið frá því í desember 1996. Í kjölfarið var ákæra gefin út á hendur kærendum og voru þeir sakfelldir fyrir brot á friðhelgi einkalífs B. Þeir voru dæmdir til að greiða sekt og skaðabæt-

ur til B. Samanlagt var þeim gert að greiða rúmlega 22.000 evrur í sektir og skaðabætur. Í niðurstöðu sinni vísaði dómstóll til þess að B væri ekki opinber persóna. Ekki væri hægt að jafna henni við slíka þótt hún væri í sambandi við vel þekktan einstakling. Því væri ekki réttlæt看legt að fjölmiðlar greindu frá því hver hún væri. Einnig kom fram í dómsniðurstöðunni að sú staðreynd að annar fjölmiðill hefði þegar greint frá því hver B væri, réttlætti ekki eftirfarandi brot á friðhelgi einkalífs hennar. Að mati dómstólsins var frekari umfjöllun um einkalíf B til þess fallin að valda henni jafnvel enn meiri skaða og þjáningu. Því skipti ekki máli hver tilgangur kæranda hefði verið með birtingu greinanna. Það var því niðurstaða dómstóla að þeim hefði verið óheimilt að greina frá því hver B væri og að birta jafnframt mynd af henni.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærendur töldu að með því að gera þeim að greiða svo háar fjárhæðir fyrir brot gegn einkalífi B væri brotið í bága við tjáningarfrelsi þeirra samkvæmt 10. gr. sáttmálans. Þeir vísuðu jafnframt til þess að með sakfellingu hefði einnig verið brotið gegn 7. gr. sáttmálans þar sem refsíákvæðin hefðu verið óskýr og óljóst hvort þau ættu við um háttsemi þeirra. Einnig vísuðu þeir til þess að umrædd ákvæði laganna skilgreindu ekki með fullnægjandi hætti umfang hugtaksins einkalíf í skilningi þeirra. Kærendur byggðu einnig á 1. mgr. 6. gr. sáttmálans þar sem áfrýjunardómstóll hefði ekki rökstutt með fullnægjandi hætti niðurstöðu sína og ekki hefði verið jafnræði með málsaðilum fyrir dómi þar sem saksóknari hefði haft greiðari aðgang að gögnum en þeir.

Niðurstaða

Dómstóllinn vísaði til fyrri dóma sinna um ákvæði finnsku hegningarlaganna sem kærendur kvörtuðu undan, með þeirri niðurstöðu að ákvæðin væru nægilega skýr og fyrirsjáanleg. Dreifing upplýsinga, aðdróttanir og umfjöllun um einkalíf fólks sem væri líklegt til að valda þjáningu teldist brot á friðhelgi einkalífs. Enn fremur væri undantekning ákvæðisins varðandi opinberar persónur álíka skýr og fyrirsjáanleg. Þrátt fyrir að lögin settu ekki fram ítarlega skilgreiningu á hugtakinu einkalíf væri ljóst af lögskýringargögnum með þeim að ávallt þyrfti að meta ítarlega nauðsyn þess að fjalla um einkalíf fólks. Ef vafi skapaðist um inntak hugtaksins hefði kærendum verið í lófa lagið að leita sérfræðiráðgjafar um umfang þess. Að sama skapi hefðu þeir geta látið hjá líða að birta umræddar greinar. Ekki væri hægt að líta fram hjá því að kærendur væru blaðamenn að atvinnu og gætu þeir því ekki borið fyrir sig vanþekkingu á inntaki hugtaksins einkalíf. Í því samhengi bæri að hafa í huga að siðareglur blaðamanna og aðrar leiðbeinandi reglur samtaka á þessu sviði væru strangari en hegningarlögin sjálf að þessu leyti, þó að slíkar reglur hefðu ekki stöðu bindandi laga.

10. gr. Tjáningarfrelsi

Dómstóllinn vísaði hins vegar til þess að engar sönnur, né ásakanir, hefðu verið færðar á að kærendur hefðu mistúlkað aðstæður né verið í vondri trú. Að sama skapi hefðu engar vísbendingar gefið til kynna að þeir hefðu komist yfir upplýsingar um B með ólögmatum hætti. Það var rétt að B var ekki opinber persóna. Hún hefði hins vegar blandast inn í aðstæður sem hefðu valdið truflun á almannafæri fyrir utan heimili A, þekkt einstaklings sem hún hefði átt í nánú sambandi við. Því mætti segja að hún hefði verið á almannafæri þegar atvikið átti sér stað.

Dómstóllinn benti jafnframt á að almenningur hefði ákveðna hagsmuni af því að vita hver B væri í ljósi stöðu A og að teknu tilliti til hegðunar hans og möguleika hans á að halda áfram embættisstörfum sínum. Víða í fjölmiðlum var fjallað um atvikið sem átti sér stað fyrir utan heimili hans í lok árs 1996. Að auki hefði ítarlega verið fjallað um það í fréttabætti sem var sendur út á besta áhorfstíma á landsvísu þegar í janúar 1997. Kærendur hefðu því ekki verið þeir fyrstu til að greina frá því hver B væri.

Hvað varðaði fjárhæðirnar sem kærendum var gert að greiða B vísaði dómstóllinn til þess að henni hefðu þegar verið dæmdar umtalsverðar skaðabætur frá sjónvarpsstöðinni sem gerði þáttinn sem sýndur var í janúar 1997. Eftirfarandi sambærileg brot annarra aðila á einkalífi hennar vegna sömu atburða réttlættu ekki að henni yrðu dæmdar sömu fjárhæðir úr höndum þeirra. Þegar litið var til þess hversu alvarlegar afleiðingarnar voru fyrir kærendur með tilliti til aðstæðna í málinu sem væri að ræða þá var það einróma niðurstaða dómstólsins að brotið hefði verið í bága við 10. gr. sáttmálans en að ekki hefði verið brotið gegn 7. gr. hans.

Með vísan til 41. gr. voru kærendum dæmdar sameiginlega 22.000 evrur í skaðabætur, hverjum um sig 2.000 evrur í miskabætur og sameiginlega 5.000 evrur í málskostnað.

Ruokanen o.fl. gegn Finnlandi

Dómur frá 6. apríl 2010

Mál nr. 45130/06

10. gr. Tjáningarfrelsi

Einkalífsvernd. Ærumeiðingar. Fjölmiðlar.

1. Málsatvik

Kærendur eru þrír, Heikki Tapani Ruokanen, ritstjóri búsettur í Helsinki, Petri Ensio Pöntinen, blaðamaður búsettur í Tampere, og útgáfufyrirtæki með aðsetur í Helsinki. Í maí 2001 birtist grein í tímaritinu Suomen Kuvalehti þar sem greint var frá nauðgun á menntaskólastúlku sem hefði átt sér stað í sigurhófi körfuknattleiksliðs í september 2000 til að fagna því að liðið hafði unnið meistaratitil. Greinin byggðist á frásögn meints brotþola til skólafélaga sinna af atvikinu. Heimildarmenn greinarinnar voru nokkur vitni sem óskuðu

10. gr. Tjáningarfrelsi

nafnleyndar. Í greininni kom fram að stúlkan hefði að svo stöddu ekki ákveðið hvort hún myndi kæra atvikið til lögreglu.

Eftir birtingu greinarinnar hófst lögreglurannsókn á málinu og var henni hætt þar sem stúlkan gat ekki borið kennsl á meinta geranda eða gerendur. Í október 2002 var gefin út ákæra á hendur tveimur kæranda, þ.e. ritstjóra tímaritsins og blaðamanninum sem ritaði greinina, vegna grófs ærumeiðingarbrots. Samhliða gerði körfuknattleiksliðið kröfu um greiðslu skaðabóta. Í mars 2003 voru kærendur sakfelldir og þeim gert að greiða samtals um 5.500 evrur í sektir auk rúmlega 80.000 evra í skaðabætur sem skiptust milli leikmanna liðsins. Dómstóllinn vísaði til þess að framburður meints brotþola hefði ekki verið áreiðanlegur þar sem hún leitaði ekki til lögreglu vegna atviksins. Hann vísaði einnig til þess að ásakanir hennar hefðu verið það alvarlegar að kærendur hefðu átt að staðreyna sannleiksgildi þeirra betur fyrir birtingu greinarinnar. Kærendur áfrýjuðu og var niðurstaða þessi staðfest. Áfrýjunardómstóll vísaði auk framangreinds til þess að kærendur hefðu ekki vísað til neins sem staðfesti að ásakanir stúlkunnar væru sannar og með því að nafngreina ekki heimildarmenn sína hefðu þeir tekið þá áhættu að gerast sekir um ærumeiðingu. Í maí 2006 hafnaði hæstiréttur beiðni þeirra um að taka málið fyrir.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærendur byggðu á því að sakfellingin bryti í bága við tjáningarfrelsi þeirra sem verndað væri af 10. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Í málinu kom einkum til skoðunar hvort finnsk stjórnvöld hefðu gætt með-alhófs og jafnvægis milli hagsmuna kæranda af því að njóta tjáningarfrelsis og hagsmuna meintra gerenda refsiverðra brota. Dómstóllinn benti á að af grein-inni hefði verið auðvelt að átta sig á því um hvaða körfuknattleiksmenn í liðinu væri að ræða. Orðspor þeirra gæti því auðveldlega beðið hnekki af umfjöllun tímaritsins um atvikið. Þeir væru leikmenn liðsins sem nafngreint var í grein-inni og sigurvegarar í finnsku meistaraðeldinni 2000. Af þeim sökum mátti ætla að það yrði strax á allra vitorði hvaða lið ætti í hlut.

Dómstóllinn vísaði að auki til þess að ásakanirnar hefðu verið alvarlegar og settar fram sem staðhæfingar fremur en gildisdómar. Ennfremur hefðu kær-endur ekki staðreynt hvort ásakanirnar ættu sér stoð í raunveruleikanum þótt þeim hefði verið í lófa lagið að hafa samband við brotþola, eða leikmennina í liðinu. Greinin sem var skrifuð áður en lögreglurannsókn hófst, hefði ekki aðeins virt að vettugi rétt leikmannanna til að teljast saklausir uns sekt væri sönnuð heldur hefði hún einnig ófrægt þá með því að greint var frá umræddu atviki sem staðreyndar án þess þó að það hefði verið formlega staðfest.

10. gr. Tjáningarfrelsi

Dómstóllinn benti á að mikilvægi umfjöllunar fjölmiðla um annað en það sem varði almannahagsmuni þurfi ávallt að meta sérstaklega áður en frá því sé greint sem staðreynd. Réttur einstaklinga til að teljast saklausir þar til sekt er sönnuð væri sérlega mikilvægur, ekki síst þegar um ásakanir um kynferðisbrot er að ræða.

Að lokum benti dómstóllinn á að innlendir dómstólar hefðu vísað til fullnægjandi raka þegar þeir hefðu takmarkað tjáningarfrelsi kæranda með vísan til nauðsynjar slíkrar takmörkunar í lýðræðislegu þjóðfélagi. Það yrði líka að hafa hugfast að aðildarríki sáttmálans hefðu vald til að ákvarða sektir sem þessar og í þessu tilviki hefðu dómstólar ákvarðað þær í réttu hlutfalli við brotin sem framin voru. Þannig hefðu þeir gætt meðalhófs við mat sitt á hagsmunum þeirra sem málið snerti. Það var því niðurstaða dómstólsins að ekki hefði verið brotið í bága við 10. gr. sáttmálans.

Tveir dómarmar skiluðu sératkvæði.

Brunet Lecomte og Lyon Mag gegn Frakklandi

Dómur frá 6. maí 2010

Mál nr. 17265/05

10. gr. Tjáningarfrelsi

Ærumeiðingar. Fjölmiðlar.

1. Málsatvik

Kærandur eru annars vegar Philippe Brunet Lecomte, franskur ríkisborgari, fæddur 1954 og búsettur í Lyon í Frakklandi, og hins vegar útgáfufyrirtæki tímaritsins *Lyon Mag*, með skráð aðsetur í Lyon.

Fyrri kærðinn er útgáfustjóri umrædds tímarits, sem er gefið út mánaðarlega. Á forsiðu tölublaðs októbermánaðar 2001 var m.a. varpað fram þeirri spurningu hvort ástæða væri til að óttast samtök íslamstrúarmanna í Lyon. Þar var einnig birt ljósmynd af T undir fyrirsögninni „*T, einn áhrifamesti leiðtogi múslima í Lyon*“. Þá var í grein um T gefið í skyn að honum hefði verið meinað að koma til Frakklands árið 1995. Einnig var því haldið fram að hann hefði ásamt bróður sínum rekið miðstöð múslima í Genf, sem að sögn frönsku leyniþjónustunnar væri miðpunktur íslamstrúarmanna í Evrópu.

T stefndi útgáfufyrirtækinu og útgáfustjóranum fyrir meiðyrði. Dómstóllinn taldi ummælin ærumeiðandi en þar sem kærandur hefðu verið í góðri trú voru þeir sýknaðir af kröfum T. Árið 2003 komst áfrýjunardómstóll að annarri niðurstöðu og gerði útgáfustjóranum að greiða 2.500 evrur í skaðabætur til T.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandur töldu að með sakfellingu þeirra fyrir ærumeiðingar vegna birtingar greina um samtök múslima í Lyon árið 2001 hefði verið brotið gegn tjáningarfrelsi þeirra samkvæmt 10. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Dómstóllinn taldi að mælt hefði verið fyrir um takmörkun á tjáningarfrelsi kæranda í lögum. Umræddar greinar hefðu verið framlag kæranda í opinbera umræðu sem átti erindi til almennings og voru þær birtar stuttu eftir hryðjuverkaárásirnar í Bandaríkjunum 11. september 2001. Í ljósi þess hefðu yfirvöld einungis takmarkaða heimild til að skerða tjáningarfrelsi kæranda.

Dómstóllinn benti á að þrátt fyrir að innlendir dómstólar hefðu litið til orðfæris og aðdróttana í greinunum, bæri einnig að líta til samhengis þeirra, en þær voru byggðar á rannsókn á starfsemi samtaka múslima í Lyon. Þá hefðu greinarnar ekki vísað með beinum hætti til T og þrátt fyrir að bæði myndin af honum og greinin um hann hefðu birst á áberandi stað í blaðinu hefði hann ekki sætt persónulegri árás. Dómstóllinn taldi að ekki hefði verið farið yfir þau mörk sem búast mætti við af fjölmiðli. Það ætti einkanlega við þar sem T var umsvifamikill fyrirlesari og mátti búast við að ummæli hans yrðu skoðuð ítarlega. Hin meintu ærumeiðandi ummæli voru talin hafa byggst á staðreyndum, enda hefðu fjölmörg skjöl verið lögð fyrir dómstólinn sem sýndu fram á þá hættu sem ummæli T hefðu leitt til.

Dómstóllinn taldi því að réttur T til verndar á mannorði sínu yrði að vika fyrir réttindum kæranda til að skila áfram upplýsingum um efni sem væri í þágu almennings sem og rétti almennings í Lyon til að taka við slíkum upplýsingum. Þá hefði sú sekt, sem kærendum var gert að greiða, verið óhóflega há.

Niðurstaða dómstólsins var því að brotið hefði verið gegn rétti kæranda samkvæmt 10. gr. sáttmálans. Dómstóllinn ákvarðaði ekki skaðabætur á grundvelli 41. gr. sáttmálans til kæranda þar sem þeirra hafði ekki verið krafist innan tilskilins tíma.

Tveir dómarar skiluðu séráliti.

Gutiérrez Suárez gegn Spáni

Dómur frá 1. júní 2010

Mál nr. 16023/07

10. gr. Tjáningarfrelsi

Ærumeiðingar. Fjölmiðlar.

1. Málsatvik

Kærandi, José Luis Gutiérrez Suárez, er spænskur ríkisborgari, búsettur í Madrid. Þegar atvik málsins áttu sér stað var hann útgáfustjóri dagblaðsins *Diario 16* en þar birtist árið 1995 frétt með fyrirsögninni: „Fimm tonn af hassi fundust í vörusendingu í eigu fyrirtækis Hassans II.“ Vísað var til fréttarinnar á forsiðu blaðsins með fyrirsögninni: „Fjölskyldufyrirtæki í eigu Hassans II bendlað við fíkniefnasmygl.“ Í fréttinni var fjallað um að löggæsluyfirvöld hefðu fundið 4.638 kíló af hassi í fölskum botni vöruflutningabifreiðar sem flutti ávexti fyrir fyrirtækið *Domaines Royaux* en það var í eigu konungsfjölskyldunnar í Marokkó.

10. gr. Tjáningarfrelsi

Hassan II, konungur Marokkó, leitaði til dómstóls í Madrid vegna málsins. Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu í nóvember 1997 að grundvallarréttindum konungsins hefði verið raskað með því að vega að æru hans. Fyrirsögn fréttarinnar hefði verið hlutdræg og að dómstóll hefði komist að þeirri niðurstöðu árið 1996 að þeir sem staðið hefðu að innflutningi fíkniefnanna hefðu ekki verið tengdir *Domaines Royaux* fyrirtækinu. Kærandi auk höfundar fréttarinnar og útgefanda blaðsins voru dæmdir til greiðslu sektar og til að birta dóminn í blaðinu.

Kærandi áfrýjaði málinu til áfrýjunardómstóls sem staðfesti fyrri dóm. Áfrýjunardómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að þær upplýsingar sem fréttin byggðist á hefðu ekki verið skoðaðar í ljósi afraksturs rannsóknar lögreglu eða upplýsinga um refsímál sem þá var yfirstandandi og nær lokið. Hæstiréttur staðfesti niðurstöður á fyrri dómstigum á þeim grundvelli að þær ásanir sem fram komu í fyrirsögnunum hefðu getað fengið almenna lesendur til að halda að marokkóska konungsfjölskyldan hefði tekið þátt í ólöglegum innflutningi á fíkniefnum. Kærandi skaut máli sínu til spænska stjórnlagadómstólsins en dómstóllinn lagði áherslu á mikilvægi blaðafyrirsagna og komst að þeirri niðurstöðu að umræddar fyrirsagnir, sem eðli málsins samkvæmt hefðu verið stuttar, hefðu vakið efa í hugum almennings um mannorð konungsfjölskyldunnar. Stjórnlagadómstóllinn hafnaði því kröfum kæranda.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi byggði kæru sína á því að brotið hefði verið gegn réttindum hans samkvæmt 10. gr. sáttmálans til að birta grein sína þar sem marokkóska konungsfjölskyldan var bendluð við fíkniefnainnflutning. Hann byggði kæruna jafnframt á því að brotið hefði verið gegn 1. mgr. 6. gr. og 14. gr. sáttmálans með því að skerða rétt hans til að leggja fram sönnunargögn og að hann hefði verið sakfelldur þrátt fyrir að hann hefði hvorki verið höfundur umræddrar greinar né eigandi dagblaðsins sem hún birtist í.

Niðurstaða

Spænska ríkið réttlætti takmörkun á tjáningarfrelsi kæranda með vísan til 18. gr. spænsku stjórnarskrárinnar og laga frá árinu 1982 um vernd æru, einkalífs og fjölskyldulífs og einnig á grundvelli þess lögmæta markmiðs að vernda bæri mannorð og réttindi konungsins af Marokkó.

Dómstóllinn tók fram að upplýsingarnar sem fjallað var um í málinu vörðuðu almannahagsmuni. Spænskur almenningur hefði átt rétt á að vera upplýstur um fíkniefnainnflutning sem marokkóska konungsfjölskyldan virtist tengjast enda virtist sem lögreglan hefði rannsakað þann anga málsins og hann fengið umfjöllun spænskra sakamáladómstóla. Dómstóllinn tók sérstaklega fram að efni dómsmála gætu komið til umræðu í fjölmiðlum og meðal almennings. Spænskir dómstólar hefðu ekki hafnað því að þær upplýsingar sem fram

10. gr. Tjáningarfrelsi

komu í umræddum fréttum hefðu verið sannar. Hæstiréttur Spánar hafði tekið fram að fyrirsagnir fréttanna en ekki þær sjálfar hefðu verið meiðandi. Dómstóllinn taldi af þessu tilefni að skoða yrði fyrirsagnirnar og fréttirnar í heild. Þrátt fyrir að fyrirsagnirnar hefðu verið samdar í því augnamiði að vekja athygli lesandans hefði efni fréttanna verið sannleikanum samkvæmt. Hann tók einnig fram að það væri ekki hans hlutverk, frekar en innlendra dómstóla, að meta tækni blaðamanna og að frelsi fjölmiðla heimilaði þeim ákveðið svigrúm til að ýkja.

Enn fremur hefði höfundur fréttarinnar vísað til þeirra upplýsinga sem bjuggu að baki fréttinni þegar hún var samin. Að því gefnu að blaðamenn störfuðu í góðri trú á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga og að þær upplýsingar sem blaðamenn notuðu væru á annað borð sannar væri ekki hægt að ætlast til þess að þeir framkvæmdu sjálfstæðar frumrannsóknir á þeim málum sem þeir fjölluðu um. Slík krafa gæti grafið undan eftirlitshlutverki því sem þeir gegndu fyrir almenning.

Af þessum sökum taldi dómstóllinn að takmarkanir á tjáningarfrelsi kæranda hefðu ekki verið í samræmi við það mögulega tjón sem æru marokkósku konungsfjölskyldunnar var búið í málinu. Dómstóllinn taldi, með sex atkvæðum gegn einu, að brotið hefði verið gegn 10. gr. sáttmálans.

Þar sem kærandi hafði ekki farið fram á bæt看 innan frests sem honum var settur dæmdi dómstóllinn honum engar bæt看.

11. gr. Funda- og félagafrelsi

Vörður Ólafsson gegn Íslandi

Dómur frá 27. apríl 2010 (óstytt þýðing)

Mál nr. 20161/06

11. gr. Funda- og félagafrelsi

14. gr. Bann við mismunun

1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar

Réttur til að standa utan félaga. Greiðslur til félagasamtaka. Skattlagning.

Í máli Varðar Ólafssonar gegn Íslandi kveður Mannréttindadómstóll Evrópu (fjórða aðaldeild), sem situr í deild skipaðri:

Nicolas Bratza, forseta,

Giovanni Bonello,

Davíð Þór Björgvinssyni,

Ján Šikuta,

Päivi Hirvelä,

Ledi Bianku,

Nebojša Vučinić, dómurum,

og Fatoş Aracı, aðstoðarritara aðaldeildar,

eftir að hafa fjallað um málið á lokuðum fundi hinn 24. mars 2009, 5. janúar 2010 og 30. mars 2010,

upp eftirfarandi dóm, sem var samþykktur þann dag sem síðast greinir.

MÁLSMEDFERÐ

1. Mál þetta á upphaf sitt í kæru (nr. 20161/06) sem Vörður Ólafsson („kærandi“), sem er íslenskur ríkisborgari, lagði fram gegn Íslandi samkvæmt 34. gr. Samningsins um verndun mannréttinda og mannfrelsis („Mannréttindasáttmálans“) hinn 16. maí 2006.

2. Í fyrirsvari fyrir kæranda voru T. Child, lögmaður í Lundúnum, og Einar Hálfðánarson, lögmaður í Reykjavík. Í fyrirsvari fyrir ríkisstjórn Íslands („ríkið“) var Björg Thorarensen, sem umboðsmaður þess.

3. Kærandi taldi einkum að sú skylda, sem á hann hefði verið lögð, að greiða iðnaðarmálagjald til Samtaka iðnaðarins (SI) bryti gegn rétti hans til félagafrelsis samkvæmt 11. gr. Mannréttindasáttmálans eins og hana bæri að túlka í ljósi 9. og 10. gr. sáttmálans. Hann taldi einnig að iðnaðarmálagjald væri í raun sérstakur skattur, er lagður væri á takmarkaðan hóp borgara ofan á almenna skatta, sem væri andstætt 1. gr. samningsviðauka nr. 1 við Mannréttindasáttmálann. Loks kvartaði hann undan mismunun, er bryti gegn 14. gr. Mannréttindasáttmálans, með hliðsjón af 11. gr. hans og 1. gr. samningsviðauka nr. 1 við sáttmálann.

11. gr. Funda- og félagafrelsi

4. Með ákvörðun, sem birt var 2. desember 2008, lýsti dómurinn kæruna tæka til efnismeðferðar.

5. Þing var háð fyrir opnum dyrum í Mannréttindabyggingunni í Strasborg hinn 24. mars 2009 (sbr. 3. mgr. 59. gr. reglna dómstólsins).

Fyrir dóminn mættu:

(a) f.h. ríkisstjórnarinnar

Björg Thorarensen, umboðsmaður,

Skarphéðinn Þórisson, ríkislögmaður,

Gunnar Narfi Gunnarsson, lögfræðingur, í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu
Elin Flygering, sendiherra, fastafulltrúi Íslands hjá Evrópuráðinu, ráðgjafar;

(a) F.h. kæranda

T. Child, lögfræðingur, lögmaður,

Einar Hálfðánarson, hrl.,

C. Murray, lögfræðinemi í starfsnámi, ráðgjafar.

Dómurinn hlýddi á málflutning Bjargar Thorarensen, Skarphéðins Þórissonar, T. Child og Einars Hálfðánarsonar.

MÁLSATVIK

I. MÁLAVEXTIR

6. Kærandi, Vörður Ólafsson, er íslenskur ríkisborgari, fæddur 1961, og búsettur í Reykjavík.

A. Hið umdeilda iðnaðarmálagjald

7. Kærandi er húsasmiðameistari og félagi í Meistarafélagi húsasmiða (MFA). Samkvæmt lögum nr. 134/1993, um iðnaðarmálagjald (hér eftir „lög nr. 134/1993“), bar honum að greiða gjald, svonefnt iðnaðarmálagjald, til Samtaka iðnaðarins (hér eftir SI), sem hann var ekki félagi í og MFA átti ekki aðild að. Í lögum nr. 134/1993 var kveðið á um að 0,08% gjald skyldi lagt á allan iðnað í landinu eins og hann væri skilgreindur í lögunum. Undir skilgreininguna féll öll starfsemi er heyrði undir atvinnugreinanúmer, sem talin voru upp í viðauka við lögin. Á fyrirtæki í eign einkaaðila, sem ekki féllu undir atvinnugreinanúmerin, var ekki lagt iðnaðarmálagjald. Sú var t.a.m. ekki raunin um fyrirtæki kjötvinnslu, mjólkurvinnslu eða fiskvinnslu. Önnur fyrirtæki í matvæla- og drykkjaiðnaði heyrðu undir lögin. Fyrirtæki, sem að öllu leyti voru í eign opinberra aðila eða sem stofnuð voru samkvæmt sérstökum lögum, féllu ekki undir lögin (sbr. 2. gr. laganna). Kveðið var á um að tekjur af iðnaðarmálagjaldi skyldu renna til SI og skyldi þeim varið til að vinna að eflingu iðnaðar og iðnþróunar í landinu (sbr. 3. gr.). Þá skyldu renna í ríkissjóð 0,5% af innheimtu gjaldsins vegna kostnaðar ríkissjóðs við innheimtu þess (sbr. 1. gr.).

11. gr. Funda- og félagafrælsi

8. Fleiri en 10.000 aðilar greiddu iðnaðarmálagjaldið (lögaðilar og sjálfstæðir atvinnurekendur). Félagar í SI voru á milli 1.100 og 1.200 (fyrirtæki og sjálfstæðir atvinnurekendur).

9. Ríkisstjórnin lagði fram afrit af skýrslum SI til iðnaðarráðuneytisins varðandi ráðstöfun iðnaðarmálagjalds fyrir árin 2000, 2003 og 2006.

10. Í skýrslu SI fyrir árið 2003 (dags. 4. júlí 2004) kom eftirfarandi fram:

„Samtök iðnaðarins halda ekki sérstakt bókhald yfir það hvort einstakir þættir í rekstri þeirra eru greiddir með peningum sem stafa frá félagsgjöldum, fjármagnstekjum eða iðnaðarmálagjaldi enda hafa þau litið þannig á að yfirgnæfandi hluti starfs þeirra komi fyrirtækjum í iðnaði til góða hvort sem þau eru aðilar að samtökunum eða ekki. Iðnaðarráðuneytið hefur ekki gert neinar athugasemdir varðandi þennan framgangsmáta enda ekki gerð krafa um annað í lögum um iðnaðarmálagjald.

Samtök iðnaðarins og iðnaðarráðuneytið eru hins vegar sammála um að gerð sé nákvæmari grein fyrir ráðstöfun iðnaðarmálagjaldsins og er það gert í síðari hluta þessarar skýrslu.“

11. Undir forsögninni „Ráðstöfun iðnaðarmálagjalds 2003 samkvæmt bókhaldi SI“ er að finna í skýrslunni töflu sem sýnir „tekjur og gjöld samkvæmt endurskoðuðum ársreikningi Samtaka iðnaðarins fyrir árið 2003.“ Í sérstökum dálki í töflunni er sýnt hlutfall fjármuna, sem stafa frá iðnaðarmálagjaldi, af hverjum lið og undirlið. Um er að ræða m.a. eftirfarandi liði: „Rekstrartekjur“ og „Rekstrargjöld“ Einnig er þar að finna „Nánari sundurliðun ráðstöfunar iðnaðarmálagjalds samkvæmt bókhaldi“, sem er þannig: (1) „Laun og launatengd gjöld“, (2) „Fundir og ráðstefnur“, (3) „Kynningarstarfsemi“, (4) „Útgáfa“, (5) „Útibú og sérverkefni“, og (6) „Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður“.

Með hverjum þessara undirliða er að finna í skýrslunni skýringar, þar sem upplýsingar eru veittar um meðferð félaga í samanburði við utanfélagsmenn. Til að mynda er tekið fram varðandi undirlið (1) að 2,5 ársverk af 20 séu unnin við verkefni sem ekki gagnast öðrum en félagsmönnum. Að því er varðar undirlið (3) er tekið fram að sýningarhald á vegum SI sé öllum opið þó að félagsmenn fái afslátt af þátttökugjöldum. Varðandi undirlið (5) er tekið fram að utanfélagsmenn fái aðgang að gæðastjórnunarverkefninu en gegn hærri gjaldi en félagsmenn greiða.

12. Í töflunni kemur fram að árið 2003 hafi rekstrartekjur SI numið samtals kr. 315.800.000, en þar af hafi kr. 197.359.000 átt uppruna sinn í iðnaðarmálagjaldi, sem yfirfært var til SI frá ríkissjóði, kr. 84.973.000 séu félagsgjöld, en aðrar tekjur kr. 33.468.000. Sama ár voru rekstrargjöld kr. 289.654.000, en þar af runnu kr. 234.617.000 (81%) til almennra verkefna (þ.e. kr. 197.359.000 kr. af iðnaðarmálagjaldi og kr. 37.258.000 af félagsgjöldum og öðrum tekjum).

13. Ríkisstjórnin skýrði frá því að Samtök iðnaðarins ræktu það hlutverk sitt og markmið að efla íslenskan iðnað samkvæmt 2. gr. laga nr. 134/1993 einkum með því að kynna íslenskan iðnað og styrkja ímynd hans, að verulegum fjárhæðum, sem fengjust með iðnaðarmálagjaldinu, væri ráðstafað til fræðslu,

11. gr. Funda- og félagsfrelsi

að samtökin væru álitsgjafi fyrir hönd atvinnulífsins varðandi lagafrumvörp og reglugerðir á sviði umhverfismála og hefðu eftirlit með því að opinber yfirvöld gættu aðhalds í opinberum innkaupum og fylgdu skýrum og gegnsæjum útbóðsreglum.

14. Á þeim tíma, sem um ræðir, greiddi kærandi eftirfarandi fjárhæðir í iðnaðarmálagjald fyrir þau ár sem tilgreind eru: 2001 kr. 23.023 (255 evrur), 2002 kr. 20.639 (229 evrur), 2003 kr. 12.567 (139 evrur) og 2004 kr. 5.946 (66 evrur).

B. Dómsmál höfðað til niðurfellingar á álagningu iðnaðarmálagjalds

15. Hinn 8. nóvember 2004 höfðaði kærandi mál á hendur ríkinu fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur þar sem hann krafðist þess að álagning iðnaðarmálagjalds á hann fyrir árin 2001 til 2004 yrði felld úr gildi.

16. Með dómi, sem kveðinn var upp 13. júlí 2005, dæmdi héraðsdómur ríkinu í hag og hafnaði kröfum kæranda.

17. Kærandi skaut málinu til Hæstaréttar og reisti málatilbúnað sinn m.a. á því að í 3. gr. laga nr. 134/1993 fælist í raun að allir einstaklingar og félög, sem stunda tiltekinn rekstur, skyldu greiða félagsgjald til SI, óháð því hvort þau væru þar félagsmenn eða ekki. Taldi áfrýjandi eðli þessa gjalds koma ljóslega fram í 14. gr. samþykktu fyrir SI, sem kvæðu á um félagsgjald, en þar kæmi meðal annars fram að þeir félagsmenn SI, sem greiddu iðnaðarmálagjald er rynni til samtakanna, fengju þann hluta fráðreginn í útreikningi á félagsgjaldi sínu. Með álagningu og innheimtu iðnaðarmálagjalds væru aðrir í reynd þannig skyldaðir til aðildar að samtökunum þótt þeir nytu þar ekki réttinda. Iðnaðarmálagjald væri því ekki annað en félagsgjald til SI. Kvaðst áfrýjandi vera félagi í Meistarafélagi húsasmiða, þar sem hann greiddi sín gjöld og teldi sínum hagsmunum best borgið, og hefði hann enga löngun til þess að vera félagi í SI. Bar hann að Samtök iðnaðarins hefðu á stefnuskrá sinni málefni, sem áfrýjandi væri ósammála og striddu gegn hagsmunum hans. Væri skylduaðild að SI, sem í þessu fælist, andstæð m.a. 2. mgr. 74. gr. stjórnarskrárinnar og 11. gr. Mannréttindasáttmálans. Þá taldi áfrýjandi að með lögum nr. 134/1993 væri hann skattlagður á ólögmætan hátt umfram aðra gjaldendur og að með lögnum væri þröngur hópur skattlagður „í þágu annars þröngs hóps eða þrengri hagsmuna annarra“. Loks taldi hann að álagning gjaldsins stæðist ekki jafnræðisreglu 65. gr. stjórnarskrárinnar þar sem eignarhaldsform fyrirtækis réði um gjaldskyldu og að tilgreining atvinnugreinanúmera, sem skattlagning miðaðist við, væri í eðli sínu tilviljanakennd.

Ríkið mótmælti þeirri málsástæðu kæranda að iðnaðarmálagjald væri félagsgjald til SI. Iðnaðarmálagjald væri skattur, sem lagður væri með lögum á tiltekna hópa einstaklinga og lögaðila eftir almennum efnislegum mælikvarða, án þess að sérstakt endurgjald ætti að koma fyrir. Með sömu lögum hafi verið ákveðið að gjaldið rynni til SI, sem skyldi ráðstafa því til að efla iðnað og iðnþróun í landinu. Slík ráðstöfun skattfjár með lögum til félagasamtaka

11. gr. Funda- og félagafrælsi

fæli ekki í sér að allir skattgreiðendur, sem inntu það af hendi, væru þar með lögbvingaðir til aðildar að viðkomandi samtökum. Ekki væri gert ráð fyrir að gjaldinu væri ráðstafað til hagsbóta fyrir félagsmenn eingöngu, heldur í þágu alls iðnaðar og iðnþróunar á Íslandi undir eftirliti iðnaðarráðuneytisins. Afsláttur af félagsgjaldi væri ákveðinn einhliða af SI og stæði ekki í neinum tengslum við álagningu og innheimtu gjaldsins. Ríkið hafnaði því einnig að lög nr. 134/1993 fælu í sér mismunun þeirra, sem væru í aðstöðu áfrýjanda, og þeirra, sem nytu undanþágu frá álagningu gjaldsins. Eðlilegt væri og mál-efnalegt að undanþiggja opinber fyrirtæki gjaldheimtunni og eðli máls samkvæmt ættu ekki sömu sjónarmið við um félög í eign opinberra aðila og hin, sem væru í eign einkaaðila. Bar ríkið einnig að stuðningur opinberra aðila við iðnað og iðnþróun fælist stundum í því að koma á fót iðnaðarstarfsemi, sem ekki væri á færi annarra að gera. Loks hefði iðnfyrirtækjum í eign opinberra aðila fækkað mjög á síðari árum. Þá mótmælti ríkið því einnig að tilgreining atvinnugreinanúmera, sem skattlagning miðist við, væri tilviljanakennd.

18. Með dómi, sem kveðinn var upp 20. desember 2005, hafnaði Hæstiréttur kröfum kæranda með fjórum atkvæðum gegn einu og staðfesti niðurstöðu héraðsdóms. Dómurinn var svohljóðandi:

„Svo sem getið er í héraðsdómi féll í Hæstarétti 17. desember 1998 dómur í máli nr. 166/1998: Gunnar Pétursson gegn íslenska ríkinu, sem birtur er á blaðsíðu 4406 í dómasafni það ár. Áfrýjandinn í því máli krafðist þess að felld yrði úr gildi álagning iðnlánasjóðsgjalds og iðnaðarmálagjalds á árunum 1995 og 1996. Mála-tilbúnaður áfrýjandans var reistur á málsástæðum, sem að verulegu leyti eru þær sömu og málsástæður áfrýjanda þessa máls. Er fallist á með stefnda að líta verði til þess dóms sem fordæmis í því máli, sem hér er til úrlausnar, að því marki sem leyst var úr málsástæðum í eldra málinu sem einnig er teft fram nú til stuðnings kröfu áfrýjanda.

Í hinu fyrra máli var með sama hætti og nú byggt á því að með álagningu iðnaðarmálagjalds, sem renni til Samtaka iðnaðarins, hafi áfrýjandinn verið þvingaður til aðildar að samtökunum. Í dómi Hæstaréttar var tekið fram að þótt gjaldið renni til áðurnefndra samtaka skuli því varið í ákveðnum tilgangi, sbr. 3. gr. laga nr. 134/1993, og sé það ekki styrkur til samtakanna. Ráðstöfun fjárins sé háð eftirliti iðnaðarráðuneytisins. Var fallist á að þessi skipan mála feli ekki í sér skylduaðild áfrýjandans að Samtökum iðnaðarins, sem brjóti gegn stjórnarskrá og mannréttindasáttmála Evrópu. Þá var tekið fram að þótt Samtök iðnaðarins kunni að hafa farið út fyrir ramma laganna með ráðstöfun fjárins geti það ekki valdið því að álagning gjaldsins á áfrýjandann yrði felld niður. Að þessu gættu og að öðru leyti með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms verður því hafnað að málsástæður áfrýjanda, sem lúta að þeim atriðum sem að framan greinir, geti leitt til þess að krafa hans nái fram að ganga. Með hliðsjón af því að Samtökum iðnaðarins er að lögum skylt að verja tekjum af iðnaðarmálagjaldi til að vinna að eflingu iðnaðar og iðnþróunar í landinu og þannig til hagsbóta þeirri atvinnugrein, sem skattlögð er, verður heldur ekki talið að lögjafinn hafi farið út fyrir heimildir sínar að þessu leyti við setningu laganna.

11. gr. Funda- og félagafrelsi

Áfrýjandi telur að jafnræðis hafi ekki verið gætt þar sem fyrirtæki í eigu opinberra aðila séu undanþæg gjaldinu. Varðandi þessa málsástæðu er til þess að líta að opinber fyrirtæki greina sig á margan hátt frá þeim, sem eru í eigu einkaaðila, og önnur sjónarmið eiga við um skattlagningu þeirra á ýmsum sviðum, svo sem fram kemur í skattalöggjöf almennt í landinu. Í málatilbúnaði áfrýjanda er ekki gerður samanburður á aðstöðu hans og tiltekinna opinberra fyrirtækja. Er ekki fram komið að um sé að ræða mismunun á aðstöðu áfrýjanda og þeirra sem undanþága laganna tekur til. Krafa áfrýjanda er loks á því reist að tilgreining atvinnugreinanúmera, sem skattlagning samkvæmt 1. mgr. 2. gr. laga nr. 134/1993 miðast við, sé tilviljanakennd. Gjaldið er samkvæmt lögunum lagt á iðnað, sem síðan er skilgreindur sem öll sú starfsemi, sem fellur undir atvinnugreinanúmer samkvæmt íslenskri atvinnugreinaflokkun, sem talin er upp í viðauka með lögum nr. 134/1993 eins og þeim var breytt með lögum nr. 81/1996. Þessi skilgreining á iðnaði tekur ekki aðeins til framleiðslustarfsemi, heldur einnig úrvinnslu og þjónustu og þar á meðal byggingariðnaðar. Er með þessu afmarkað hvað telst til iðnaðar í skilningi laganna gagnvart öðrum greinum atvinnulífs, þar á meðal starfsemi, sem byggst hefur upp á sviði landbúnaðar og sjávarútvegs. Slík atvinnugreinaflokkun hefur jafnframt verið viðurkennd sem grundvöllur fyrir annarri skattlagningu en þeirri, sem lýtur að iðnaðarmálagjaldi. Getur krafa áfrýjanda ekki náð fram að ganga á þeim grunni, sem að framan greinir.“

19. Í sératkvæði dómarans Ólafs Barkar Þorvaldssonar var komist að annarri niðurstöðu, þar sem m.a. var að finna eftirfarandi rökstuðning:

„I

Upphafleg lög um iðnaðarmálagjald eru nr. 48/1975. Í athugasemdum með frumvarpi að þeim lögum sagði að frumvarpið hefði verið lagt fram að tilmælum Félags íslenskra iðnrekenda, Landssambands iðnaðarmanna og Sambands íslenskra samvinnufélaga. Af hálfu þessara aðila fylgdi svo ítarleg greinargerð, sem virðist hafa verið tekin orðrétt upp í athugasemdirnar með lögunum. Þar sagði meðal annars: „... má benda á, að iðnfyrirtæki og aðilar, sem hafa með höndum sjálfstæðan iðnrekstur, annast innheimtu á margvíslegum gjöldum fyrir opinbera aðila, bæði af starfsfólki sínu og neytendum. Þessi skattheimta, sem þeir inna af hendi og eru ábyrgir fyrir, skiptir milljörðum króna á ári og kemur engin þóknun fyrir. Það sýnist því ekki óeðlilegt, að ríkisvaldið taki að sér að innheimta fyrir samtök þessara aðila gjald, sem er aðeins lítið brot af því, sem þeir innheimta fyrir ríkið. Með tekjustofni þessum ætti að vera skapaður fjárhagslegur grundvöllur fyrir virkari þátttöku samtaka iðnaðarins í mótun iðnþróunarinnar í framtíðinni.“ Þá var í ákvæðum laganna að finna sams konar ákvæði og í núgildandi lögum um að senda skyldi iðnaðarráðuneytinu árlega skýrslu um ráðstöfun andvirðis gjaldsins. Um þetta atriði sagði í athugasemdum með frumvarpinu að um væri að ræða „ákvæði, sem ætlað er að tryggja, að opinberum aðilum verði jafnan gerð eðlileg grein fyrir ráðstöfun iðnaðarmálagjaldsins.“

Núgildandi lög nr. 134/1993 tóku við af lögum nr. 48/1975. Í athugasemdum við frumvarpið að núgildandi lögum var tekið fram að greiðendur yrðu þeir sömu og áður, en tekin væri þó upp tilvísun í atvinnugreinanúmer samkvæmt atvinnugreinaflokkun Hagstofunnar til að „taka af allan vafa um hverjir eru greiðendur gjaldsins.“ Þá var kveðið á um að tekjur af gjaldinu skyldu renna óskiptar til Sam-

11. gr. Funda- og félagsfrelsi

taka iðnaðarins, en samkvæmt eldri lögum höfðu tekjurnar skipst á milli Sambands íslenskra samvinnufélaga, Sölustofnun lagmetisíðnaðarins, Félags íslenskra iðnrekenda og Landssambands iðnaðarmanna. Jafnframt þessu var breytt viðmiðun við ákvörðun gjaldstofns iðnaðarmálagjalds, þar sem aðstöðugjald, sem áður hafði verið notað við viðmiðun þessa, var ekki lengur við lýði.

II

Samkvæmt samþykktum Samtaka iðnaðarins eru þau samtök fyrirtækja, sjálfstæðra atvinnurekenda og iðngreina- og meistarafélaga, sem vilja starfa saman að sameiginlegum markmiðum eins og þau koma fram í 2. gr. samþykktanna. Í þeirri grein er í tíu liðum rakinn tilgangur og meginhlutverk samtakanna, sem felist í að efla íslenskan iðnað á ýmsan veg og styðja félagsmenn með einum og öðrum nánar tilgreindum hætti. Samkvæmt framlögðum gögnum lætur félagið ágreiningsefni á vettvangi stjórnmála til sín taka t.d. að því er varðar aðild að Evrópusambandinu og skattlagningu á ýmsum sviðum. Samkvæmt 8. gr. samþykktanna hefur hver félagsaðili atkvæðamagn á félagsfundi í hlutfalli við greitt félagsgjald. Í 14. gr. kemur fram að almennt félagsgjald reiknist að hámarki 0,15% af veltu liðins árs, en stjórn samtakanna sé heimilt að ákveða að innheimta lægra félagsgjald. Þá segir: „Þeir aðilar, sem greiða iðnaðarmálagjald, sem rennur til Samtakanna fá þann hluta viðurkenndan og frádreginn í útreikningi á félagsgjaldi sínu til Samtakanna. Falli innheimta iðnaðarmálagjalds niður fellur þessi frádráttur sjálfkrafa niður. Atkvæðamagn hvers félagsaðila reiknast af greiddu félagsgjaldi.“ Rekstur og ákvörðunartaka hjá Samtökum iðnaðarins er, líkt og venja er til hjá félagasamtökum, í höndum stjórnar og framkvæmdastjóra.“

Í framlögðum gögnum frá Samtökum iðnaðarins, er varðað það tímabil sem krafa áfrýjanda tekur til, er ekki með glöggum hætti sundurgreint hvernig iðnaðarmálagjaldi er varið. Til marks um það segir í orðrétt í skýrslum Samtaka iðnaðarins um ráðstöfun gjaldsins fyrir árin 2002 og 2003 að samtökin haldi „ekki sérstakt bókhald yfir það hvort einstakir þættir í rekstri þeirra eru greiddir með peningum sem stafa frá félagsgjöldum, fjármagnstekjum eða iðnaðarmálagjaldi“. Sambærilega yfirlýsingu er að finna um þetta atriði í skýrslu til ráðherra vegna ársins 2001, en skýrsla fyrir árið 2004 er ekki í gögnum málsins. Eru skýrslur Samtaka iðnaðarins til iðnaðarráðherra að öðru leyti einnig keimlíkar milli ára. Verður raunar helst af gögnum málsins ráðið að hluti gjaldsins renni til almenns reksturs samtakanna. Verður ekki séð af því sem fram er komið í málinu að iðnaðarráðherra hafi gert athugasemdir við ráðstöfun gjaldsins, en fram kemur eftirfarandi álit hans í bréfi til Meistarafélags húsasmiða 15. febrúar 2002 í kjölfar kvartana félagsins á ráðstöfun gjaldsins: „Eins og ljóst má vera af lögum um iðnaðarmálagjald hafa Samtök iðnaðarins fortakslaut forræði á ráðstöfun tekna af gjaldinu og getur iðnaðarráðuneytið ekki hlutast til um ráðstöfun þess svo fremi sem hún er innan lögbundinna marka.“ Af framlögðum skýrslum Samtaka iðnaðarins til ráðherrans um ráðstöfun gjaldsins, þau tímabil sem mál þetta varðar, sést að sá háttur hefur verið hafður á að veita þeim félagsmönnum samtakanna, sem greiða iðnaðarmálagjald, afslátt af félagsgjöldum, sem nemur fjárhæð þess. Má sem dæmi nefna ummæli í skýrslu Samtaka iðnaðarins til iðnaðarráðherra um ráðstöfun iðnaðarmálagjalds árið 2003: „Rétt er að benda á að þeir félagsmenn, sem greiða iðnaðarmálagjald, fá það að fullu dregið frá félagsgjöldum sínum til SI ... Ekki þykir rétt að þau fyrirtæki

11. gr. Funda- og félagaafrelsi

innan Samtaka iðnaðarins, sem eru iðnaðarmálagjaldsskyld, greiði meira til starfs samtakanna en þau fyrirtæki sem eru aðilar en eru ekki gjaldskyld. Með þessum hætti greiða öll aðildarfyrirtæki SI jafnt til Samtakanna hvort sem þau eru gjaldskyld eða ekki. Hin, sem utan standa, greiða hins vegar einungis iðnaðarmálagjald og taka þannig þátt í almenntri hagsmunagæslu iðnaðarins.“

III

Reglur um félagaafrelsi eru í 74. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 ... Ákvæðin hafa að geyma ítarlegri reglur um félagaafrelsi en fram koma með beinum hætti í orðalagi 11. gr. samnings um verndun mannréttinda og mannfrelsis ... Í 2. mgr. 74. gr. stjórnarskrárinnar segir: „Engan má skylda til aðildar að félagi. Með lögum má þó kveða á um slíka skyldu ef það er nauðsynlegt til að félag geti sinnt lögmæltu hlutverki vegna almannahagsmuna eða réttinda annarra.“

Eins og að framan greinir er markmið iðnaðarmálagjalds sagt í lögum nr. 134/1993 vera til eflingar íslensks iðnaðar, en einnig er sérstaklega tilgreint að í ríkissjóð renni einungis sá hluti gjaldsins, sem nemur kostnaði við innheimtu þess. Að öðru leyti fer gjaldið til Samtaka iðnaðarins, sem ráðstafar því. Einnig verður ekki annað ráðið en að gjaldið fari að ótilgreindum hluta til almennrar starfsemi þeirra samtaka eftir ákvörðun stjórnar samtakanna þar um. Þá verður af ákvæðum laga nr. 134/1993 ekki séð að iðnaðarráðherra hafi fullnægjandi heimildir til að fylgja því eftir að gjaldinu sé ráðstafað með þeim hætti, sem löginn kveða á um, heldur skal hann einungis að taka við skýrslum Samtaka iðnaðarins þar að lútandi. Verður af þessum ástæðum ekki talið að ákvæði laga nr. 134/1993 tryggi að ráðstöfun gjalds renni í þau verkefni, sem til er ætlast samkvæmt þeim lögum.

Greiðsla félagsgjalda til reksturs félags er að jafnaði ein af aðalskyldum félagsmanna í félögum þar sem slíkt gjald er áskilið. Áfrýjandi er félagi í meistarafélagi húsasmiða. Er hvorki hann né félag hans aðili að Samtökum iðnaðarins. Áfrýjandi er ekki samþykktur markmiðum félagsins á ýmsum sviðum en hann telur, eins og nánar er rakið í hinum áfrýjaða dómi, félagið vinna gegn sínum hagsmunum, og raunar einnig fjölmargra annarra innan iðnaðarins, sem einnig greiði iðnaðarmálagjald án þess að vera félagar í samtökunum. Eigi að síður er áfrýjandi að lögum nr. 134/1993 skyldaður til að greiða margumrætt gjald, sem rennur eins og lýst hefur verið til frjálsra samtaka er hafa það markmið að gæta hagsmuna þeirra sem stunda iðnað og félagsmanna sinna eins og þau meta þá hverju sinni eftir ákvörðun framkvæmdastjóra og stjórnar, án marktækra afskipta stjórnvalda.

Þegar litið er til framanritaðs og forsögu laga nr. 134/1993 og með hliðsjón af athugasemdaleausri ráðstöfun gjaldsins til almennrar starfsemi samtakanna, verður að líta svo á að það fyrirkomulag, sem markað er með lögnum, feli í raun í sér allríka skyldu áfrýjanda til þátttöku í starfsemi samtakanna, án þess að hann hafi veitt samþykki sitt fyrir því. Skýra verður framangreind ákvæði 2. mgr. 74. gr. stjórnarskrárinnar um rétt manna til að standa utan félaga svo, að tilhögun eins og boðin er með lögum nr. 134/1993 sé óheimil nema hún fullnægi þeim skilyrðum sem síðari málslíður 2. mgr. 74. gr. stjórnarskrárinnar tekur til. Samtök iðnaðarins eru ekki félag með þannig starfsemi, sem þar um ræðir. Þegar af þessum sökum ber að fallast á kröfu áfrýjanda um að fella beri úr gildi álagningu iðnaðarmálagjalds á hendur honum gjaldaárin 2001 til 2004 og dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málkostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.“

II. VIÐEIGANDI LANDSLÖG

20. 1. og 2. mgr. 74. gr. stjórnarskrár Íslands eru svohljóðandi:

„Rétt eiga menn á að stofna félög í sérhverjum löglegum tilgangi, þar með talin stjórnmalafélög og stéttarfélög, án þess að sækja um leyfi til þess. Félag má ekki leysa upp með ráðstöfun stjórnvalds. Banna má þó um sinn starfsemi félags sem er talið hafa ólöglegan tilgang, en höfða verður þá án ástæðulausrar tafar mál gegn því til að fá því slitið með dómi.

Engan má skylda til aðildar að félagi. Með lögum má þó kveða á um slíka skyldu ef það er nauðsynlegt til að félag geti sinnt lögmæltu hlutverki vegna almannahagsmuna eða réttinda annarra.“

21. Viðeigandi ákvæði laga nr. 134/1993, um iðnaðarmálagjald, eru svohljóðandi:

1. gr.

„Leggja skal 0,08% gjald, iðnaðarmálagjald, á allan iðnað í landinu eins og hann er skilgreindur í 2. gr. Skal gjaldstofn þess vera velta samkvæmt 11. gr. laga um virðisaukaskatt að meðtalinni veltu sem undanþegin er virðisaukaskatti samkvæmt 12. gr. þeirra laga.

Um álagningu og innheimtu iðnaðarmálagjalds fer samkvæmt ákvæðum VII.–XIV. kafla laga um tekjuskatt og eignarskatt eftir því sem við á.

Í ríkissjóð skal renna 0,5% af innheimtu iðnaðarmálagjalds samkvæmt 1. mgr. vegna kostnaðar ríkissjóðs við innheimtu þess.

Iðnaðarmálagjald má draga frá tekjum þess rekstrarárs þegar stofn til þess myndaðist.“

2. gr.

„Til iðnaðar telst öll starfsemi sem fellur undir atvinnugreinanúmer sem upp eru talin í viðauka við lög þessi.

Undanþegin gjaldinu eru fyrirtæki sem að öllu leyti eru í eign opinberra aðila, svo og fyrirtæki sem stofnuð eru samkvæmt sérstökum lögum til að vera eign opinberra aðila að verulegu leyti nema annars sé getið í þeim lögum.“

3. gr.

„Tekjur af iðnaðarmálagjaldi renna til Samtaka iðnaðarins. Tekjunum skal varið til þess að vinna að eflingu iðnaðar og iðnþróunar í landinu. Þau skulu senda iðnaðarráðuneytinu árlega skýrslu um ráðstöfun andvirðis teknanna.“

7. gr.1

„Ríkisendurskoðun getur krafist reikningsskila af stofnunum, samtökum, sjóðum og öðrum aðilum sem fá fé eða ábyrgðir frá ríkinu og ber þeim þá skylda

1 Svo í dóminum en greinin er tekin úr lögum um ríkisendurskoðun nr. 86/1997.

11. gr. Funda- og félagsafrelsi

til að afhenda Ríkisendurskoðun umbeðin gögn. Þá er Ríkisendurskoðun heimill aðgangur að og skoðun á frumgögnum eða skýrslum sem færðar eru samhliða reikningsgerð á hendur ríkinu eða ríkisstofnunum fyrir vinnu eða þjónustu, sem greiðsluskyld er að öllu leyti eða að verulegum hluta úr ríkissjóði á grundvelli laga, verksamninga eða gjaldskrársamninga við einstaklinga, félög eða stofnanir, til að sannreyna efni innsendra reikninga og greiðsluskyldu ríkissjóðs. ...

Nú verður ágreiningur um skoðunarheimild Ríkisendurskoðunar samkvæmt þessari grein og getur þá Ríkisendurskoðun leitað úrskurðar héraðsdóms um hann.“

III. VIÐEIGANDI ALÞJÓÐALÖG OG RÉTTARFRAMKVÆMD

A. Afstaða félagsmálanefndar Evrópu

22. Nefndin hefur nokkrum sinnum fjallað um stéttarfélagsgjöld og framlög frá sjónarmiði 5. gr. Félagsmálasáttmála Evrópu, einkum í eftirfarandi tilvikum:

*Samtök atvinnurekenda í Svíþjóð gegn Svíþjóð, hópkaera nr. 12/2002,
Ákvörðun um efnishlið frá 15. maí 2003*

„39. Nefndin veitir því athygli, í fyrsta lagi, að gjöldin, sem dregin eru frá launum starfsmanna samkvæmt almennum kjarasamningi milli SBWU og sænsku byggingaverktakasamtakanna, eru samkvæmt kjarasamningnum ætluð til að standa undir kostnaði af launaeftirliti. Nefndin telur að launaeftirlitskerfið megi, allt eftir landsvenju, vera í höndum opinberra stjórnvalda eða atvinnusamtaka eða stéttarféлага og þá með beinni eða óbeinni heimild löggjafans. Í síðara tilvikinu væri gjaldtaka réttlætunleg.

40. Af því leiðir að nefndin telur að greiðsla gjalds til stéttarfélagsins til þess að standa straum af kostnaði við launaeftirlitsstörf þessi geti ekki í sjálfu sér talist óréttmæt. Nefndin telur einnig að það geti ekki talist skerðing á frelsi launþega til þess að ganga í stéttarfélag, þar sem greiðsla gjaldsins leiðir ekki sjálfkrafa til aðildar að SBWU og auk þess er félagsmönnum annarra stéttarféлага en SBWU ekki gert að greiða gjaldið.

41. Hins vegar telur nefndin að vafi leiki á raunverulegri ráðstöfun gjaldsins og að í því tilviki sem hér um ræðir, ef gjaldinu væri ráðstafað til þess að standa straum af kostnaði við aðrar athafnir en launaeftirlit, gæti slíkt gjald talist innheimt, a.m.k. að hluta til, í andstöðu við 5. gr. á þeim forsendum sem um getur í 29. gr.

42. Í því máli sem hér um ræðir er nefndin ekki í aðstöðu til þess að sannreyna ráðstöfun gjaldanna og einkum og sér í lagi að sannreyna að hvaða marki gjöldin svari til kostnaðarins af þjónustunni, sem veitt er, og þess hags sem launþegar njóta af launaeftirlitinu. Þessir þættir ráða úrslitum um ákvörðun á því hvort brotið hafi verið gegn 5. gr., sbr. 39. lið og 40. eða 41. lið. Nefndin telur því að það sé hlutverk dómstóla í landinu að úrskurða um málið í ljósi þeirra grundvallarreglna sem nefndin hefur ákvarðað um þetta efni eða, eftir því sem við á, löggjafans að gera

11. gr. Funda- og félagafrelsi

dómstólum kleift að meta afleiðingarnar að því er varðar það hvort hin umdeildu ákvæði standist Félagsmálasáttmála Evrópu eða lög.

43. Nefndin áskilur sér rétt til þess að fylgjast með framvindu mála með því að kalla eftir skýrslum og, eftir atvikum, með því að fjalla um almennar kærur sem berast.

...“

Niðurstöður 2002, Rúmenía, bls. 126

„ ... Samkvæmt skýrslunni er viðtekið að stéttarfélög leggi gjald á utanfélagsmenn í fyrirtækinu og krefjist „útfyllingar umsóknar eða aðildarskjals“ sem endurgjald fyrir vinnu við gerð almenns kjarasamnings. Af viðbótarupplýsingum sem bárust frá ríkisstjórninni að ósk nefndarinnar má ráða að grundvöll þessa fyrirkomulags sé að finna í almennum kjarasamningi frá 2001-2003, þar sem kveðið er á um að fjárhæð endurgjaldsins skuli að lágmarki vera 3,0% af launum og að hámarki svara til fjárhæðar stéttarfélagsgjalds. Það vekur athygli nefndarinnar að samkvæmt 9. gr. laga nr. 130/1996 um almenna kjarasamninga gilda kjarasamningar um alla starfsmenn fyrirtækis, án tillits til starfsaldurs eða aðildar að stéttarfélagi. Við slíkar aðstæður felur gjaldtaka af launþegum, sem ekki eru félagar í stéttarfélagi, í sér skylduaðild sem er andstæð réttinum til þess að stofna og ganga í stéttarfélög.

Nefndin fer þess á leit að í næstu skýrslu komi fram með skýrum hætti hvort launþegum utan stéttarfélagsins sé skylt, auk greiðslu gjalds til stéttarfélagsins, að sækja um inngöngu. ...“

Niðurstöður 2004, Rúmenía, bls. 454–55

„ ... Nefndin hefur áður komist að þeirri niðurstöðu að ástandið í Rúmeníu samræmdist ekki 5. gr. vegna þeirrar skyldu utanfélagsmanna að greiða gjald til stéttarfélags, sem samið hefði um gildandi almenna kjarasamninga, jafnvel þótt slíkir samningar giltu að lögum um alla launþega án tillits til þess hvort þeir væru félagar í stéttarfélagi (málavöxtum er lýst í niðurstöðum 2002, bls. 126).

Nefndin hefur endurmetið stöðuna í ljósi skýringanna, sem gefnar eru í skýrslunni, og þeirra grundvallarreglna sem nefndin lýsti í kærú nr. 12/2002 (Samtök atvinnurekenda í Svíþjóð gegn Svíþjóð, ákvörðun um efnishlið frá 15. maí 2003, 26.-31. mgr.). Nefndin vekur athygli á því, í fyrsta lagi, að framlagið gangi til þess að standa straum af kostnaði við starfsemi sem gagnast öllum launþegum: gerð almennra kjarasamninga. Í öðru lagi er ekki um skyldubundið gjald að ræða samkvæmt almenna kjarasamningnum frá 2001-2002, sem gjaldtakan byggir á, né heldur rennur gjaldið til stéttarfélags. Loks er ekki um að ræða nein lagaákvæði um sjálfkrafa aðild að stéttarfélagi. Það er því mat nefndarinnar að greiðsla þessarar fjárhæðar geti ekki ein og sér talist brot gegn rétti launþega til þess að ganga í stéttarfélag eða standa utan þess.“

„ ... Í fyrri ákvörðunum sínum spurði nefndin hvort sjálfkrafa gjaldtaka af launum allra launþega, þ.m.t. þeirra sem ekki tilheyrðu stéttarfélagi, væri bönnuð samkvæmt gildandi lögum. Í skýrslunni er tekið fram að samkvæmt reglum um töku stéttarfélagsgjalds séu félagsgjöld aðeins greidd af þeim sem skylt er að greiða slík gjöld, sem þýðir að þeir þurfa að vera félagsmenn í stéttarfélagi.

Stéttarfélagsgjöld er unnt að greiða á tvo vegu. Félagsmenn geta annaðhvort greitt félagsgjaldið beint inn á reikning stéttarfélagsins eða þeir geta farið þess á leit við vinnuveitendur að félagsgjöldin verði dregin frá launum þeirra og er vinnuveitanda þá skylt að verða við þeirri ósk. Árið 2002 samþykkti þingið lög, með stuðningi stéttarfélaganna, þar sem vinnuveitendum var gert skylt að draga félagsgjöld frá launum og standa skil á þeim. Fyrir þann tíma var aðeins unnt að draga félagsgjöld frá launum með samþykki bæði vinnuveitanda og starfsmanns. Að mati nefndarinnar er óheimilt að skylda eða banna með lögum það fyrirkomulag að stéttarfélagsgjöld séu dregin frá launum. Tryggja verður að það teljist refsivert brot að beita slíku fyrirkomulagi í ólögætum tilgangi, t.a.m. til þess að afla upplýsinga um stéttarfélagsaðild. ...“

B. ILO-reglur

23. Upplýsingar um rétt launþega og vinnuveitenda til þess að stofna eða gerast aðili að samtökum að eigin vali er að finna í 5. kafla Útdráttá úr ákvörðunum og meginreglum nefndar Alþjóðavinnuálastofnunarinnar um félagaafrelsi.

Undir fyrirsögninni „Eining og fjölræði stéttarféлага“ (e. Trade union unity and pluralism) er m.a. bent á að sú staðreynd, að launþegar og vinnuveitendur kunni almennt að telja sér í hag að koma í veg fyrir fjölgun samtaka, sem standa í samkeppni, geti ekki talist fullnægjandi réttlætning á beinni eða óbeinni íhlutun ríkisins (sbr. Útdrátt úr ákvörðunum og meginreglur, 2006, 319. mgr.). Einokunarstaða, sem komið væri á með lögum, færi ekki saman við grundvallarregluna um félagaafrelsi launþega og atvinnurekenda (320. gr.). Ríkisstjórn ætti hvorki að styðja né hindra löglega tilraun stéttarfélags til þess að koma í stað annars félags sem fyrir er. Launþegum ætti að vera frjálst að velja það stéttarfélag sem að þeirra mati gætir atvinnuhagsmuna þeirra best án íhlutunar opinberra yfirvalda (322. mgr.). Ef lögð væri sú skylda á alla launþega á því sviði sem um ræðir að greiða framlög til eins landsbundins stéttarfélags, sem heimilt væri að stofna eftir atvinnugrein eða svæði, stæðist það ekki þá grundvallarreglu að launþegar skuli eiga rétt á því að skrá sig í samtök „að eigin vali“ (325. mgr.).

24. Undir fyrirsögninni „Hlutdrægni eða mismunun gagnvart tilteknum samtökum“ (e. Favouritism or discrimination in respect of particular organizations) segir m.a. (tilvísunum í Útdrættinum, sem fara á eftir hverri grein, er sleppt hér):

11. gr. Funda- og félagsafrelsi

„339. Þegar litið var til hinnar takmörkuðu starfsemi, sem í einu máli var heimil samkvæmt lögum fyrir tiltekna flokka stéttarfélaga, taldi nefndin að sá greinarmunur, sem gerður væri á stéttarfélögum samkvæmt landslögum, kynni að hafa þá óbeinu afleiðingu að takmarka frelsi launþega til þess að tilheyra samtökum að eigin vali. Ástæður þess að nefndin tók þessa afstöðu voru eftirfarandi: Almennt þegar ríkisstjórn getur veitt tilteknum samtökum hagræði, eða svipt samtök hagræði í þágu annarra samtaka getur skapast hættu á því, jafnvel þótt það sé ekki ásetningur ríkisstjórnarinnar, að eitt stéttarfélag njóti hagræðis eða óhagræðis í samanburði við önnur, sem þar með teldist mismunur. Nánar tiltekið, með því að valda hagræði eða óhagræði hjá einum samtökum gagnvart öðrum getur ríkisstjórn beint eða óbeint haft áhrif á val launþega varðandi þau samtök sem þeir ætla sér að tilheyra, þar sem þeir munu óhjákvæmilega vilja tilheyra þeim samtökum sem best eru í stakk búin til þess að þjóna þeim, jafnvel þótt hugur þeirra stæði til þess að ganga til liðs við önnur samtök af ástæðum sem tengjast atvinnu þeirra, trú, stjórnmálaskoðunum eða öðru. Frelsi aðila til þess að velja er réttur sem kveðið er á um berum orðum í samþykkt nr. 87.

...

340. Með því að veita tilteknum samtökum hagstæðari eða óhagstæðari meðferð en öðrum samtökum kann ríkisstjórn að geta haft áhrif á val launþega á þeim samtökum sem þeir hyggjast ganga til liðs við. Að auki gæti ríkisstjórn, sem af ásetningi gripi til slíkra ráða, brotið gegn þeirri grundvallarreglu, sem sett er fram í samþykkt nr. 87, þess efnis að opinber yfirvöld skuli forðast hvers kyns inngrip sem til þess væru fallin að takmarka þau réttindi sem kveðið er á um í samþykktinni eða hindra að þeirra sé neytt með lögmatum hætti; slíkt bryti einnig gegn þeirri grundvallarreglu að landslög skuli ekki skerða þau réttindi sem tryggð eru í samþykktinni, né skuli beita landslögum með þeim hætti að það leiði til slíkrar skerðingar. Æskilegt hlýtur að teljast að ef ríkisstjórn vill veita stéttarsamtökum tiltekna fyrirgreiðslu ættu slík samtök að njóta jafnræðis að því leyti.

...

341. Í máli þar sem a.m.k. voru mjög nán starfstengsl milli stéttarfélags og vinnuálagfirvalda og annarra yfirvalda, lagði nefndin áherslu á mikilvægi ályktunarinnar frá 1952 um sjálfstæði verkalýðshreyfingarinnar og hvatti ríkisstjórnina til þess að forðast hlutdrægni eða mismunur gagnvart einstökum verkalýðsfélögum og beindi þeim tilmælum til hennar að taka hlutlausa afstöðu í samskiptum sínum við öll samtök launþega og vinnuveitenda þannig að allir stæðu jafnfætis í þeim efnum.

...

342. Oftar en einu sinni hefur nefndin fjallað um mál þar sem því var haldið fram að opinber yfirvöld hefðu með afstöðu sinni hyglt eða mismunað einum eða fleiri stéttarsamtökum.

(1) ...

(2) ójöfn skipting styrkja milli verkalýðsfélaga ...

(3) ...

11. gr. Funda- og félagafrlsi

Mismunun með slíkum aðferðum, eða öðrum aðferðum, kann að vera óformleg aðferð til þess að hafa áhrif á aðild launþega að stéttarfélögum. Slíkt er því oft erfitt að sanna. Staðreyndin er engu að síður sú að öll mismunun af þessum toga stefnir í hættu rétti launþega, sem kveðið er á um í 2. gr. samþykktar nr. 87, til að stofna og ganga til liðs við samtök að eigin vali.“

25. Í 8. kafla Útdráttarins er að finna eftirfarandi grundvallarreglur varðandi opinbera fjármögnun og yfirráð yfir stéttarfélögum (tilvísunum í Útdrættinum, sem fara á eftir hverri grein, er sleppt hér):

„466. Réttur launafólks til þess að stofna samtök að eigin vild og réttur slíkra samtaka til þess að semja eigin samþykktir og innri reglur og skipuleggja stjórnsýslu sína og starfsemi veltur á fjárhagslegu sjálfstæði. Í þessu sjálfstæði felst að ekki skuli fjármagna samtök launafólks með þeim hætti að opinber stjórnvöld hafi yfir þeim ákvörðunarrétt.

...

467. Að því er varðar fjármögnunarkerfi fyrir launþegahreyfinguna, sem eru með þeim hætti að verkalýðsfélög eru fjárhagslega háð ríkisstofnun, taldi nefndin að ríkisyfirráð, í hvaða mynd sem er, samræmdust ekki grundvallarreglunni um félagafrlsi og að slíkt kerfi ætti að afnema, þar sem þau gæfu stjórnvöldum færi á að hlutast til um fjárhagsstjórn verkalýðsfélaga.

...

470. Kerfi þar sem launamenn eru skyldaðir til þess að greiða framlög til opinberrar stofnunar, sem á móti fjármagnar launþegasamtök, er alvarleg ógnum við sjálfstæði þessara stofnana.

...

473. Atriði sem varða fjármögnun launþega- og atvinnurekendasamtaka, bæði að því er varðar fjárhag þeirra sjálfra og fjárhag sambanda þeirra og heildarsamtaka, ættu að ráðast af lögum samtakanna sjálfra, sambanda þeirra og heildarsamtaka og af því leiðir að stjórnarskrárákvæði eða lagaákvæði, sem fela í sér kröfu um framlög, eru ósamrýmanleg grundvallarreglum um félagafrlsi.“

LAGAATRIÐI

I. MEINT BROTT GEGN 11. GR. SÁTTMÁLANS

26. Kærandi taldi að sú skylda sem á hann hefði verið lögð að greiða iðnaðarmálagjald til SI bryti gegn rétti hans til félagafrlisis samkvæmt 11. gr. Mannréttindasáttmálans, en þau ákvæði greinarinnar sem málið varða eru svohljóðandi:

„1. Rétt skal mönnum að koma saman með friðsömum hætti og mynda félög með öðrum, þar á meðal að stofna og ganga í stéttarfélög til verndar hagsmunum sínum.

11. gr. Funda- og félagafrelsi

2. Eigi skal réttur þessi háður öðrum takmörkunum en þeim sem lög mæla fyrir um og nauðsyn ber til í lýðræðislegu þjóðfélagi ... til verndar heilsu eða siðgæði manna eða réttindum og frelsi. ...“

Að auki vísaði kærandi til 9. gr. sáttmálans (réttur á að vera frjáls hugsana sinna, samvisku og trúar) og 10. gr. (réttur til tjáningarfrelsis).

27. Ríkisstjórnin mótmælti þessum málatilbúnaði.

28. Að mati dómsins fer best á því að fjalla um þennan hluta kærunnar með hliðsjón af 11. gr. sáttmálans og túlkun þeirrar greinar í ljósi 9. og 10. gr.

A. Meint brot gegn rétti sem tryggður er samkvæmt 11. gr.

1. Röksemdir aðila

(a) Kærandi

29. Að mati kæranda ber að meta neikvæða hlið félagafrelsis til jafns við hina jákvæðu. Önnur niðurstaða væri órökrétt og myndi grafa undan grundvallarreglunni um félagafrelsi. Þannig hefði dómurinn réttilega komist að þeirri niðurstöðu að skylda til þess að ganga í tiltekið stéttarfélag og leggja til þess fé í blóra við hina neikvæðu hlið félagafrelsisréttarins „stríddi gegn sjálfu inntaki félagafrelsisins sem tryggt væri með 11. gr.“ (vísaði hann til *Young, James og Webster gegn Bretlandi*, 13. ágúst 1981, 55. mgr., A-deild, nr. 44, og *Sørensen og Rasmussen gegn Danmörku* [GC], nr. 52562/99 og 52620/99, 54. mgr., ECHR 2006-I).

30. Kærandi vefengdi þá staðhæfingu ríkisstjórnarinnar að fyrirliggjandi mál snerist um skatt en ekki félagsgjald og því hefði ekki verið brotið gegn hinni neikvæðu hlið félagafrelsis. Þótt ríkisstjórnin viðurkenndi að skattur væri skyldubundin greiðsla til ríkisins til nota af hálfu ríkisins í samræmi við ákvarðanir, sem ríkið tæki í almannapágu, áttaði hún sig ekki á því að iðnaðarmálagjald hefði ekki þessa eiginleika, heldur væri um að ræða gjald til SI, sem innheimt væri af hálfu ríkisins fyrir hönd samtakanna. Það væru Samtök iðnaðarins sem ákvæðu hvernig verja skyldi þeim fjármunum, sem til þess rynnu með þessum hætti, með hliðsjón af stefnumiðum sínum og sjónarmiðum og án tillits til sjónarmiða kæranda og annarra, sem skyldaðir væru með lögum til þess að leggja af mörkum til fjármögnunar þess. Af þeim ástæðum, sem einkum kæmu fram í sératkvæðinu með dómi Hæstaréttar, hefði kærandi verið skyldaður til að vera félagi í Samtökum iðnaðarins og/eða spyrða sig við aðra innan samtakanna á grundvelli hinnar lögboðnu greiðslu félagsgjalda. Þrátt fyrir að greiðsla iðnaðarmálagjalds væri skyldubundin og félagar í SI gætu látið draga gjald sitt frá félagsgjöldum hefðu samtökin áskilið sér rétt til þess að neita honum og öðrum í sömu aðstöðu um aðild.

31. Kærandi taldi einnig að hin umdeilda skylda til greiðslu iðnaðarmálagjalds kæmi niður á möguleikum hans til þess að njóta jákvæðs réttar síns til félagafrelsis. 1. mgr. 11. gr. verndaði réttinn til að koma saman með öðrum,

11. gr. Funda- og félagafrelsi

þ.m.t. réttinn til þess að stofna og ganga í félag eða samtök til að vinna að hagsmunum þátttakenda í hópnum. Álagning iðnaðarmálagjalds rýrði þá fjármuni sem kærandi og aðrir hefðu til umráða til þess að stofna og fjármagna samtök sem styddu sjónarmið sín og hagsmuni. Í öllu falli væri um að ræða inn grip í jákvæðan rétt kæranda og annarra til þess að mynda af frjálsum vilja félag með öðrum til stuðnings við hagsmuni sína og sjónarmið. Í þessu tilliti bar kærandi fyrir sig 339. - 342. gr. Útdráttarins úr ákvörðunum og meginreglum nefndar Alþjóðavinnuálastofnunarinnar um félagafrelsi (sjá 23. og 24. mgr. hér að framan). Hvers kyns mismunur af því tagi, sem getið væri í þeim greinum, þ.m.t. hagstæð eða óhagstæð meðferð tiltekinnar stofnunar í samanburði við aðrar, ógnaði rétti einstaklinga til þess að stofna eða ganga í félög að eigin vali.

32. Að mati kæranda væri ljóst að Samtök iðnaðarins, sem væru frjáls félagasamtök, nýtu hagræðis umfram önnur einkasamtök. Iðnaðarmálagjald væri skattur sem væri lagður á í því skyni að fjármagna starfsemi SI. Hvorki MFH né önnur frjáls félagasamtök nýtu góðs af slíkum skatti.

33. Kærandi taldi að verndun frelsis til hugsana, sem kveðið er á um í 9. gr., og tjáningarfrelsis samkvæmt 10. gr. fælu í sér frelsi til vals. Í því fælist að einstaklingur ætti að hafa val á því hvort hann tæki þátt í kostnaði annarra af því að styðja og breiða út stjórnmalaskoðanir og hvort honum skyldi skipað í hóp með öðrum sem hann væri ósammála eða í tilgangi sem hann væri ósáttur við. Þannig stríddi það eitt og sér gegn rétti samkvæmt 11. gr. að skylda mann til þess að greiða félagsgjöld til samtaka, þrátt fyrir andstöðu viðkomandi við stefnu, starfsemi og skoðanir þeirra, og að taka þátt í kostnaði sem samtökin hefðu af því að styðja og breiða út þessar skoðanir.

(b) Ríkisstjórnin

34. Ríkisstjórnin mótmælti því að um neina skerðingu væri að ræða á rétti kærandans til félagafrelsis samkvæmt 11. gr. samningsins, hvorki varðandi rétt hans til þess að stofna eða ganga til liðs við stéttarfélög eða rétt hans til þess að standa utan félaga. Kærandi væri ekki félagi í SI og hefði ekki verið neyddur á neinn hátt til þess að gerast þar félagi. Kærandi væri aðeins einn af 10.000 mönnum í landi þar sem íbúar væru 300.000, sem væri gert að greiða iðnaðarmálagjald. Fjárhæð iðnaðarmálagjaldsins væri mjög lág, eða 0,08% af viðskiptaveltu. Ekki væri um að ræða félagsgjald, heldur skatt, sem lagður væri á í sérstökum tilgangi, er kveðið væri á um í settum lögum, nr. 134/1993, þ.e. í því skyni að efla iðnað og iðnþróun á Íslandi. Eins og aðrir skattar væri gjaldið innheimt af ríkinu. Í samræmi við lögin rynni gjaldið til SI, sem væri skylt að ráðstafa því í tilgreindum tilgangi. Leggja bæri áherslu á að þótt Samtök iðnaðarins væru frjáls félagasamtök hefði þeim verið veitt skýrt og lögboðið verkefni að einu leyti, sem væri að ráðstafa iðnaðarmálagjaldinu til hagsbóta fyrir atvinnugreinina í heild, þ.m.t. kæranda, sem væri sjálfstæður atvinnurekandi.

35. Þótt Samtök iðnaðarins ynnu einkum í þágu eigin félaga, væri þess gætt í rekstrinum að halda aðgreinda reikninga um ráðstöfun tekna af iðnaðarmálagjaldi í þágu eigin hagsmuna annars vegar og í þágu sameiginlegra heildarhagsmuna iðnaðarins hins vegar. Hefði ráðstöfun Samtakanna á fjármunum, sem ættu rætur að rekja til iðnaðarmálagjalds, verið háð lögbundnum skilyrðum og virku opinberu eftirliti. Að þessu leyti væri eftirliti beitt í fullu samræmi við kröfur um gegnsæi gagnvart aðilum sem eins og kærandi greiddu gjaldið til Samtaka iðnaðarins án þess að vera þar félagar eða tengdir því á annan hátt. Að þessu leyti væri þetta mál frábrugðið máli *Evaldsson o.fl. gegn Svipjóð* (nr. 75252/01, 13. febrúar 2007). Sú staðreynd að Samtök iðnaðarins veittu félögum sínum, sem einnig greiddu iðnaðarmálagjald, afslátt af félagsgjöldum hefði engin áhrif á stöðu kæranda. Sem frjáls félagasamtök hefðu Samtök iðnaðarins átt fullan rétt á því að ákveða hvaða fyrirkomulag skyldi gilda varðandi félagsgjöld til sín og í þeim efnum nýtu samtökin í raun verndar samkvæmt 11. gr. gegn inngripum ríkisins.

36. Ríkisstjórnin lagði áherslu á að álagning iðnaðarmálagjalds væri í eðli sínu frábrugðin þeirri stöðu sem Alþjóðavinnuumálastofnunin hefði lýst í Útdrættinum úr úrskurðum og meginreglum undir fyrirsögninni „Hlutdrægni eða mismunun gagnvart tilteknum stofnunum“ (sjá 24. gr. hér að framan). Ekki væri unnt að líta á skatttekjur, sem yfirfærðar væru til SI, sem einhvers konar ríkisstyrk er væri misskipt til einna atvinnurekendasamtaka en ekki annarra. Þvert á móti væri þeim ætlað að standa straum af opinberum skyldum sem lagðar væru á Samtök iðnaðarins að efla íslenskan iðnað og iðnþróun. Ástæða þess að engin önnur atvinnurekendasamtök fengju tekjur af iðnaðarmálagjaldi væri að engum öðrum samtökum hefði verið falin slík verkefni. Því gæti ekki verið um að ræða neina mismunun milli Samtaka iðnaðarins og hefðbundinna vinnuveitendasamtaka í skilningi nefndar Alþjóðavinnuumálastofnunarinnar.

37. Að mati ríkisstjórnarinnar væri grundvallarmunur á þeim málsatvikum, sem um er deilt í þessu máli, og málsatvikum í fyrri dómum dómstólsins, sem fjölluðu um neikvætt félagafrælsi, einkum *Young, James og Webster*, sem vísað er til hér að framan, *Sigurður A. Sigurjónsson gegn Íslandi* (30. júní 1993, Series A no. 264) og *Sørensen og Rasmussen*, sjá hér að framan). Ólíkt þeim málum myndi neitun af hálfu kæranda að greiða iðnaðarmálagjaldið ekki leiða til atvinnu- eða framfærslumissis og hefði engin áhrif í þeim efnum. Um væri að ræða skatt en ekki félagsgjald.

38. Hefði kærandi ekki greitt iðnaðarmálagjaldið hefði það ekki haft í för með sér neinar persónulegar afleiðingar fyrir hann, hvorki að því er varðar vinnurétt eða refsirétt, né hefði hann neyðst til þess að hætta atvinnurekstri sínum samkvæmt þeim sérstöku reglum sem gilda um innheimtu virðisaukaskatts. Hvers kyns vanskil hefðu leitt til almennra innheimtuaðgerða af hálfu skatt-yfirvalda, nánar tiltekið fjárnáms (lög um aðför nr. 90/1989) og nauðungarsölu hinna fjárnumdu eigna á uppboði (lög nr. 90/1991). Þannig væru einu afleiðingarnar fyrir kærandann ef hann neitaði að greiða iðnaðarmálagjald fjárhagsleg-

ar kvaðir af sama toga og við ættu um skatta almennt. Í öllu falli væri gjaldið, sem lagt væri á rekstur kæranda, afar lítið (0,08%), að jafnvirði aðeins EUR 66 fyrir allt árið 2004. Svo lág fjárhæð gæti ekki talist fjárhagsleg byrði fyrir hann og greindi það þetta mál frá máli Evaldsson o.fl. (sjá hér að framan).

39. Ríkisstjórnin mótmælti ennfremur málatilbúnaði kæranda að því er varðar 9. og 10. gr. Mannréttindasáttmálans. Samtök iðnaðarins hefðu engin pólitísk markmið er tengdust starfsemi eða stefnu einna stjórnmalaflokka. Samtökin hefðu aldrei lýst stuðningi við tiltekinn stjórnmalaflokk eða stofnað til einna pólitískra tengsla, t.a.m. með beinum eða óbeinum fjárframlögum. Ríkisstjórnin hafnaði því alfarið órökstuddum staðhæfingum kæranda að Samtök iðnaðarins tækju þátt í stjórnmalastarfsemi. Samtökin tækju óhjákvæmilega af og til þátt í almennri umræðu, sem beindist að hagsmunum iðnaðarins og leiðum til þess að tryggja greininni viðeigandi starfsumhverfi. Það væri hins vegar óháð þeim stjórnmalaflokki eða stjórnmalaflokkum sem kynnu að vera við völd hverju sinni. Að þessu leyti væri aðstaða kæranda ólík aðstöðu kæranda í málum *Young, James og Webster* og *Sørensen* og *Rasmussen*, þar sem fyrir hendi hefðu verið skýr og yfirlýst tengsl milli stéttarfélaganna, sem þeim var gert að tilheyra, og tiltekinna stjórnmalaflokka.

40. Þá væru málavextir í máli kæranda ekki sambærilegir við málavexti í *Chassagnou o.fl. gegn Frakklandi* ([GC], nr. 25088/94, 28331/95 og 28443/95, ECHR 1999-III). Sem stærsti umræðuvettvangur iðnaðarins á Íslandi hefðu Samtök iðnaðarins lagt mat á það og lýst álitum á því hvernig Evrópusambandið þjónaði breiðum hagsmunum iðnaðarins og hvernig iðnaði í aðildarríkjum Evrópu væru tryggðar tilteknar rekstraraðstæður í samanburði við þá stöðu sem væri á Íslandi. Slíkt fæli hins vegar ekki í sér stuðning við neina tiltekna stjórnmalaskoðun eða sannfæringu, sem kærandi teldi sig hafa verið bendlaðan við gegn eigin vilja. Samtök iðnaðarins kæmu fram fyrir hönd afar stórs og ósamstæðs hóps fyrirtækja og atvinnurekenda á breiðu sviði iðnaðar og hefðu þá stefnu eina að vinna í þágu hagsmuna iðnaðarins sem slíks, en ekki að styðja stefnu tiltekins stjórnmalaflokks eða tiltekinna flokka eða taka þátt í stjórnmalastarfsemi.

41. Í ljósi framangreinds taldi ríkisstjórnin að í máli kæranda væri ekki um að ræða neina þvingun sem stríddi gegn sjálfum kjarna réttarins, sem tryggður er samkvæmt 11. gr. Né heldur leiddi það af dómaframkvæmd Evrópudómstólsins að neikvætt félagafrelsi bæri að meta til jafns við jákvætt félagafrelsi.

42. Varðandi það hvort skyldan til þess að greiða gjaldið hefði áhrif á jákvætt félagafrelsi kæranda, bæri að líta til þess að það hefði engin áhrif á rétt hans til þess að ganga í stéttarfélag eða samtök að eigin vali. MFH, sem kærandi væri félagi í, hefði ekki verið bundið af almennum kjarasamningum Vinnuveitendasambands Íslands, sem Samtök iðnaðarins væru aðili að. Þannig hefði samningafrelsi kæranda ekki verið ógnað. MFH gæti án nokkurrar íhlutunar gripið til ráðstafana til þess að gæta sérhagsmuna félaga sinna og ráðstafa félagsgjöldum, sem þeir greiddu, til þeirra þarfa. Sú staðhæfing kæranda að

11. gr. Funda- og félagafrelsi

starfsemi SI væri í andstöðu við hagsmuni hans og skoðanir væri órökstudd. Bæði MFH og SI væru samtök atvinnurekenda og kærandi hefði ekki bent á neina hagsmuni sína sem ekki færu saman við hagsmuni Samtaka iðnaðarins í þeim efnum. Þvert á móti færu hagsmunir byggingarfyrirtækja, eins og annarra iðnfyrirtækja, fullkomlega saman við þá hagsmuni sem Samtök iðnaðarins styddu. Nyti kærandi sjálfur góðs af starfi SI til eflingar íslensks iðnaðar.

43. Þótt Samtök iðnaðarins tækju þátt í almennum umræðum um starfs-skilyrði íslensks iðnaðar, þ.m.t. hvort aðild Íslendinga að Evrópusambandinu fæli í sér kosti, væri kæranda frjálst að segja sig frá skoðunum samtakanna og taka eigin afstöðu, eins og MFH hefði gert.

44. Með vísan til framangreindra röksemda gerði ríkisstjórnin þá kröfu að dómurinn viðurkenndi að ekki hefði verið um að ræða neina íhlutun í rétt kæranda samkvæmt 11. gr. Mannréttindasáttmálans.

2. Álit dómstólsins

45. Af hálfu dómstólsins er það ítrekað að rétturinn til þess að stofna og ganga í stéttarfélag er sérstök hlið félagafrelsis og að frelsishugtakið felur að einhverju marki í sér valfrelsi um að neyta hans (sbr. *Young, James og Webster*, sjá 52. gr. hér að framan). Samkvæmt því verður að líta svo á að 11. gr. Mannréttindasáttmálans feli í sér neikvætt félagafrelsi, eða með öðrum orðum rétt til þess að vera ekki neyddur til þess að gerast félagi (sbr. *Sigurður A. Sigurjónsson*, sjá 35. gr. hér að framan). Jafnvel þótt skylda til þess að ganga í tiltekið stéttarfélag þurfi ekki í öllum tilvikum að fara í bága við sáttmálann verður að líta svo á að ef slík skylda stríðir í ljósi málavaxta gegn sjálfum kjarna félagafrelsisins, sem tryggt er samkvæmt 11. gr., hljóti slíkt að teljast íhlutun í þetta frelsi (sbr. *Gustafsson gegn Svihjóð*, 25. apríl 1996, 45. gr., Reports of Judgments and Decisions 1996-II; og *Young, James og Webster*, 55. mgr.; *Sigurður A. Sigurjónsson*, 36. mgr.; og *Sørensen og Rasmussen*, sjá 54. mgr. hér að framan).

46. Ennfremur verður í þessu sambandi að líta til þess að verndun skoðanafrelsis, sem tryggð er samkvæmt 9. og 10. gr. Mannréttindasáttmálans, er eitt af markmiðunum með verndun félagafrelsis og slíka vernd er einungis hægt að tryggja með virkum hætti með því að tryggja bæði jákvætt og neikvætt félagafrelsi (sjá *Chassagnou o.fl.*, 103. mgr.; *Young, James og Webster*, 57. mgr.; *Sigurður A. Sigurjónsson*, 37. mgr.; og *Sørensen og Rasmussen*, 54. mgr., sbr. tilvísanir hér að framan).

Í þessu sambandi er sjálfsforræðishugtakið mikilvæg meginregla og forsenda fyrir túlkun þeirra réttinda sem sáttmálinn tryggir. Því verður að líta á þetta hugtak sem óhjákvæmilega fylgireglu við það valfrelsi einstaklinga, sem felst í 11. gr., og staðfestingu á mikilvægi hinnar neikvæðu hliðar ákvæðisins (sjá *Sørensen og Rasmussen*, sem fyrr er vísað til).

47. Í þessu máli var kærandi, sem er atvinnurekandi í byggingaiðnaði og félagi í MFH, skyldaður samkvæmt lögum nr. 134/1993 til þess að greiða iðn-

11. gr. Funda- og félagaþreysi

aðarmálagjald til SI, þar sem hann var ekki félagi og sem MFH var ekki aðili að. Fyrsta álitafnið, sem þarf að leysa, er hvort þessi skylda jafngilti skyldu-aðild, eins og haldið er fram af kæranda en mótmælt af ríkinu, sem gengi gegn neikvæðu félagaþreysi hans, þ.e. þreysi hans til þess neita að „ganga í“ fagfélag gegn eigin vilja, sbr. túlkaniir í fyrri málum fyrir dómstólnum.

48. Dómurinn veitir því athygli að málavextir í þessu máli eru frábrugðnir málavöxtum í fyrri málum, sem til meðferðar hafa verið fyrir dómnum, að því leyti að hvorki kærandi né MFH, sem hann var félagi í, voru neyddir til þess að „ganga í“ SI í þeim skilningi að gerast þar félagar. En þótt skyldan sem lögð var á kæranda fæli ekki í sér formlega aðild átti hún einn mikilvægan þátt sameiginlegan með félagsaðild, þ.e. fjárframlag til SI (sbr. *Sørensen og Rasmussen*, sjá hér að framan, 63. mgr.). Líta má svo á að þessi sameiginlegi þáttur styrkist af þeirri staðreynd að félagar í SI, sem greiddu iðnaðarmálagjald, áttu rétt á afslætti af félagsgjöldum sem nam iðnaðarmálagjaldinu.

49. Að vísu er það svo, að ólíkt félagsgjöldum var iðnaðarmálagjald ekki greitt beint til Samtaka iðnaðarins, heldur óbeint, með milligöngu ríkissjóðs, sem framsendi þá fjármuni sem innheimtust að frádregnum innheimtukostnaði til Samtakanna, þar sem fjármunirnir voru færðir sérstaklega og aðgreindir frá félagsgjöldum. Þótt líta megi svo á að iðnaðarmálagjald hafi að þessu leyti borið einkenni skatts til sérstakra þarfa var það að því leyti frábrugðið að það var lagt á takmarkaðan hóp manna og greitt út til frjálsra félagasamtaka til afnota fyrir samtökin án verulegrar aðkomu eða yfirráða af hálfu opinberra yfirvalda.

50. Ennfremur er það svo, eins og bent er á af hálfu ríkisstjórnarinnar, að fjárhæðirnar sem kæranda bar að greiða á hverju ári, reiknað samkvæmt lögum sem 0,08% af veltu, voru tiltölulega lágar og vanræksla af hans hálfu á þeirri lögboðnu skyldu að greiða gjaldið hefði einungis sætt einkaréttarlegum eða stjórnsýslulegum viðurlögum, þ.m.t. innheimtu gjaldfallinna fjárhæða með fjárnámi og nauðungarsölu á eignum kæranda. Að þessu leyti má líta svo á að þvingunin, sem kærandi mátti sæta, hafi verið miklum mun vægari en í tilteknum öðrum málum, sem komið hafa fyrir dóminn, þar sem neitun kæranda að ganga í stéttarfélag leiddi til atvinnumissis eða leyfissviptingar og þar með sviptingar á lífsviðurværi (sbr. t.d. *Young, James og Webster*, 55. mgr., sjá hér að framan; *Sigurður A. Sigurjónsson*, 36.-37. mgr., sjá hér að framan). Á móti vekur dómurinn athygli á því að hann hefur áður komist að þeirri niðurstöðu að mun vægari viðurlög við neitun að verða við kröfu um að ganga í stéttarfélag stríddi gegn sjálfru inntaki félagaþreysisins, sem verndað er með 11. gr. Mannréttindasáttmálans (sbr. t.d. *Sørensen og Rasmussen*, 61. mgr., sjá hér að framan).

51. Ekkert af þessu breytir þeirri staðreynd að í þessu máli var kærandi skyldaður með lögum að styðja fjárhagslega frjáls félagasamtök, sem voru ekki að hans eigin vali. Einnig var um að ræða samtök sem studdu stefnumið – einkum aðild að Evrópusambandinu – sem kærandi taldi í grundvallaratriðum and-

11. gr. Funda- og félagafrælsi

stæð eigin pólitískum skoðunum og hagsmunum. Kæru hans samkvæmt 11. gr. ber því að skoða í ljósi 9. og 10. gr., þar sem verndun skoðanafrælsis er einnig eitt af markmiðunum með félagafrælsinu, sem tryggt er samkvæmt 11. gr. (sbr. *Sørensen og Rasmussen*, sjá hér að framan; *Sigurður A. Sigurjónsson*, 37. mgr., sjá hér að framan; og *Young, James og Webster*, 57. mgr., sjá hér að framan).

52. Dómurinn vekur ennfremur athygli á því að þótt hin árlegu fjárframlög, sem um ræðir, kunni að hafa verið hógvæfrá sjónarmiði hvers einstaklings um sig, leiddi það af kerfisbundnu, umfangsmiklu og varanlegu eðli iðnaðarmálagjaldsins að það gat haft veruleg áhrif. Þar sem a.m.k. 10.000 greiðendur greiddu gjöld til samtaka með rétt rúmlega 1.100 félaga og lögðu þannig til meiri hlutann af fjármagni þess (sbr. 12. mgr. hér að framan) hlýtur þetta fyrirkomulag að teljast stórfelld fjármögnunaráætlun þar sem allt fjármagnið rann til einstaks viðtakanda, þ.e. SI. Engin önnur samtök, þ.m.t. MFH, þar sem kærandi var félagi, fengu fé sem átti uppruna sinn í iðnaðarmálagjaldinu. Ólíkt félögum í SI voru félagar annarra samtaka, eins og kærandinn, ekki í aðstöðu til þess að hljóta afslátt af félagsgjöldum þeim, sem þeir greiddu samtökum sínum, er svaraði til þeirra fjárhæða sem þeir höfðu greitt í formi iðnaðarmálagjalds. Þrátt fyrir þá röksemd ríkisstjórnarinnar að fjármunirnir hafi verið notaðir til eflingar og þróunar íslensks iðnaðar í heild leikur enginn vafi á því að Samtök iðnaðarins og félagar þeirra hlutu hagstæðari meðferð en t.a.m. MFH og félagar þess, þ.m.t. kærandi.

53. Í þessu sambandi tekur dómurinn einnig mið af niðurstöðum félagsmálanefndar Evrópu (í tengslum við 5. gr. Félagsmálasáttmála Evrópu) og nefndar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um félagafrælsi (í tengslum við 87. samþykkt nefndarinnar um félagafrælsi og réttinn til að stofna félög), en af þeim má ráða að sú kvöð að skylda ófélagsbundna menn til þess að greiða gjald til stéttarfélags og aðgerðir stjórnvalda sem fela í sér hlutdrægni eða mismunun gagnvart stéttarfélagi kunni við tiltekna aðstæður að teljast ósamrýmanlegar réttinum til þess að stofna og ganga í samtök að eigin vali (sbr. 22.-24. mgr. hér að framan).

54. Í ljósi framangreinds er það niðurstaða dómsins að lögboðin skylda kæranda til þess að greiða iðnaðarmálagjaldið stríði gegn valfrælsi kæranda til þess að gæta atvinnuhagsmuna sinna sem félagi í stéttarfélagi og feli í sér inn-grip í rétt kæranda til félagafrælsis, sem varinn er samkvæmt 1. mgr. 11. gr.

B. Hvort takmörkun var réttlætanleg samkvæmt 2. mgr. 11. gr.

1. Sjónarmið aðila

(a) Kærandi

55. Kærandi féllst á að krafan um að hann greiddi iðnaðarmálagjald væri „lögboðin“ en mótmælti þeirri málástæðu ríkisstjórnarinnar að inngripið í félagafrælsi hans væri í lögætum tilgangi.

11. gr. Funda- og félagafrelsi

56. Né heldur gæti álagning iðnaðarmálagjalds á utanfélagsmenn eins og kæranda talist nauðsynleg vegna 2. mgr. 11. gr. sáttmálans, en þá grein ætti að túlka í ljósi 9. og 10. gr. Ekki væri um að ræða neina brýna og hóflega þörf til skerðingar á (neikvæðu) félagafrelsi hans, skoðanafrelsi eða tjáningarfrelsi með því að skylda hann til að gerast aðili að SI og/eða bindast samtökum við aðra innan þeirra samtaka með því að greiða félagsgjöld til samtakanna. Gjöld þessi væru notuð að hluta af SI til þess að standa straum af kostnaði við að styðja og breiða út pólitískar skoðanir, sem væru andstæðar skoðunum kæranda og annarra í hans stöðu, en þeir væru skyldaðir til þess að gegna veigamiklu hlutverki í starfsemi Samtaka iðnaðarins með greiðslu þessara skyldubundinna gjalda til samtakanna, sem hann (og aðrir) teldi andstæða hagsmunum sínum og þjóðarhagsmunum. Íslensk stjórnvöld gætu ekki sýnt fram á að engin leið væri til þess að vinna að hagsmunum íslensks iðnaðar, eins og þeim væri fram haldið af Samtökum iðnaðarins, önnur en að skylda hann (og aðra) til þess að greiða gjaldið og þannig leggja sitt af mörkum til þess að standa straum af kostnaði, sem Samtök iðnaðarins hefðu af því að styðja og breiða út skoðanir sem kærandi (og aðrir) væri andsnúinn. Vísaði kærandi í þessu sambandi til niðurstöðu dómsins í málinu *Evaldsson o.fl.* (sjá hér að framan).

57. Kærandi lagði ennfremur áherslu á að ákvarðanir SI um ráðstöfun þeirra fjármuna, sem af iðnaðarmálagjaldi hlytust, væru teknar án þess að nein opinber stjórnvöld kæmu þar að máli. Eins og ríkisstjórnin hefði staðfest í bréfi frá 15. febrúar 2000 (sem vitnað er til í II. kafla sératkvæðis með dómi hæstaréttar, sbr. 19. mgr. hér að framan), hefðu Samtök iðnaðarins fortakslaust forræði á ráðstöfun tekna af gjaldinu og gæti iðnaðarráðuneytið ekki hlutast til um ráðstöfun þess.

58. Ennfremur væri óumdeilanlegt að Samtök iðnaðarins tækju þátt í stjórnmalastarfi, t.d. með því að berjast fyrir aðild Íslands að Evrópusambandinu.

59. Ennfremur gæti það ekki stutt málstað ríkisstjórnarinnar að aðfarargerðir til innheimtu á iðnaðarmálagjaldi væru á forræði ríkisins en ekki SI. Þvert á móti styddi það málstað kæranda að þótt innheimta og innheimtuaðgerðir vegna iðnaðarmálagjalds væru í höndum ríkisins væru hin lögbundnu gjöld síðan framseld til Samtaka iðnaðarins, sem ráðstöfuðu fjármununum að vild án opinbers eftirlits.

60. Öfugt við það sem ríkisstjórnin héldi fram væri iðnaðarmálagjald ekki lagt á í almannabágu, heldur í þágu einkasamtaka, þ.e. SI.

61. Þótt ríkisstjórnin byggði á niðurstöðu dómstólsins í málinu *Evaldsson o.fl.* (sjá hér að framan) styddi sú niðurstaða fremur stöðu kæranda. Hin kærða greiðsluskylda í *Evaldsson o.fl.* hefði verið lögð á með almennum kjarasamningi, en hin umdeilda skylda í þessu máli væri sett á með lögum, sem þýddi að sú niðurstaða, sem fengist hefði í fyrra málinu, ætti enn frekar við í þessu máli. Ennfremur væri líkt og í máli *Evaldsson o.fl.* skortur á upplýsingum og

gegnisæi að því er varðar eftirlit og hvernig Samtök iðnaðarins hefðu ráðstafað fjármununum.

62. Ennfremur, eins og í fyrrnefndu máli, hefði kæranda verið gert að greiða gjöld gegn vilja sínum til samtaka með pólitísk markmið sem hann styddi ekki. Ólíkt kændum í fyrrnefnda málinu hefði kærandi í þessu máli hins vegar ekki fengið neitt í sinn hlut fyrir þau gjöld sem hann greiddi.

63. Í ljósi þessa væri ekki unnt að halda því fram að íslensk stjórnvöld hefðu gætt sanngjarns jafnvægis milli hagsmuna sem rákust á.

(b) Ríkisstjórnin

64. Yrði það niðurstaða dómsins, þrátt fyrir röksemdafærsluna hér að framan, að brotið hefði verið gegn rétti kæranda til félagafrelsis, sem verndaður væri samkvæmt 1. mgr. 11. gr., taldi ríkisstjórnin að íhlutunin uppfyllti þau skilyrði sem sett væru fram í 2. mgr. Iðnaðarmálagjaldið væri lögmælt með skýrum hætti og miðaði að því lögmæta markmiði að vera „til verndar ... réttindum og frelsi annarra“. Jafnframt bæri að líta til þess að með því að þjóna þeim tilgangi að efla eina mikilvægustu atvinnugrein íslensks efnahagslífs þjónaði iðnaðarmálagjaldið einnig mikilvægum hagsmunum almennings.

65. Að því er varðar nauðsyn íhlutunarinnar lagði ríkisstjórnin á það áherslu að löggjafinn hefði talið að þeim tilgangi að þeim íslenskan iðnað yrði best náð með því að fela það hlutverk Samtökum iðnaðarins undir opinberu eftirliti samkvæmt lögum og ráðstafa fjármununum, sem fengjust með iðnaðarmálagjaldinu, til þessara einu samtaka fremur en að dreifa þeim á mörg smærri samtök. Samtök iðnaðarins væru regnhlífarsamtök sem hefðu innan vébanda sinna fjölmörg fyrirtæki, einstaklinga og félög í öllum greinum iðnaðar í því skyni að vinna með stjórnvöldum að þessu markmiði. Samtök iðnaðarins ynnu að hagsmunum iðnaðar af öllum toga, innan Íslands sem utan, og hefðu áhrif á stefnumótun stjórnvalda og fjármálastofnana, ríkisstofnana og annarra aðila sem hefðu með iðnrekstur að gera. Þetta hefði þann tilgang að tryggja að íslensk fyrirtæki byggju við starfsumhverfi, er gerði þeim kleift að keppa á innlendum og erlendum markaði án hindrana og með arðbærum hætti.

66. Með vísan til þeirra fjölmörgu röksemda, sem færðar hefðu verið fram hér að framan um að ekki hefði verið um að ræða skerðingu á félagafrelsi kæranda (sjá 34. – 44. mgr. hér að framan), taldi ríkisstjórnin að í öllu falli gæti iðnaðarmálagjaldið ekki talist óhófleg íhlutun í rétt hans. Iðnaðarmálagjald gæti með engu móti talist þung byrði á kæranda, enda væri aðeins um að ræða örliðið hlutfall (0,08%) af veltu hans. Að þessu leyti væri málið ólíkt Evaldsson o.fl. (sjá sér að framan).

67. Í 3. gr. laga um iðnaðarmálagjald hefði löggjafinn falið framkvæmdarvaldinu eftirlitshlutverk í því skyni að tryggja að fjármunirnir væru notaðir í almannabágu, eins og gert væri ráð fyrir í lögum, og til hagsbóta fyrir iðnaðinn í heild. Þetta hefði verið gert með fullkomlega gegnsæjum hætti og að því leyti væri málið einnig frábrugðið Evaldsson o.fl. (sjá hér að framan).

11. gr. Funda- og félagafrelsi

Ennfremur, þar sem tekjurnar sem um ræddi væru almannafé, hefði embætti ríkisendurskoðanda fullt vald til þess að rannsaka rekstur og bókhald Samtaka iðnaðarins.

68. Ríkisstjórnin vísaði ennfremur til þess að í ákvörðun sinni frá 15. maí 2003, í máli Samtaka sænskra atvinnurekenda gegn Svíþjóð, varðandi launaeftirlitsgjald, sem dregið var frá launum launþega sem ekki væru félagar í viðkomandi stéttarfélagi, hefði Félagsmálanefnd Evrópu túlkað 5. gr. félagsmálasáttmála Evrópu með þeim hætti að það gæti aðeins stutt afstöðu ríkisstjórnarinnar í þessu máli. Fjórar meginniðurstöður megi leiða af því máli sem hefðu sérstaka þýðingu fyrir þetta mál. Í fyrsta lagi væri heimilt að leggja á gjald með lögum, eða jafnvel með kjarasamningi, þegar gjaldið væri ætlað til þess að þjóna mikilvægum hagsmunum allra launþega í þeirri atvinnugrein sem um ræddi. Í öðru lagi, sem væri afar mikilvægt, fæli greiðsla gjalds, sem rynni til tiltekinnar samtaka, ekki sjálfkrafa í sér skylduaðild. Í þriðja lagi væri skylt að ráðstafa þeim fjármunum, sem fengjust með gjaldtökunni, í þeim tilgangi sem þeir væru ætlaðir. Í fjórða lagi mætti fjárhæð gjaldsins ekki vera óhófleg miðað við þá þjónustu sem samtökin veittu. Væru öll þau skilyrði sem sett voru fram í máli Samtaka sænskra atvinnurekenda gegn Svíþjóð uppfyllt í þessu máli.

69. Ennfremur væri álagning iðnaðarmálagjalds í grundvallaratriðum frábrugðin þeirri stöðu sem lýst var í Útdrætti ILO að því er varðar „hlutdrægni eða mismunun gagnvart tilteknum samtökum.“ Ekki væri unnt að líta á skatttekjur, sem rynnu til SI, sem einhvers konar ríkisstyrki sem leiddu til misskiptingar styrkja milli atvinnurekendasamtaka. Ríkisstjórnin lagði á það áherslu að þessum tekjum væri ætlað að standa straum af þeim opinberu skyldum, sem lagðar væru á SI, að efla íslenskan iðnað og iðnþróun. Engin önnur atvinnurekendasamtök á sviði iðnaðar á Íslandi fengu slíkar tekjur vegna þeirrar óumdeildu staðreyndar að engin önnur samtök hefðu sambærilegar lögmæltar skyldur. Þannig mótmælti ríkisstjórnin því eindregið að nokkur mismunun ætti sér stað milli SI og hefðbundinna samtaka atvinnurekenda í skilningi staðla Alþjóðavinnuumálastofnunarinnar.

70. Kæmist dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að hið kærða fyrirkomulag iðnaðarmálagjaldsins samræmdest ekki 11. gr. yrði það meiri háttar frávík frá túlkun á áhrifum og gildissviði þess ákvæðis. Það hefði einnig víðtækar afleiðingar er græfu undan því frelsi, sem aðildarríkjum væri nauðsynlegt að njóta varðandi skattheimtumál, svo og frelsi þeirra til þess að velja leiðir til þess að ná pólitískum markmiðum á mikilvægum sviðum á borð við að styðja við og efla þróun atvinnugreina.

2. Álit dómstólsins

71. Dómurinn mun þá taka til athugunar hvort skyldan til þess að greiða iðnaðarmálagjald uppfyllti skilyrðin í fyrsta málslíð 2. mgr. 11. gr.

72. Óumdeilt er að fyrsta skilyrðinu, þ.e. að ráðstöfunin skuli vera „lögmælt“ var fullnægt. Skyldan til greiðslu iðnaðarmálagjalds átti sér skýran laga-

11. gr. Funda- og félagaþreisi

grunn í 1. – 3. gr. laganna frá 1993. Þótt dómurinn veiti athygli niðurstöðunni í sératkvæðinu með dómi hæstaréttar, að skyldan samrýmist ekki 2. mgr. 74. gr. stjórnarskrárinnar, sér dómurinn ekki tilefni til þess að vefengja þá niðurstöðu meiri hluta dómsins að iðnaðarmálagjaldið standist landslög. Í fyrsta lagi er það hlutverk stjórnvalda í hverju landi, einkum dómstólanna, að túlka og framfylgja landsrétti (*Jahn o.fl. gegn Þýskalandi* [GC], nr. 46720/99, 72203/01 og 72552/01, 86. mgr., ECHR 2005-VI; *Wittek gegn Þýskalandi*, nr. 37290/97, 49. mgr., ECHR 2002-X; *Forrer-Niedenthal gegn Þýskalandi*, nr. 47316/99, 39. mgr., 20 febrúar 2003; og *Fyrirum konungur Grikklands o.fl. gegn Grikklandi* [GC] nr. 25701/94, 82. mgr. ECHR 2000-XII). Dómurinn telur þannig að íhlut-unin hafi verið lögmælt.

73. Að því er varðar annað skilyrðið, fellst dómurinn ekki á það með kær-anda að iðnaðarmálagjaldið hafi ekki þjónað lögmætum tilgangi. Samkvæmt 3. gr. laganna frá 1993 skyldi tekjunum af gjaldinu „varið til þess að vinna að eflingu iðnaðar og iðnþróunar í landinu“. Að mati dómsins miðaði gjaldtakan að því lögmæta markmiði að vera „til verndar ... réttindum og frelsi annarra.“

74. Að því er varðar þriðja skilyrðið, áréttar dómurinn að við mat á því hvort uppfyllt sé skilyrðið um nauðsyn í lýðræðislegu þjóðfélagi ber dómnum að ákvarða hvort hin kærða íhlutun svaraði til „ríkrar þjóðfélagslegrar þarfar“, hvort meðalhófs hafi verið gætt með tilliti til þess lögmæta markmiðs sem stefnt væri að og hvort þær röksemdir sem landsyfirvöld færðu fram til réttlætningar séu viðeigandi og fullnægjandi (sjá t.d. Sameinaður kommúnistaflokkur Tyrk-lands o.fl. gegn Tyrklandi, 30. janúar 1998, 47. mgr., Reports 1998-I).

75. Á sviði stéttarfélagafrelsis, með tilliti til viðkvæmni þeirra félagslegu málefna, sem um ræðir í viðleitninni til þess að ná fram eðlilegu jafnvægi milli hagsmuna launamanna og stjórnenda, og með hliðsjón af þeim mikla mun sem er á því fyrirkomulagi sem ríkir í einstökum löndum í þessum efnum, hafa aðildarríkin verulegt svigrúm til þess að ákvarða hvernig frelsi stéttarfélaga til þess að tryggja atvinnuhagsmuni félaga sinna verði best tryggður (sjá Stétt-arfélag sænskra vélstjóra, sbr. hér að framan, 39. mgr.; *Gustafsson*, sbr. hér að framan, 45. gr.; *Schettini o.fl. gegn Ítalíu* (ákv.), nr. 29529/95, 9. nóvember 2000; *Wilson, Stéttarfélag fréttamanna o.fl. gegn Bretlandi*, nr. 30668/96, 30671/96 og 30678/96, 44. mgr., ECHR 2002-V; og *Sørensen og Rasmussen*, 58. mgr., sbr. hér að framan).

76. Þetta svigrúm er hins vegar ekki ótakmarkað, heldur sætir það eftir-liti í Evrópu af hálfu Mannréttindadómstólsins, en hlutverk hans er að kveða upp endanlegan úrskurð um hvort skerðing samræmist félagaþreisisákvæði 11. gr. Verkefni dómstólsins í eftirlitshlutverki sínu er ekki að koma í stað lands-yfirvalda, heldur að kanna samkvæmt 11. gr. og í ljósi málavaxta í heild þær ákvarðanir sem teknar eru innan þess svigrúms sem þau hafa (sbr. Sameinaður kommúnistaflokkur Tyrklands o.fl., 47. mgr.).

77. Ef litið er til málavaxta í þessu máli hefur dómurinn tekið til athug-unar þá röksemd ríkisstjórnarinnar að löggjafinn á Íslandi hefði talið að þeim

tilgangi að efla íslenskan iðnað yrði best náð með því að fela það hlutverk SI undir opinberu eftirliti samkvæmt lögunum og ráðstafa fjármununum sem fengjast með iðnaðarmálagjaldinu til þessara einu samtaka fremur en að dreifa þeim á mörg smærri samtök. Taldi ríkisstjórnin að Samtök iðnaðarins væru breið samtök, sem hefðu innan vébanda sinna fjölmörg fyrirtæki, einstaklinga og félög í öllum greinum iðnaðar í því skyni að vinna með stjórnvöldum að þessu markmiði. Samtök iðnaðarins ynnu að hagsmunum iðnaðar af öllum toga, innan Íslands sem utan, og hefðu áhrif á stefnumótun stjórnvalda og fjármálastofnana, ríkisstofnana og annarra aðila sem hefðu með iðnrekstur að gera. Væri þetta til þess að tryggja að íslensk fyrirtæki byggju við starfs- umhverfi er gerði þeim kleift að keppa á innlendum og erlendum markaði. Dómurinn fellst á að þetta teljist gild sjónarmið að því er varðar skilyrðið um nauðsyn samkvæmt 2. mgr. 11. gr.

78. Að því er varðar síðara álitamálið, þ.e. hvort ástæðurnar væru einnig fullnægjandi, vekur dómurinn athygli á því að hlutverk og verkefni Samtaka iðnaðarins varðandi ráðstöfun teknanna af iðnaðarmálagjaldinu voru skilgreindar með mjög breiðum og óskilgreindum hætti í 2. gr. laganna frá 1993: „að vinna að eflingu iðnaðar og iðnþróunar í landinu“. Það átti einnig við varðandi skyldur samtakanna samkvæmt 3. gr. að „senda iðnaðarráðuneytinu árlega skýrslu um ráðstöfun andvirðis teknanna.“ Hvorki í lögum nr. 134/1993 né í nokkrum öðrum gögnum, sem athygli dómsins var vakin á, eru settar fram neinar tiltekna skyldur gagnvart ófélagsbundnum aðilum, sem lögðu fram fjármuni til Samtaka iðnaðarins með greiðslu iðnaðarmálagjaldsins (sbr., að breyttu breytanda, Evaldsson o.fl., sem vísað er til hér að framan, 57. mgr.).

79. Þótt í ársskýrslum SI til dómsmálaráðuneytisins hafi verið að finna upplýsingar um hlutfall iðnaðarmálagjalds af tekjum samtakanna og af útgjöldum vegna ýmissa liða og undirliða, vekur það athygli dómsins, eins og bent er á í sératkvæðinu með dómi Hæstaréttar, að samtökin héldu „ekki sérstakt bókhald yfir það hvort einstakir þættir í rekstri þeirra eru greiddir með peningum sem stafa frá félagsgjöldum, fjármagnstekjum eða iðnaðarmálagjaldi“ (sjá undir fyrirsögninni „II“ í 19. mgr. hér að framan).

80. Ekki er dómurinn heldur sannfærður um að í skýrslugerð samtakanna til iðnaðarmálaráðuneytisins hafi falist víðtækt og kerfisbundið eftirlit af hálfu hins síðarnefnda. Í athugasemdum ráðherra til MFH frá 15. febrúar 2002 (sem vitnað er til í II. kafla sératkvæðisins með dómi Hæstaréttar, sbr. 19. mgr. hér að framan), kemur fram að „eins og ljóst má vera af lögum um iðnaðarmálagjald hafa Samtök iðnaðarins fortakslaust forræði á ráðstöfun tekna af gjaldinu og getur iðnaðarráðuneytið ekki hlutast til um ráðstöfun þess svo fremi sem hún er innan lögbundinna marka.“

81. Það sem máli skiptir í þessu tilviki er skorturinn á gegnsæi og ábyrgð gagnvart ófélagsbundnum aðilum, eins og kæranda, sem eru skyldaðir til þess að styðja Samtök iðnaðarins fjárhagslega með greiðslu iðnaðarmálagjalds (sjá,

11. gr. Funda- og félagafrælsi

að breyttu breytanda, *Evaldsson o.fl.*, 63. og 64. mgr., sem vísað er til hér að framan).

82. Þannig veitir dómurinn því athygli að það var ekki aðeins svo að hlutverk og verkefni SI væru skilgreind með mjög opnum hætti og ekki kveðið á um neinar sérstakar skyldur samtakanna, heldur skorti einnig á gegnsæi og ábyrgð gagnvart ófélagsbundnum aðilum eins og kæranda að því er varðar ráðstöfun tekna af iðnaðarmálagjaldi. Í því ljósi er dómurinn ekki sannfærður um að viðunandi öryggisráðstafanir hafi verið gerðar gagnvart hinu umdeilda fyrirkomulagi, þar sem SI var veitt hagstæðari aðstaða til þess að vinna að sérstökum hagsmunum félaga sinna meðan kærandi og aðrir ófélagsbundnir einstaklingar stóðu höllum fæti í samanburðinum.

83. Þegar litið er til alls framangreinds telur dómurinn ekki að skerðingin á félagafrælsi kæranda, sem leiddi af skyldu hans til þess að styðja SI fjárhagslega í andstöðu við eigin skoðanir, hafi átt sér fullnægjandi stoð og að „nauðsyn“ hafi borið til hennar. Þrátt fyrir það svigrúm sem Íslandi ber, verður að telja að yfirvöld í ríkinu hafi ekki gætt eðlilegs jafnræðis milli félagafræslis kæranda annars vegar og hins vegar almennra hagsmuna af því að efla og þróa íslenskan iðnað.

84. Í ljósi þessa telur dómurinn að brotið hafi verið gegn 11. gr. sáttmálans.

II. MEINT BROT GEGN 1. GR. SAMNINGSVIÐAUKA NR. 1 OG 14. GR. SÁTTMÁLANS

85. Með vísan fyrst og fremst til þeirra röksemda sem teknar eru saman hér að framan varðandi kæru sína samkvæmt 11. gr. Mannréttindasáttmálans (og túlkun þeirrar greinar í ljósi 9. og 10. gr.) taldi kærandi einnig að brotið hefði verið gegn 1. gr. samningsviðauka nr. 1. Að mati hans jafngilti álagning iðnaðarmálagjalds því að svipta hann eign sinni, í andstöðu við 1. gr. samningsviðauka nr. 1. Óhugsandi væri að líta svo á að iðnaðarmálagjaldið, sem greitt væri til SI undir yfirsíni skattlagningar, gæti talist í almannabágu. Væru þeir, sem greiddu gjaldið, eins og hann sjálfur, skattlagðir sérstaklega og umfram aðra þá skatta sem lagðir væru á skattgreiðendur almennt án þess að nokkrar viðeigandi ástæður væru gefnar, svo sem krafa um að skatturinn skyldi notaður í þeirra þágu. Væri ekki hægt að réttlæta slíka skattlagningu afmarkaðs hóps í þágu annars afmarkaðs hóps eða annarra. Af þeim ástæðum sem getið væri í 56., 61. og 62. mgr. hér að framan, í samhengi við 11. gr., styddi niðurstaða dómsins í *Evaldsson o.fl.* (sjá hér að framan) þessa afstöðu hans.

86. Kærandi taldi einnig að brotið hefði verið gegn 14. gr. eins og hana bæri að túlka í samhengi við þau ákvæði sem fyrr væri getið. Ekki væri unnt að telja að sú mismunun sem hann sætti í samanburði við fyrirtæki, sem að öllu leyti væru í eign opinberra aðila, svo og tiltekinna annarra fyrirtækja, sem undanþegin væru gjaldinu, gæti réttlæst af neinum hlutlægum og eðlilegum

11. gr. Funda- og félagafrelsi

sjónarmiðum. Hin hagstæða meðferð sem Samtök iðnaðarins hlytu í sam-
anburði við aðrar stofnanir væri enn frekar til marks um þá mismunun sem
leiddi af iðnaðarmálagjaldi.

87. Ríkisstjórnin mótmælti því að álagning iðnaðarmálagjalds gæti talist
eignasvipting, þótt hún viðurkenndi að álagningin fæli í sér inngríp í ráðstöfun
eigna hans og taldi að slíkt væri heimilt samkvæmt 2. mgr. 1. gr. samningsvið-
auka nr. 1. Lagði ríkisstjórnin á það áherslu að álagning iðnaðarmálagjalds fæli
í sér öll einkenni skattlagningar, eins og hún væri túlkuð samkvæmt íslenskum
lögum, og því bæri að líta svo á að hún félli undir hugtakið „skattar“ eins og
það hugtak væri notað í 2. mgr. 1. gr. samningsviðauka nr. 1 við Mannrétt-
indasáttmálann. Hin kærða íhlutun félli innan þess breiða svigrúms sem ríkjum
væri veitt til túlkunar í þessum efnum. Væri iðnaðarmálagjaldið augljóslega
löglegt og þjónaði ekki aðeins hagsmunum þeirra, sem störfuðu í iðnaði, heldur
almennum hagsmunum samfélagsins í heild. Af þeim ástæðum, sem teknar eru
saman í 66. og 67. mgr. hér að framan varðandi kærana samkvæmt 11. gr., taldi
ríkisstjórnin að dómurinn ætti að greina milli þessa máls og máls Evaldsson
o.fl. (sjá tilvísun hér að framan).

88. Ríkisstjórnin neitaði því einnig að um væri að ræða mismunun milli
atvinnugreina, sem skyldaðar væru til þess að greiða iðnaðarmálagjald, og
þeirra sem ekki bæru sömu skyldu. Reglurnar um álagningu iðnaðarmálagjalds
giltu jafnt um alla aðila, sem væru í sömu stöðu og kærandi.

89. Dómurinn telur að í ljósi niðurstaðna hans hér að framan varðandi
kærana samkvæmt 11. gr. Mannréttindasáttmálans sé ekki ástæða til að fjalla
um kærurnar samkvæmt 1. gr. samningsviðauka nr. 1, hvorki einni og sér né
samkvæmt 14. gr. ásamt framangreindri grein og 11. gr.

III. BEITING 41. GR. SÁTTMÁLANS

90. 41. gr. Mannréttindasáttmálans er svohljóðandi:

„Dómurinn skal ef nauðsyn krefur veita sanngjarnar bætur til þess aðila sem
orðið hefur fyrir tjóni ef hann kemst að þeirri niðurstöðu að um brot á samningn-
um eða samningsviðaukum við hann hafi verið að ræða og ef löggjöf viðkomandi
samningsaðila heimilar aðeins að veittar séu bætur að hluta.“

A. Kostnaður og útgjöld

91. Kærandi tók fram að hann myndi ekki krefjast skaðabóta eða miska-
bóta, en hann lagði fram kröfu um endurgreiðslu málskostnaðar að fjárhæð
3.920.773 krónur og 36.392,07 sterlingspund (u.þ.b. EUR 22.000 og EUR
42.000) fyrir þjónustu Einars Hálfðánarsonar og T. Child til að mæta eftirfar-
andi kröfum, sem lagðar voru fram 28. febrúar 2008 og 20. mars 2009:

(a) kr. 1.494.000 fyrir vinnu Einars Hálfðánarsonar vegna fyrirsvars fyrir
kæranda fyrir íslenskum dómstólum (að meðtöldum virðisaukaskatti);

11. gr. Funda- og félagafrælsi

(b) GBP 25.860 fyrir lögfræðiráðgjöf T. Child í málarekstri á Íslandi og fyrirvar hans fyrir hönd kæranda fyrir dómstólnum í Strasbourg fram til 28. febrúar 2008;

(c) kr. 314.985 fyrir þýðingarkostnað;

(d) kr. 281.925 fyrir ferðakostnað;

(e) kr. 35.863 fyrir ljósritunar- og prentunarkostnað (kr. 34.363 og kr. 1.500 hvort um sig);

(f) kr. 1.494.000 fyrir störf Einars Hálfðánarsonar við málareksturinn í Strasbourg eftir 28. febrúar 2008;

(g) kr. 300.000 fyrir ýmsan kostnað sem hann varð fyrir eftir 28. febrúar 2008;

(h) GBP 9.500 fyrir frekari störf T. Child við málareksturinn í Strasbourg eftir 28. febrúar 2008;

(i) GBP 1.032,07 fyrir kostnað hins síðastnefnda (gisting, ferðir og þýðingar), sem kom til eftir 28. febrúar 2008.

92. Að því er varðar kröfurnar í liðum (a) og (b), sem lagðar voru fram 28. febrúar 2008, mótmælir ríkisstjórnin þeim á þeim forsendum að lögfræðikostnaðurinn vegna tveggja lögmannna í málarekstrinum í Strasbourg væri óhóflega hár, bæði að því er varðar fjölda vinnustunda og tímagjald. Liður (d) væri að mati ríkisstjórnar óþörf útgjöld. Kröfunum varðandi liði (f), (g), og (i), sem lagðar voru fram 20. mars 2009, hefði ekki fylgt nein nákvæm sundurliðun né aðrar upplýsingar, auk þess sem þær virtust einnig of háar.

93. Dómurinn mun fjalla um framangreindar kröfur í ljósi þeirra fordæma sem felast í dómaframkvæmd dómstólsins, þ.e. hvort til kostnaðarins hafi í raun verið stofnað í því skyni að koma í veg fyrir eða fá úrlausn á því máli sem taldist brot gegn Mannréttindasáttmálanum og hvort kostnaðurinn væri hóflegur að því er varðar fjárhæð. Í þessu máli er það mat dómsins að kröfurnar vegna liða (a) og (b) beri að greiða í heild, svo og kröfurnar vegna liða (c) og (e). Kostnaðurinn vegna liðar (d) virðist ekki hafa verið nauðsynlegur, og því ber að hafna þeirri kröfu. Engir reikningar eða aðrar upplýsingar hafa verið lagðar fram til stuðnings kostnaðar í liðum (f) - (i), sem stofnað var til eftir 28. febrúar 2008 og fram yfir munnlegan málflutning hinn 24. mars 2009, og í öllu falli virðast fjárhæðirnar óhóflegar. Eigi að síður er dómurinn reiðubúinn að fallast á að til hluta af þeim viðbótarkostnaði og þóknunum, sem krafa var gerð um, hafi verið stofnað í raun og af nauðsyn vegna fyrirvarsins fyrir hönd kæranda við munnlegan málflutning fyrir dóminum. Með hliðsjón af þeim gögnum, sem dómurinn hefur undir höndum, og þeim forsendum, sem lýst er hér að framan, telur dómurinn hæfilegt að dæma kæranda EUR 15.000 fyrir störf T. Child og EUR 10.000 fyrir störf Einars Hálfðánarsonar, svo og EUR 1.000 og EUR 3.000 fyrir útgjöld hvors um sig.

B. Dráttarvextir

94. Dómurinn telur við hæfi að dráttarvextir skuli byggðir á almennum útlánsvöxtum Seðlabanka Evrópu (e. marginal lending rate) með 3% álagi.

AF ÞESSUM SÖKUM HEFUR DÓMURINN KOMIST AÐ ÞEIRRI EINRÓMA NIÐURSTÖÐU

1. að brotið hafi verið gegn 11. gr. Mannréttindasáttmálans.

2. að ekki beri nauðsyn til að fjalla um kærur kæranda samkvæmt 1. gr. samningsviðauka nr. 1 einni og sér eða í samhengi við 14. gr., eða samkvæmt 14. gr. í samhengi við 11. gr., eða samkvæmt 14. gr. í samhengi við 11. gr.

3. Því er dæmt:

(a) að ríkinu beri að greiða kæranda, innan þriggja mánaða frá því að dómurinn verður endanlegur samkvæmt 2. mgr. 44. gr. Mannréttindasáttmálans, EUR 16.000 (sexstán þúsund evrur) vegna kostnaðar og gjalda sem krafist er af T. Child og EUR 13.000 (þrettán þúsund evrur) vegna krafna Einars Hálfðánarsonar, sem umreiknast hvort um sig í bresk pund og gjaldmiðil ríkisins á því gengi sem gildir á uppgjörssdegi, ásamt hvers kyns sköttum sem kunna að leggjast við.

(b) að frá þeim tíma sem áður nefndir þrír mánuðir eru liðnir og fram að uppgjöri skuli einfaldir vextir leggjast á fyrrgreindar fjárhæðir sem svara til almennra útlánsvaxta Seðlabankans í Evrópu meðan á vanskilum stendur, með 3% álagi.

4. Vísað er frá viðbótarkröfum kæranda um sanngjarnar bætur.

Gert á ensku og tilkynnt skriflega hinn 27. apríl 2010 samkvæmt 2. og 3. mgr. 77. gr. reglna dómstólsins.

12. gr. Réttur til að stofna til hjúskapar

Frasik gegn Póllandi og Jaremowicz gegn Póllandi

Dómur frá 5. janúar 2010

Mál nr. 22933/02 og nr. 2423/03

5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi

12. gr. Réttur til að stofna til hjúskapar

Fangar. Réttur til að stofna til hjúskapar meðan afplánun refsídóms stendur.

1. Málsatvik

Kærendur, Rafał Frasik og Paweł Jaremowicz, eru pólskir ríkisborgarar. Frasik er búsettur í Kraków og Jaremowicz er í haldi í Wołów-fangelsinu í Póllandi. Í apríl 2001 og júní 2003 óskuðu þeir hvor um sig eftir að fá að kvænast á meðan þeir afplánuðu refsídóma. Frasik hlaut dóm fyrir að hafa hótad og nauðgað konu sem hann var þá í sambandi með en Jaremowicz fyrir rán. Pólsk yfirvöld höfnuðu beiðnum þeirra.

Konan sem Frasik óskaði að fá að kvænast var sú sem hann var dæmdur fyrir að nauðga. Hann var úrskurðaður í gæsluvarðhald í september 2000 en í desember 2000 og janúar 2001 tilkynntu hann og fyrrgreind kona stjórnvöldum að með þeim hefðu tekist sættir og að þau hygðust ganga í hjónaband. Í júlí 2001 hafnaði dómstóll beiðni kæranda og í nóvember 2001 var Frasik dæmdur í fangelsi fyrir afbrotin.

Jaremowicz óskaði þess í júní 2003 að fangelsisyrfirvöld heimiluðu ungri konu sem hann hafði hitt í fangelsinu að heimsækja hann. Í sama mánuði óskuðu þau eftir því við pólskan dómstól að þau fengju að ganga í hjónaband í fangelsinu. Dómstóllinn hafnaði beiðninni með vísan til þess að þau hefðu kynnst með því að brjóta gegn fangelsisreglum og að í öllu falli væri samband þeirra yfirborðskennt. Vísaði dómstóllinn í þessu samhengi til þess að samskipti þeirra hefðu að mestu farið fram með ólöglegum skilaboðum þeirra á milli á meðan konan var tímabundið í haldi í fangelsinu.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærendur vísuðu einkum til þess að brotið hefði verið á réttindum þeirra samkvæmt 12. gr. sáttmálans með því að neita þeim um hjúskaparleyfi. Frasik kærði það einnig að frelsissvipting hans hefði brotið í bága við 3. og 4. mgr. 5. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Dómstóllinn tók fram að rétturinn til að ganga í hjónaband væri ekki háður því hvort einstaklingur væri í fangelsi eða ekki. Fangelsisrefsing svipti menn ekki rétti til hjúskapar. Dómstóllinn vísaði til evrópsku fangelsisregln-

12. gr. Réttur til að stofna til hjúskapar

anna þar sem fram kæmi að hömlur sem föngum yrðu settar yrðu að vera eins litlar og mögulegt væri og í samræmi við það lögmæta markmið sem byggi að baki fangelsisvistinni.

Pólsk yfirvöld studdu ekki ákvarðanir sínar um að takmarka rétt kæranda með vísan til sjónarmiða um öryggi eða forvarnir í fangelsum. Þess í stað höfðu þau tekið afstöðu á grundvelli mats á eðli sambands kæranda við konurnar sem þeir vildu kvænast. Dómstóllinn tók fram að val einstaklinga á maka væri mjög persónulegt málefni. Yfirvöld gætu ekki framkvæmt þetta val fyrir hönd fanga nema verulega rík öryggissjónarmið réttlættu það.

Dómstóllinn hafnaði þeirri málsástæðu pólskra yfirvalda að Frasik hefði haft frelsi til að ganga í hjónaband eftir að honum var sleppt úr haldi og að Jaremowicz hefði fengið heimild til að ganga í hjónaband fimm mánuðum eftir að hann fór fram á það. Dómstóllinn lagði áherslu á þá töl sem kærundur þurftu að seta þrátt fyrir að vera fullorðnir einstaklingar sem að öðru leyti fullnægðu skilyrðum pólskra laga til að geta gengið í hjónaband. Með þessum hætti hefði verið gengið gegn réttindum þeirra samkvæmt 12. gr. sáttmálans. Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að brotið hefði verið gegn ákvæðinu í báðum tilvikum.

Dómstóllinn taldi að rannsókn pólskra yfirvalda í máli Frasik hefði ekki tekið lengri tíma en eðlilegt var og hafnaði því kæru hans að því leyti sem hún byggðist á 3. mgr. 5. gr. sáttmálans. Aftur á móti taldi dómstóllinn að máls- hraða vegna meðferðar kröfu um gæsluvarðhald hefði verið ábótavant. Benti dómstóllinn á í þessu sambandi að Frasik hafði kært ákvörðun dómstóls um að framlengja gæsluvarðhaldið og að kæran var ekki tekin til meðferðar fyrr en 11 dögum eftir að gæsluvarðhaldinu lauk. Af þessum sökum hefði úrræðið að fá ákvörðun um gæsluvarðhald endurskoðaða í raun verið þýðingarlaust. Því hefði verið brotið gegn 4. mgr. 5. gr. sáttmálans.

Dómstóllinn dæmdi Frasik 5 þúsund evrur í miskabætur og 1.500 evrur í málskostnað. Jaremowicz voru dæmdar þúsund evrur í miskabætur og 1.500 evrur í málskostnað.

Schalk og Kopf gegn Austurríki

Dómur frá 24. júní 2010

Mál nr. 30141/04

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

12. gr. Réttur til að stofna til hjúskapar

14. gr. Bann við mismunun

Samkynhneigðir. Mismunandi réttaráhrif staðfestrar samvistar og hjúskapar.

1. Málsatvik

Kærundur, Horst Michael Schalk og Johann Franz Kopf, eru austurrískir ríkisborgarar fæddir 1962 og 1960. Þeir búa í Vín og eru samkynhneigðir. Í september árið 2002 sóttu þeir um leyfi hjá stjórnvöldum til að ganga í

12. gr. Réttur til að stofna til hjúskapar

hjónaband. Beiðni þeirra var hafnað af þeirri ástæðu að einungis karl og kona gætu samkvæmt lögum gengið í hjónaband en ekki einstaklingar af sama kyni. Kærandur skutu ákvörðuninni til æðra stjórnvalds þar sem hún var staðfest.

Kærandur kærðu niðurstöðuna til stjórnlagadómstóls landsins. Vísuðu þeir til þess að brotið hefði verið gegn friðhelgi fjölskyldulífs og banni við mismunun með því að neita þeim um að fá að giftast. Stjórnlagadómstóll landsins vísaði kröfu kæranda frá í desember árið 2003. Dómstóllinn taldi að hvorki austurríska stjórnarskráin né Mannréttindasáttmáli Evrópu gerði þá kröfu að hjónaband, sem væri tengt möguleika fólks að eignast barn, gæti náð til sambands fólks af sama kyni. Vernd sáttmálans á samböndum samkynhneigðra væri ekki það viðtæk að hún tryggði slíkum samböndum sömu stöðu og ætti við um hjúskap.

Þann 1. janúar 2010 voru lög um staðfesta samvist samþykkt í Austurríki. Markmið laganna var að veita samböndum samkynhneigðra sömu vernd og hjónaböndum samkvæmt lögum. Þrátt fyrir að lögin veittu fólki í staðfestri samvist margs konar vernd sem væri hin sama og fólk í hjónaböndum nyti var engu að síður nokkur munur á réttaráhrifum þessara sambanda. Þannig var þörum í staðfestri samvist ekki heimilað að ættleiða barn, ættleiða stjúpbörn eða fara í tæknifrjövgun eins og átti við um pör í hjúskap.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandur töldu að 12. gr. sáttmálans hefði verið brotin þar sem stjórnvöld hefðu neitað þeim um að ganga í hjónaband. Kærandur byggðu enn fremur á 14. gr. samhliða 8. gr. sáttmálans þar sem þeim hefði verið mismunað á grundvelli kynhneigðar með því að neita þeim um réttinn til að giftast. Sökum þessa hefðu þeir ekki átt aðra möguleika á að fá samband sitt viðurkennt að lögum fram til þess tíma sem lögin um staðfesta samvist voru samþykkt.

Niðurstaða

Um 12. gr.: Dómstóllinn tók fyrst til skoðunar hvort rétturinn til að giftast sem veittur væri bæði körlum og konum samkvæmt sáttmálanum gæti náð til aðstæðna kæranda í málinu. Hvað varðaði þá málsástæðu að í nútíma-samfélögum væri getnaður barns ekki lengur talið grundvallarmarkmið með borgaralegu hjónabandi benti dómstóllinn á að hann hefði í öðru máli komist að þeirri niðurstöðu að þótt tveir einstaklingar gætu ekki eignast barn saman leiddi það ekki sjálfkrafa til þess að þeir misstu rétt til að ganga í hjónaband. Það leiddi þó ekki heldur til þess að 12. gr. legði þá skyldu á herðar stjórnvöldum að tryggja rétt samkynhneigðra til að fá að ganga í hjónaband.

Dómstóllinn benti á að á meðal ríkja Evrópuráðsins væri ekki samstaða um það hvort heimila ætti hjónabönd fólks af sama kyni. Dómstóllinn fjallaði einnig um afstöðu mannréttindareglna Evrópusambandsins en af orðalagi þeirra mátti leiða að rétturinn til hjónabands næði ekki endilega til fólks af

12. gr. Réttur til að stofna til hjúskapar

sama kyni. Samkvæmt reglunum gat hvert aðildarríki sáttmálans ákveðið upp á sitt einsdæmi hvaða fyrirkomulag gildi í þessum efnum. Dómstóllinn tók fram að aðildarríkin væru sjálf best til þess fallin að meta og svara hverjar þarfir samfélaga þeirra væru hvað þetta varðaði. Dómstóllinn benti á að hjónabandið væri afar gamalt fyrirbæri og hvert samfélag hefði mótað sér djúpstæð menningarleg og félagsleg viðhorf til þess.

Í ljósi þessa taldi dómstóllinn að af 12. gr. sáttmálans leiddi ekki að aðildarríkin væru skyldug til þess að veita fólki af sama kyni rétt til að ganga í hjónaband.

Um 14. gr. samhliða 8. gr.: Dómstóllinn fjallaði í fyrstu um hvort sambönd fólks af sama kyni féllu undir hugtakið einkalíf og fjölskyldulíf í skilningi 8. gr. Hann tók fram að ör þróun hefði orðið síðustu áratugi á viðhorfum almennings til sambanda samkynhneigðra. Mörg aðildarríkja Evrópuráðsins hefðu veitt þeim lagalega viðurkenningu. Dómstóllinn taldi þess vegna að samband kæranda, þ.e. einstaklinga af sama kyni sem lifðu stöðugu fjölskyldulífi, félli undir hugtakið „fjölskyldulíf“ eins og samband fólks af gagnstæðu kyni.

Dómstóllinn tók fram að mismunandi meðferð fólks á grundvelli kynferðis þyrfti að eiga sér verulega sterka réttlætingu. Gera yrði ráð fyrir að samkynhneigðir væru alveg eins hæfir og gagnkynhneigðir til að viðhalda stöðugum samböndum. Af því leiddi að sama þörf væri á að sambönd þeirra nyту lagalegrar verndar og sambönd gagnkynhneigðra. Aftur á móti taldi dómstóllinn að í ljósi þess að lesa yrði sáttmálann í heild og í ljósi niðurstöðu sinnar um áhrif 12. gr. í máli kæranda að ekki væri hægt að leiða skyldu ríkisvaldsins um að tryggja samkynhneigðum rétt til að ganga í hjónaband af 14. gr. í ljósi 8. gr. sáttmálans.

Dómstóllinn fjallaði síðan um að með setningu laga um staðfesta samvist í Austurríki hefði kærendum verið veittur réttur til að fá samband sitt viðurkennt að lögum. Það væri ekki verkefni dómstólsins að fjalla um hvort brotið hefði verið gegn 14. gr. í ljósi 8. gr. með því að veita samkynhneigðum ekki nákvæmlega sömu réttindi og gagnkynhneigðum ef að sú staða væri enn uppi í austurrískum lögum. Ekki væri hægt að áfella austurríska ríkið fyrir að hafa ekki viðurkennt þessi réttindi samkynhneigðra fyrr.

Dómstóllinn var ekki sannfærður um þá málásástæðu að aðildarríkjum bæri að veita samböndum samkynhneigðra nákvæmlega sömu vernd og samböndum gagnkynhneigðra. Vísaði dómstóllinn í þessu samhengi til þróunar í öðrum aðildarríkjum sáttmálans. Þar sem kærundur hefðu ekki vísað til þess að þessi munur hefði haft áhrif á þá sérstaklega taldi dómstóllinn að sér bæri ekki að meta hvort sá munur sem var á réttarverndinni hefði brotið gegn sáttmálanum.

Í ljósi þessa taldi dómstóllinn, með fjórum atkvæðum gegn þremur, að ekki hefði verið brotið gegn 14. gr. í ljósi 8. gr. hans.

13. gr. Réttur til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns

Al-Saadoon og Mufdhi gegn Bretlandi

Dómur frá 2. mars 2010

Mál nr. 61498/08

Sjá reifun dómsins undir 3. gr.

Yfirráðasvæði. Dauðarefsing. Beiðni um frestun á framkvæmd ákvörðunar.

A.D. og O.D. gegn Bretlandi

Dómur frá 16. mars 2010

Mál nr. 28680/06

Sjá reifun dómsins undir 8. gr.

Börn. Aðgerðir barnaverndaryfirvalda. Ákvörðun um fóstur.

M.A.K. og R.K. gegn Bretlandi

Dómur frá 13. mars 2010

Mál nr. 45901/05 og 40146/06

Sjá reifun dómsins undir 8. gr.

Börn. Aðgerðir barnaverndaryfirvalda. Læknisrannsókn án samþykkis.

Kennedy gegn Bretlandi

Dómur frá 18. maí 2010

Mál nr. 26839/05

Sjá reifun dómsins undir 8. gr.

Leynilegt eftirlit með fjarskiptum. Varsla og eyðing gagna. Opinber málsmeðferð.

14. gr. Bann við mismunun

Kozak gegn Póllandi

Dómur frá 2. mars 2010

Mál nr. 13102/02

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

14. gr. Bann við mismunun

Leigusamningar um íbúðarhúsnæði. Mismunun á grundvelli kynhneigðar.

1. Málsatvik

Kærandi, Piotr Kozak, er pólskur ríkisborgari, fæddur árið 1951, og búsettur í Stettin í Póllandi. Kærandi er samkynhneigður og bjó um nokkurt skeið með maka sínum sem var skráður leigutaki íbúðarinnar sem þeir bjuggu í. Maki kæranda lést í apríl árið 1998 og sótti kærandi þá um að fá að leigja íbúðina áfram. Leigusalin, sveitarfélagið sem kærandi bjó í, hafnaði beiðni kæranda og vísaði til þess að kærandi hefði ekki búið í íbúðinni áður en leigutakinn lést. Honum var síðan gert að flytja úr íbúðinni.

Kærandi höfðaði mál gegn sveitarfélaginu og krafðist þess að réttindi hans til að búa í íbúðinni yrðu viðurkennd. Hann vísaði til þess að samkvæmt húsnæðislögum ættu þeir sem hefðu verið í sambandi við leigutaka sem jafna mætti við hjónaband rétt til að taka við leigusamningi að honum látnum. Kröfu kæranda var hafnað með vísan til þess að pólsk lög viðurkenndu einungis hjónaband karls og konu. Dómstóll veitti kæranda ekki heimild til að skjóta til Hæstaréttar ágreiningi um hvort samband samkynhneigðra einstaklinga félli undir ákvæði húsnæðislaga um einstaklinga sem væru í sambandi sem jafna mætti við hjónaband. Dómstóllinn leitaði heldur ekki eftir afstöðu stjórnlagadómstóls Póllands til þess hvort túlkun hans á framangreindu ákvæði húsnæðislaganna stríddi gegn pólsku stjórnarskránni eða Mannréttindasáttmálanum.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi reisti kröfu sína einkum á 8. og 14. gr. sáttmálans. Hann vísaði til þess að pólskir dómstólar hefðu mismunað honum á grundvelli kynhneigðar með því að viðurkenna ekki rétt hans til að ganga inn í leigusamning um íbúðarhúsnæði eftir að sambýlismaður hans féll frá.

Niðurstaða

Mannréttindadómstóllinn tók undir með pólska ríkinu að ekki hefði verið fullt samræmi í framburði og yfirlýsingum kæranda fyrir pólskum dómstólum um eðli og lengd sambands hans og látins maka hans. Dómstóllinn tók fram að það væri ekki hans hlutverk að meta staðreyndir málsins, en honum bæri að einskorða athugun sína við málsmeðferðina sem viðhöfð var í málinu.

14. gr. Bann við mismunun

Dómstóllinn tók fram að pólskir dómstólar hefðu lagt áherslu á að kærandi og maki hans hefðu verið samkynhneigðir við mat á því hvort samband þeirra uppfyllti skilyrði húsnæðisлага. Þrátt fyrir að dómstólar hefðu einnig dregið í efa að kærandi hefði í raun búið í íbúðinni áður en maki hans lést, hefði sú staðreynd að samkynhneigðir sambýlismenn áttu í hlut í raun verið ástæða þess að ekki var fallist á kröfu kæranda.

Dómstóllinn féllst á að lögmætt væri að vernda samband karls og konu sérstaklega eins og gert var í pólsku stjórnarskránni með vísan til þess að þess konar sambönd væru grundvöllur fjölskyldunnar. Af þessum sökum gæti verið heimilt að leggja kynhneigð fólks til grundvallar þegar einstaklingar fengju mismunandi úrlausn mála sinna. Aftur á móti yrði að veita og meta annars vegar þá hagsmuni sem lögju að baki vernd fjölskyldunnar og hins vegar réttindi minnihlutahópa samkvæmt sáttmálanum. Við þetta mat yrði að hafa í huga þá samfélagslegu þróun sem átt hefði sér stað í þá átt að fólk hagaði einkalífi sínu með margs konar hætti. Dómstóllinn tók í þessu sambandi fram að hann gæti ekki fallist á þá afdráttarlausu niðurstöðu pólskra dómstóla að nauðsynlegt væri að neita samkynhneigðum einstaklingum um að taka við réttindum leigutaka til að ná því samfélagslega markmiði að vernda fjölskylduna.

Með vísan til þessa taldi dómstóllinn að brotið hefði verið gegn réttindum kæranda samkvæmt 14. gr. samhliða 8. gr. sáttmálans.

Dómstóllinn taldi að kærandi hefði ekki sýnt fram á tengsl á milli brotsins og fjárhagslegs tjóns og hafnaði kröfu hans um skaðabætur fyrir fjárhagstjón. Þá taldi dómstóllinn að niðurstaðan sem slík fæli í sér nægilegar bætur fyrir miska kæranda. Þar sem kærandi hafði ekki lagt fram nein gögn til að sýna fram á kostnað af rekstri kærumálsins var kröfum hans um greiðslu kostnaðar hafnað.

Hand o.fl. gegn Austurríki

Dómur frá 1. apríl 2010

Mál nr. 57813/00

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

14. gr. Bann við mismunun

Friðhelgi fjölskyldulífs. Bann við notkun á gjafakynfrumum við tæknifrjóvgun.

1. Málsatvik

Kærandur, annars vegar SH og DH og hins vegar HEG og MG, eru tvenn austurrísk hjón sem búsett eru í Austurríki. Þau hafa skerta frjósemi og hafa óskað eftir að nýta sér tæknifrjóvgunaraðferðir sem eru óheimilar samkvæmt austurrískum lögum.

SH hefur glímt við ófrjósemi vegna skemmda á eggjaleiðurum og eiginmaður hennar DH glímir einnig við ófrjósemi. Af þessum sökum geta þau einungis eignast barn, þar sem annað þeirra væri líffræðilegt foreldri þess, með

14. gr. Bann við mismunun

glasafjrjógvun þar sem notað væri gjafasæði. HEG framleiðir hins vegar ekki egg en sáðframleiðsla eiginmanns hennar, MG, er með eðlilegu móti. Af þessum sökum geta þau aðeins eignast barn, þar sem annað þeirra væri líffræðilegt foreldri þess, með aðstoð glasafjrjógvunar með gjafaegg. Austurrísk löggjöf um tæknifrjógvun bannar hins vegar bæði þessi úrræði, þ.e. að notað sé gjafasæði og gjafaegg við glasafjrjógvun. Lögin heimila hins vegar að við glasafjrjógvun sé notað sæði eða egg frá maka eða sambýlisaðila þess sem ófrjór er. Í undantekningartilvikum heimila lögin einnig að notað sé gjafasæði við tæknisæðingu.

Í maí 1998 leituðu SH og HEG til dómstóla til að fá skorið úr um gildi tiltekinna ákvæða laga um tæknifrjógvun. Í október 1999 komst stjórnlagadómstóll að þeirri niðurstöðu að með framangreindu banni væri réttur kæranda til friðhelgis fjölskyldulífs takmarkaður. Sú takmörkun væri hins vegar réttlætanleg þar sem markmið hennar væri að koma í veg fyrir stofnun tilbúinna tengsla milli foreldra og barna, þ.e. að koma í veg fyrir að barn ætti fleiri en eina líffræðilega móður (annars vegar egggjafann og hins vegar þá sem gengi með barn). Markmið takmörkunarinnar væri einnig að koma í veg fyrir að neyð kvenna væri nýtt, þar sem hætt væri við að með heimildinni skapaðist þrýstingur á konur í efnahagslega bágrí stöðu til að gefa egg. Þær kynnu jafnvel að vera í þannig stöðu að hafa ekki sjálfar ráð á glasafjrjógvun til að geta eignast eigið barn.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærendur héldu því fram að með því að banna notkun á gjafasæði og gjafaeggjum við glasafjrjógvun væri brotið í bága við rétt þeirra til friðhelgi fjölskyldu samkvæmt 8. gr. sáttmálans. Með þessu skapaðist mismunun milli þeirra para sem vildu nýta sér tæknifrjógvun til að eignast barn, þar sem greinarmunur væri gerður á þeim sem þyrftu að nýta sér gjafasæði eða gjafaegg við glasafjrjógvun og þeirra para sem ekki þyrftu á kynfrumugjöf að halda. Með þessu væri brotið gegn 14. gr. samhliða 8. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Dómstóllinn benti á að innan aðildarríkja Evrópuráðsins væri engin ein samræmd afstaða eða stefna í reglum um tæknifrjógvanir og væri þeim ekki skylt að tryggja slíka samræmingu. Hins vegar hvíldi sú skylda á aðildarríkjum við stefnumótun innanlands, að tryggja að lagarammi viðkomandi ríkis um tæknifrjógvun væri mótaður með samræmdum hætti þar sem fullt tillit væri tekið til allra þeirra lögmætu hagsmuna sem reynt gæti á. Í máli þessu hefði kærendum verið gert að sæta annars konar meðferð en öðrum einstaklingum í sambærilegri stöðu. Til að meta hvort sú mismunun væri réttlætanleg ákvað dómstóllinn að skoða aðstæður hvorra hjóna sjálfstætt.

Dómstóllinn lagði fyrst mat á aðstæður HEG og MG og ósk þeirra að nota gjafaegg við glasafjrjógvun. Hann féllst ekki á rök austurríska ríkisins um

14. gr. Bann við mismunun

að algert bann við notkun gjafaeggs væri eina leiðin til að koma í veg fyrir þá áhættu sem skapaðist af því að leyfa eggfrumugjöf. Hættan á að slíkt leiddi hugsanlega til misnotkunar á bágrri stöðu kvenna væri áhætta sem skapaðist ekki síður við aðrar aðferðir við glasafrjóvgun. Þá væri rétt að benda á að austurrísk lög gerðu ekki ráð fyrir endurgjaldi til kvenna sem gæfu egg. Hvað varðaði tilvísun til þess að notkun gjafaeggja væri áhættusamt innngrip í líf egggjafa væri ekki hægt að fallast á slíka röksemdafærslu enda ætti slík hætta ekki síður við um þau tilvik þar sem egg væru tekin frá móðurinni sjálfri en sú aðferð væri heimil samkvæmt austurrískum lögum.

Hvað varðaði þá röksemdafærslu að takmörkuninni væri ætlað að koma í veg fyrir stofnun óhefðbundinna tengsla milli foreldra og barna benti dómstóllinn á að slík tengsl væru ekki ný af nálinni. Slík tengsl hefðu komið til um leið og ættleiðingar hefðu farið að tíðkast. Með þeim væru sköpuð fjölskyldutengsl sem byggðust á samningum í stað eiginlegra blóðtengsla. Með hliðsjón af framangreindu sá dómstóllinn ekki að neitt gæti hindrað að heimila glasafrjóvgun með þeirri aðferð sem HEG og MG óskuðu eftir að nota. Það var því niðurstaða dómstólsins að í tilviki umræddra hjóna hefði verið brotið í bága við 14. gr. sáttmálans, sbr. 8. gr. hans. Tveir dómarar skiluðu sératkvæði.

Hvað varðaði kröfu SH og DH um að nota gjafasæði við glasafrjóvgun, benti dómstóllinn á að þessi aðferð sameinaði í raun tvær aðferðir sem hvor um sig, hvor í sínu lagi, væri heimil samkvæmt lögum um tæknifrjóvganir. Þar væri annars vegar um að ræða notkun á eggjum og sæði parsins sjálfs við glasafrjóvgun og hins vegar gjafasæði við tæknisæðingu. Af þeim sökum þyrfti bann við notkun beggja þessara aðferða saman að byggjast á sérstaklega sannfærandi rökum. Flest rök austurrískra stjórnvalda væru hins vegar ótengd ástæðum þess að óheimilt væri að nota gjafasæði við glasafrjóvgun.

Að sama skapi gat dómstóllinn ekki fallist á rök austurrískra stjórnvalda um að tæknisæðing hefði verið heimiluð um nokkurt skeið, að það væri tiltölulega einföld leið og að erfitt hefði verið að framfylgja banni við henni. Hann benti á að rök grundvölluð á skilvirkni skiptu enn minna máli en rök sem byggð væru á siðferðilegri sannfæringu meginþorra manna í samfélaginu. Í kjölfar hagsmunamats, þ.e. annars vegar á hinum veiku rökum austurríska ríkisins og hins vegar ósk og hagsmunum SH og DH um að eignast barn, var það mat dómstólsins að ekki hefði tekist að réttlæta mismunun í þeirra tilviki. Það var því niðurstaða dómstólsins að brotið hefði verið í bága við 14. gr. sáttmálans samhliða 8. gr. hans. Einn dómari skilaði sératkvæði.

Með vísan til 41. gr. voru kærendum hvorum um sig dæmdar 10.000 evrur í skaðabætur.

Vörður Ólafsson gegn Íslandi

Dómur frá 27. apríl 2010 (óstytt þýðing)

Mál nr. 20161/06

Sjá reifun dómsins undir 3. gr.

Réttur til að standa utan félaga. Greiðslur til félagasamtaka. Skattlagning.

Grzelak gegn Póllandi

Dómur frá 15. júní 2010

Mál nr. 7710/02

9. gr. Hugsana-, samvisku- og trúfrelsi

14. gr. Bann við mismunun

2. gr. 1. viðauka. Réttur til menntunar

Börn. Trúarbragðafræðsla í grunnskólum.

1. Málsatvik

Kærandur eru hjónin Urszula og Czeslaw Grzelak, þau eru fædd 1969 og 1965 og búa í borginni Sobotka í Póllandi. Þau eru foreldrar Mateusz Grzelak sem fæddist árið 1991 en hann var jafnframt kærandi í málinu. Bæði Urszula og Czeslaw eru utan trúfélaga.

Mateusz hóf nám í grunnskóla í Póllandi árið 1998. Foreldrar hans óskuðu þess að hann myndi ekki sækja tíma í trúarbragðakennslu en öll bekkjarsystkin hans sóttu slíka tíma. Trúarbragðakennsla fór fram um miðjan skóladag milli tíma í ýmsum skyldunámsgreinum. Skólinn bauð Mateusz ekki upp á fræðslu í siðfræði eða annarri grein í staðinn en kærandur höfðu óskað eftir slíkri fræðslu. Af þessum sökum var Mateusz Grzelak eftirlitslaus á göngum skólans eða á skólabókasafni á meðan trúarbragðakennsla fór fram.

Kærandur héldu því fram að Mateusz Grzelak hefði orðið fyrir mismunun og einelti sökum þess að hann sótti ekki kennslustundir í trúarbragðafræðslu. Foreldrar Mateusz Grzelak létu því flytja hann yfir í annan grunnskóla. Samþæflegar aðstæður komu upp þar og var Mateusz Grzelak því fluttur yfir í þriðja grunnskólann þegar hann hafði lokið þremur árum í grunnskólanámi. Skólayfirvöld héldu því aftur á móti fram að Mateusz Grzelak hefði margsinnis lent upp á kant við skólasystkini sín enda hefði hann sýnt trú þeirra lítilsvirðingu. Foreldrar hans reyndu enn að fá skólayfirvöld til að skipuleggja kennslustundir í siðfræði sem hann gæti sótt í stað trúarbragðafræðslunnar en fengu ætíð þau svör að ekki væri nægileg eftirspurn eftir slíku námi til að réttlætanlegt væri að koma upp sérstakri kennslu á því sviði.

Árið 2001 skrifuðu kærandur svo bréf til pólska menntamálaráðuneytisins og kvörtuðu yfir þeirri meðferð sem sonur þeirra hafði fengið í þeim grunnskólum sem hann hafði sótt. Þau óskuðu upplýsinga um það hvers vegna óskað hefði verið eftir afstöðu foreldra grunnskólabarna til þess hvort börn þeirra fengu trúarbragðakennslu, hvort skólunum hefði borið að skipuleggja kennslu í siðfræði þótt einungis einn nemandi þyrfti á slíkri kennslu að halda,

14. gr. Bann við mismunun

hvernig stæði á því að sonur þeirra hefði þurft að eyða tíma sínum í reiðileysi á meðan önnur börn fengju kennslu, hvort brotið hefði verið gegn réttindum sonar þeirra með því að skilja eftir eyðu á einkunnaspjaldi hans þar sem stóð “trúarbrögð/siðfræði” og til hvaða úrræða foreldrar gætu gripið þegar börn þeirra yrðu fyrir mismunun og ofsóknum fyrir að sækja ekki kennslustundir í trúarbragðafræðslu.

Í svari ráðuneytisins kom fram að kennsla í trúarbrögðum og siðfræði færi fram á grundvelli þess að óskir bærust um slíkt frá foreldrum. Ef nemandi óskaði eftir að þurfa ekki að sækja námskeið í trúarbrögðum þá þyrftu skóla-yfirvöld að athuga hvort mögulegt væri að skipuleggja tíma í siðfræði þess í stað. Væri slíkt ekki mögulegt yrði að sjá til þess að viðkomandi nemandi fengi einhvers konar eftirlit á meðan trúarbragðakennslan færi fram og fela honum verkefni ef mögulegt væri. Fram kom í svari ráðuneytisins að stjórnlagadómstóll landsins hefði komist að þeirri niðurstöðu að það bryti ekki gegn réttindum nemenda að geta einkunna fyrir trúarbragðakennslu eða siðfræði ef kennsla í þessum fögum færi fram. Umboðsmaður í Póllandi taldi að hann gæti ekki brugðist við kvörtun kæranda vegna málsins enda hefði stjórnlagadómstóll landsins fjallað um helstu álitamálin sem reyndi á í málinu og komist að þeirri niðurstöðu að það fyrirkomulag sem væri á trúarbragðafræðslu bryti ekki gegn þeim réttindum sem kærendur töldu að hefðu verið brotin á Mateusz Grzelak.

Árið 2004 hóf Mateusz Grzelak nám á efra skólastigi. Einkunnaspjald hans vegna fyrstu þriggja áranna í grunnskólanámi innihélt vitnisburð um þrjár greinar: Hegðun, trúarbrögð/siðfræði og almenna menntun. Við liðinn „trúarbrögð/siðfræði“ var eyða í stað einkunnar. Á einkunnaspjaldi hans vegna fjórða ársins var sama fyrirkomulag haft á. Árið þar á eftir var sama uppi á teningnum en stríkað var yfir siðfræði.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærendur héldu því fram að skólayfirvöld hefðu brugðist með því að skipuleggja ekki nám í siðfræði fyrir Mateusz Grzelak og að brotið hefði verið gegn réttindum hans með því að skilja eftir eyðu á einkunnablaði hans við liðinn trúarbrögð/siðfræði. Þau héldu því fram að Mateusz Grzelak hefði verið mismunað og hann orðið fyrir áreitni fyrir að sækja ekki trúarbragðakennsluna. Kærendur studdu kæru sína við 9. og 14. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Um meðferðarhæfi: Pólska ríkið hélt því fram að kæran væri ekki tæk til meðferðar þar sem innlendar kæruleiðir hefðu ekki verið tæmdar. Kærendur hefðu ekki látið reyna á gildi grunnskólanámskrárinnar þar sem fram kom að trúarbragðakennsla væri ekki skyldunámsgrein. Stjórnvöld visuðu til þess að stjórnlagadómstóll Póllands hafði árið 1993 komist að þeirri niðurstöðu að

14. gr. Bann við mismunun

námskráin stæðist stjórnarskrá landsins sem þá var í gildi. Stjórnarskránni hefði verið breytt síðan þá og hefðu kærendur látið reyna á gildi námskrárinnar á grundvelli þeirrar stjórnarskrár. Dómstóllinn benti aftur á móti á að kærendur gátu ekki fengið afstöðu dómstóls eða stjórnvalds um skyldu stjórnvalda til að veita kæranda kennslu í siðfræði og stjórnvöld höfðu ekki dregið þá staðreynd í efa. Dómstóllinn benti á að stjórnlagadómstóll Póllands hafði komist að þeirri niðurstöðu í dómi sínum árið 2009, eins og í dómi frá 1993, að grunnskólanámskráin samræmdist stjórnarskrá landsins að því er varðaði kennslu í trúarbrögðum. Í dómnum frá 1993 hafði dómstóllinn komist að þeirri niðurstöðu að það bryti ekki í bága við stjórnarskrána að skilja eftir eyðu við liðinn trúarbrögð/siðfræði á einkunnaspjaldi nemanda. Þar sem afstaða stjórnlagadómstólsins um álitaefnið lá fyrir taldi Mannréttindadómstóllinn að kæra til hans dómstólsins væri ekki raunhæft réttarúrræði fyrir kæranda sem hann þyrfti að tæma.

Um 9. og 14. gr.: Dómstóllinn ítrekaði að 14. gr. sáttmálans styddi við önnur efnisleg réttindi sáttmálans og viðauka við hann. Ekki gæti verið um mismunun í skilningi 14. gr. að ræða nema málsatvik féllu undir einhver þeirra efnislegu réttinda sem kveðið væri á um í sáttmálanum. Dómstóllinn tók fram að hugsana-, samvisku- og trúfrelsi væru ein af grundvallarréttindum sáttmálans. Réttur fólks til trúarbragða og að mynda sér skoðun á upphafi lífs væri einn mikilvægasti þátturinn í sjálfsmynd þeirra sem ástunduðu trúarbrögð. Þessi réttur væri ekki síður mikilvægur efasemdarmönnum, trúlausum og þeim sem létu ekki trúmál sig varða. Sú fjölhyggja sem væri óaðskiljanleg frá lýðræðislegu samfélagi væri háð þessum réttindum.

Dómstóllinn tók fram að í lýðræðislegum samfélögum þar sem byggi fólk með mismunandi trúarskoðanir gæti verið nauðsynlegt að takmarka rétt til hugsana-, samvisku- og trúfrelsis til að tryggja hagsmuni mismunandi hópa og til að tryggja að viðhorf allra nytu verndar. Dómstóllinn ítrekaði það sem fram hefði komið í mörgum fyrri dómum að hlutverk ríkisins við þessar aðstæður væri að vera hlutlaus skipuleggjandi samfélags mismunandi trúarbragða og viðhorfa og því bæri að tryggja allsherjarreglu, frið og spekt meðal trúaðra og þolinmæði í lýðræðislegum samfélögum.

Dómstóllinn tók fram að réttur manna til að þurfa ekki að iðka trú væri einnig verndaður í sáttmálanum. Einstaklingum yrði ekki gert að gefa upp trú sína eða trúarskoðanir og þeir yrðu ekki settir í þá aðstöðu að hægt yrði að álykta hvort þeir hefðu slíkar skoðanir eða ekki. Dómstóllinn benti á í þessu samhengi að hann hefði áður tekið fram að 9. gr. væri líka mikilvæg fyrir trúleysingja eins og Mateusz Grzelak í þessu máli.

Af þessum sökum komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að með því að skilja eftir eyðu við liðinn trúarbrögð/siðfræði á einkunnaspjaldi Mateusz Grzelak hefði neikvætt trúfrelsi hans verið takmarkað enda væri þá hægt að álykta að hann væri trúlaus. Af þessum sökum ætti 14. gr. við í málinu samhliða 9. gr. sáttmálans.

14. gr. Bann við mismunun

Dómstóllinn tók fram að við mat á því hvort 14. gr. hefði verið brotin þyrfti að skoða hvort mismunandi meðferð einstaklinga í sambærilegum eða tiltölulega sambærilegum tilvikum byggðist á málefnalegum og sanngjörnum sjónarmiðum. Kanna þyrfti hvort mismunun stefndi að lögmætu markmiði og hvort ekki væri eðlilegt samhengi á milli hinnar mismunandi meðferðar og þess markmiðs sem stefnt væri að með henni. Aðildarríki sáttmálans nytu svigrúms til mats á því hvort og hvernig tilvik sem að öðru leyti væru sambærileg fengju mismunandi meðferð. Í tilviki kæranda þyrfti að meta þá mismunandi meðferð sem Mateusz Grzelak fékk í samanburði við skólafélaga sína, að því leyti að hann fékk enga einkunn fyrir liðinn trúarbrögð/siðfræði af þeim sökum að hann óskaði eftir að sækja tíma í siðfræði en ekki trúarbrögðum.

Dómstóllinn tók fram að foreldrar Mateusz Grzelak hefðu itrekað óskað eftir því að hann fengi að sækja nám í siðfræði en slíkir tímar hefðu ekki verið í boði af því að ekki voru fleiri nemendur sem óskuðu eftir að sækja slíka tíma. Að mati dómstólsins gat sú staðreynd að nemendur fengu einkunn fyrir trúarbrögð/siðfræði ekki ein og sér leitt til þess að brotið væri gegn 14. gr. í tengslum við 9. gr. sáttmálans að því gefnu að einkunnin tjáði einungis hlutlausar upplýsingar um að nemandi hefði valið sér tiltekið valnámskeið. Þetta fyrirkomulag yrði hins vegar að virða rétt nemenda til að vera ekki neyddir, jafnvel þótt slíkt væri einungis gert með óbeinum hætti, til að gefa upp trúarskoðanir sínar eða trúleysi sitt.

Dómstóllinn fjallaði um afstöðu pólska stjórnlagadómstólsins frá 1993 og taldi að efnislega væri dómurinn réttur en réttinum hefði yfirsést að atvik yrðu ekki alltaf í samræmi við þær forsendur sem lagðar voru til grundvallar dómnum. Stjórnlagadómstóllinn hafði talið að ekki yrði brotið gegn trúfrelsi nemenda með því að gefa upp einkunnir þeirra í trúarbrögðum/siðfræði ef nemendur hefðu val um það hvort námið þeir sæktu. Stjórnlagadómstóllinn hefði ekki gert ráð fyrir því að e.t.v. myndu nemendur ekki hafa möguleika á að sækja nám í siðfræði eins og átti við í tilviki Mateusz Grzelak. Dómstóllinn taldi að ef nemandi fengi ekki einkunn fyrir þennan lið á einkunnaspjaldi yrði öllum sem það sæju ljóst að viðkomandi væri trúlaus. Í landi eins og Póllandi þar sem stór meirihluti almennings væri einnar tiltekinnar trúar skipti slíkt máli fyrir viðkomandi.

Dómstóllinn tók enn fremur fram að frá og með árinu 2007 hefði þetta fyrirkomulag haft enn frekari íþyngjandi áhrif fyrir Mateusz Grzelak þar sem námskránni var breytt á þann veg að einkunn fyrir trúarbrögð/siðfræði var reiknuð inn í meðaleinkunn nemanda og gat því haft áhrif á stöðu hans þrátt fyrir að viðkomandi hefði hug á að sækja nám í siðfræði. Dómstóllinn gagnrýndi það sérstaklega að á tímabili hefði verið strikað yfir siðfræðihluta einkunnarliðarins trúarbrögð/siðfræði og var því skýrlega gefið til kynna að ekki væri boðið upp á siðfræðikennslu í viðkomandi skóla og að Mateusz Grzelak hefði kosið að sækja ekki tíma í trúarbragðakennslu.

14. gr. Bann við mismunun

Af þessum sökum taldi dómstóllinn að sá munur sem væri á meðferð trúlausra sem óskuðu eftir að sækja nám í siðfræði og þeirra sem sóttu nám í trúarbrögðum væri ekki réttlætanagerður á grundvelli málefnaþegra sjónarmiða. Ríkið hefði gengið lengra en svigrúm þess til mats leyfði þar sem gengið hefði verið á rétt Mateusz Grzelak til að láta ekki í ljós trúarskoðanir sínar samkvæmt 9. gr. sáttmálans. Af þessum sökum taldi dómstóllinn að brotið hefði verið gegn 14. gr. samhliða 9. gr. sáttmálans á Mateusz Grzelak.

Um 2. gr. 1. viðauka: Kærendur héldu því fram að stjórnvöldum hefði borið að skipuleggja nám í siðfræði í samræmi við skoðanir þeirra. Dómstóllinn tók af þessu tilefni til skoðunar hvort það nám sem boðið var upp á í trúarbrögðum bryti í bága við 2. gr. 1. viðauka sáttmálans en hann hafði áður talið að skyldukennsla í trúarbrögðum gæti brotið gegn því ákvæði ef kennslan bæri með sér að vera trúboð en að öðru leyti félli fyrirkomulag kennslunnar undir svigrúm ríkja til mats. Í tilvikum kærandar taldi dómstóllinn að það fyrirkomulag sem var á kennslu í siðfræði og trúarbrögðum í pólskum skólum félli innan svigrúms aðildarríkjanna til mats.

Dómstóllinn taldi að viðurkenning hans á að brotið hefði verið á kærendum fæli í sér nægilegar bætur til þeirra.

Schwizgebel gegn Sviss

Dómur frá 10. júní 2010

Mál nr. 25762/07

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

14. gr. Bann við mismunun

Börn. Heimild til ættleiðingar. Áhrif aldurs.

1. Málsatvik

Kærandi, Ariane Schwizgebel, er svissneskur ríkisborgari, fædd 1957. Hún býr í Genf í Sviss og er einhleyp. Árið 1996 sótti kærandi um leyfi stjórnvalda í Genf til að ættleiða barn. Eftir að kærandi hafði verið gerð grein fyrir að hún myndi að öllum líkindum fá synjun á umsókn sinni dró hún erindi sitt til baka. Hún sótti á ný um leyfi árið 1998 en að þessu sinni í kantónunni Jura þar sem hún var þá búsett. Hún fékk heimild til ættleiðingar og árið 2000 fékk hún víetnamskt barn í umsjá sem hún ættleiddi síðan árið 2002.

Í júlí 2002 sótti kærandi um að fá að ættleiða annað barn. Að þessu sinni sótti hún um að fá að ættleiða 3 ára barn frá Suður-Ameríku. Félagsmálaýfirvöld neituðu kærandi um leyfi og staðfestu dómstólar synjunina. Kærandi flutti á ný til Genfar og sótti hún tvisvar um heimild til ættleiðingar þar. Umsóknum hennar var hafnað í júlí 2004 og í september 2005. Dómstólar staðfestu synjanir stjórnvalda. Loks óskaði hún eftir því að fá leyfi til að ættleiða fimm ára barn frá Víetnam. Umsókninni var hafnað 24. apríl 2006. Geta kærandar til að ala upp barn var ekki dregin í efa eða fjárhagslegir möguleikar hennar til að sjá sér og börnunum farborða. Aftur á móti var talið að ættleiðing

annars barns myndi leiða til röskunar í samskiptum hennar við það barn sem hún hafði þegar ættleitt og að kærandi hefði vanmetið þá erfiðleika sem væru á að hún gæti ættleitt annað barn frá fjarlægðu landi. Í dómi 5. desember 2006 taldi dómstóll á áfrýjunarstigi að of mikill aldursmunur væri á kæranda og því barni sem kærandi hugðist ættleiða. Kærandi var 46 til 48 ára gömul á meðan málið var til meðferðar hjá stjórnvöldum og dómstólum.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi byggði kæru sína á því að svissnesk stjórnvöld hefðu komið í veg fyrir að hún gæti ættleitt barn á grundvelli þess að hún væri of gömul. Hún hélt því fram að m.a. hefði henni verið mismunað gagnvart konum á hennar aldri sem gætu sjálfar fætt börn. Hún byggði kæru sína á 14. gr. sáttmálans með hliðsjón af 8. gr. hans.

Niðurstaða

Dómstóllinn tók fyrst til skoðunar hvort kærandi hefði fengið aðra meðferð mála sinna en einstaklingar í sambærilegum aðstæðum. Hann komst að þeirri niðurstöðu að málsatvik tengdust ekki konum á aldri kæranda sem gætu eignast börn enda hefði ríkisvaldið ekkert með það að gera hvenær konur eignuðust börn og þá hvort svo sem slíkt gerðist af hefðbundnum orsökum eða með aðstoð lækna. Annað ætti við um mismunandi meðferð sem kærandi hefði fengið miðað við yngri konur sem fengju að ættleiða annað barn. Af þessum sökum gæti kærandi haldið því fram að henni hefði verið mismunað miðað við einstaklinga í sambærilegri aðstöðu.

Dómstóllinn tók til skoðunar hvort munurinn á þeirri meðferð sem hún hefði fengið og konur í sambærilegri aðstöðu væri útskýrður með vísan til tiltekins markmiðs sem væri réttlætjanlegt. Í málsmeðferð sinni höfðu stjórnvöld vísað sérstaklega til þess hversu mikill aldursmunur væri á kæranda og því barni sem hún hugðist ættleiða. Töldu stjórnvöld að þessi munur væri svo mikill að hann væri andstæður hagsmunum barnsins.

Dómstóllinn fjallaði næst um hvernig þessum málum væri háttað hjá öðrum aðildarríkjum sáttmálans. Hann benti á að mismunandi viðhorf væru uppi í ríkjum Evrópuráðsins. Réttur einstaklinga til að ættleiða var ekki tryggður í öllum ríkjunum og afar mismunandi viðhorf um það hvaða áhrif aldur umsækjenda um ættleiðingu gat haft. Dómstóllinn taldi að þar sem ekki væri samstaða um þetta atriði meðal aðildarríkjanna hefðu svissnesk stjórnvöld talsvert svigrúm til mats á þessu sviði og að niðurstaða þeirra væri í samræmi við þær leiðir sem mörg aðildarríki sáttmálans hefðu farið. Ekki væri heldur hægt að greina að geðþótti hefði ráðið för í máli kæranda. Stjórnvöld höfðu tekið ákvörðun sína eftir málsmeðferð þar sem kæranda var gert kleift að koma sjónarmiðum sínum á framfæri og lagt á þau efnislegt mat. Þessar ákvarðanir hefðu verið rökstuddar og byggt á ítarlegum rannsóknum stjórnvalda. Tekið hafði verið

14. gr. Bann við mismunun

mið af hagsmunum barnsins sem til stóð að ættleiða og jafnframt því barni sem kærandi hafði þegar ættleitt. Enn fremur lagði dómstóllinn áherslu á að stjórnvöld mátu sérstaklega í tilviki kæranda hvaða áhrif aldursmunurinn gat haft. Loks var talið að önnur sjónarmið sem stjórnvöld skoðuðu og mæltu gegn því að kærandi fengi heimild til ættleiðingar hefðu ekki verið ómálefnaleg.

Í ljósi þessara röksemda taldi dómstóllinn að ekki hefði verið brotið gegn 14. gr. sáttmálans samhliða 8. gr. hans í tilviki kæranda.

Schalk og Kopf gegn Austurríki

Dómur frá 24. júní 2010

Mál nr. 30141/04

Sjá reifun dómsins undir 12. gr.

Samkynhneigðir. Mismunandi réttaráhrif staðfestrar samvistar og hjúskapar.

34. gr. Kærur einstaklinga

Al-Saadoon og Mufdhi gegn Bretlandi

Dómur frá 2. mars 2010

Mál nr. 61498/08

Sjá reifun dómsins undir 3. gr.

Yfirráðasvæði. Dauðarefsing. Beiðni um frestun á framkvæmd ákvörðunar.

1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar

Aizpurua Ortiz o.fl. gegn Spáni

Dómur frá 2. febrúar 2010

Mál nr. 42430/05

1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar

Hugtakið eign. Lífeyrisgreiðslur. Lögmaetar væntingar. xx

1. Málsatvik

Kærandur eru 56 talsins að meðtöldum Magdaleno Aizpurua Ortiz. Þeir eru spænskir ríkisborgarar sem ýmist eru eða voru búsettir í Vizcaya-héraðinu á Spáni. Þeir voru starfsmenn fyrirtækisins Sefanitro S.A. þar til þeir settust í helgan stein og hófu töku snemmbúinna eftirlauna. Þá fengu þeir viðbótarlífeyri sem var greiddur á grundvelli ákvæða kjarasamnings frá árinu 1983. Þar var kveðið á um að starfsmenn sem hefðu hafið störf hjá fyrirtækinu fyrir árið 1984 fengju greiddan viðbótarlífeyri til 65 ára aldurs. Þegar greiðslur stöðvuðust árið 1994 höfðuðu kærandur mál fyrir dómstóli sem úrskurðaði þeim í vil.

Kjarasamningurinn frá árinu 1983 féll úr gildi árið 2000 við gildistöku nýs kjarasamnings. Í honum var kveðið á um að greiða skyldi þeim sem hefðu þegið viðbótarlífeyri á grundvelli eldri samningsins eingreiðslu sem jafngilti þriggja mánaða viðbótarlífeyrisgreiðslum.

Kærandur höfðuðu mál fyrir dómstól á sviði vinnuréttar sem féllst á hluta krafna þeirra og gerði fyrirtækinu að greiða þeim lífeyrinn í samræmi við kröfur þeirra. Fyrirtækið áfrýjaði málinu til hæstaréttar sem vísaði kröfum kæranda frá. Hann vísaði sérstaklega til þess að réttindi á grundvelli kjarasamninga gætu fallið niður við endurskoðun þeirra nema annað væri sérstaklega tekið fram.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandur héldu því fram að brotið hefði verið í bága við 1. gr. 1. viðauka þar sem nýr kjarasamningur hefði leitt til þess að þeir hefðu verið sviptir rétti sínum til viðbótarlífeyris en sá samningur hefði verið gerður milli fyrirtækisins og fulltrúa starfsmanna sem hefðu hvorki haft rétt til koma fram fyrir þeirra hönd né fara með gæslu hagsmuna þeirra.

Niðurstaða

Dómstóllinn tók fyrst til skoðunar hvort kærandur gætu átt aðild að málinu samkvæmt 34. gr. sáttmálans og hvort skilyrði þess að mál væri tækt væru uppfyllt samkvæmt 35. gr. hans. Í tilvikum níu kæranda vísaði dómstóllinn kærum frá þar sem skilyrði þessara ákvæða voru ekki uppfyllt. Að auki felldi dómstóllinn kærur fjögurra einstaklinga niður skv. 37. gr. þar sem lögmenn

1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar

þeirra hefðu ekki framvísað fullnægjandi gögnum um að skjólstæðingar þeirra hefðu falið þeim hagsmunagæslu fyrir þeirra hönd.

Hvað varðaði álitaefnið hvort þau réttindi sem málið varðar gætu talist eignarréttindi í skilningi 1. gr. samningsviðauka nr. 1 vísaði dómstóllinn til fordæma um að réttindi á grundvelli kjarasamninga gætu í ákveðnum tilvikum talist eignarréttindi. Slíkt ætti þá einkum við þegar vinnuveitandi hefði almennt ábyrgst að greiða lífeyri á grundvelli skilyrða sem almennt teldust hlutar vinnusamnings. Í tilviki kæranda hefði réttur þeirra til viðbótarlífeyris byggst á ákvæðum kjarasamnings og þeir hefðu fengið slíkar greiðslur þar til þær voru stöðvaðar af hálfu fyrirtækisins. Að teknu tilliti til þeirra ráðstafana sem kærundur hefðu gripið til og þess að rétturinn til viðbótarlífeyris teldist eignarréttur í skilningi 1. gr. samningsviðauka nr. 1, þá var það mat dómstólsins að þeir hefðu mátt hafa lögmætar væntingar um að halda áfram að fá þær greiðslur.

Dómstóllinn benti á að jákvæða samningsskuldbindingin sem fælist í 1. gr. 1. viðauka 1 fæli ekki í sér að aðildarríki væru skuldbundin til að taka yfir skuldbindingar fyrirtækja gagnvart fyrrum starfsmönnum þeirra með greiðslu lífeyris þegar fyrirtækin væru ekki lengur í aðstöðu til að greiða þeim lífeyri sinn. Þetta ætti við jafnvel þótt um væri að ræða ágreining milli einstaklinga.

Hæstiréttur Spánar hefði með dómi sínum í málinu fallist á það fyrirkomulag sem spænski löggjafinn hefði valið, að viðhafa kerfi þar sem heimilt væri að semja sameiginlega og að slíkt gæti vikið til hliðar réttindum sem tryggð væru með eldri kjarasamningum.

Dómstóllinn benti einnig á að hæstiréttur vísaði til þess að síðari kjarasamningurinn hefði í raun ekki felld úr gildi nein réttindi sem eldri samningur tryggði heldur hefði hann útfært þau með öðrum hætti, þ.e. með greiðslu einnar fastrar fjárhæðar. Þessar breytingar höfðu að auki verið gerðar með hliðsjón af fjárhagsörðugleikum fyrirtækisins.

Dómstóllinn vísaði til þess að takmörkun á eignarrétti kæranda hefði haft það að markmiði að tryggja fjárhag fyrirtækisins og lánardrottna þess. Að auki var það gert með það að markmiði að tryggja vinnuframboð innan þess sem og réttinn til að semja sameiginlega. Þau markmið þjónuðu hagsmunum almennings í skilningi sáttmálans. Að mati dómstólsins var ekkert í málinu sem gefið gæti til kynna að kærendum hefði verið mismunað í samanburði við virka starfsmenn fyrirtækisins sem einnig tóku á sig skerðingu með nýjum kjarasamningi. Dómstóllinn benti á að honum væri ekki ætlað að taka stöðu innlendra dómstóla og meta túlkun hæstaréttar á spánski löggjöf (né að úrskurða um það hvort innlend löggjöf samræmdist löggjöf Evrópusambandsins). Dómstóllinn gat ekki séð nein merki þess að ákvörðun hæstaréttar hefði verið byggð á geðþótta eða að hún legði óhóflega byrði á kærundur.

Í ljósi framangreinds og að teknu tilliti til þess svigrúms sem ríki hefði við mótun félags- og efnahagsstefnu, var það mat dómstólsins að niðurstaða spænskra dómstóla hefði ekki falið í sér óhóflega skerðingu á rétti kæranda til

1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar

að njóta eigna sinna. Það var því mat dómstólsins að ekki hefði verið brotið í bága við 1. gr. 1. viðauka.

Einn dómari skilaði sératkvæði.

Sud Parisienne de Construction gegn Frakklandi

Dómur frá 11. febrúar 2010

Mál nr. 33704/04

1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar

Réttindi samkvæmt samningi. Afturvirk lagasetning.

1. Málsatvik

Kærandi, Sud Parisienne de Construction er franskt fyrirtæki með aðsetur í Mandres-les-Roses í Frakklandi. Árið 1986 var það undirverktaki í byggingarframkvæmdum á Robert Debré spítalanum í París. Aðkoma þess að verkinu var ákveðin með samningi á milli Assistance Publique-Hôpitaux de Paris (APHP) og aðalverktakans. Í samningnum var kveðið á um að ef stjórnvöld seinkuðu verkinu skyldu þau greiða verktaka 17% vexti (2,5% hærra en vaxtaþrósenta skuldabréfa væri).

Í október árið 1987 var samningnum um undirverktöku slitið. Í samræmi við lög um opinber innkaup gerði kærandi 308.000 evru kröfu á hendur APHP um greiðslu vegna þeirrar vinnu sem hann hefði innt af hendi fram að slitum samningsins. APHP hafnaði þeirri kröfu. Synjunin var staðfest af undirrétti en þeim dómi var áfrýjað til áfrýjunardómstóls sem sneri honum við. Með því var APHP gert að greiða kæranda umbeðna kröfu auk 17% vaxta. Þann 11. október árið 1999 hafnaði æðsti dómstóllinn áfrýjunarkröfu APHP.

Á sama tíma var lögbundin vaxtaþrósenta vegna seinkunar verka lækkuð og gerð hin sama fyrir öll verkefni á vegum hins opinbera. Breytingin tók ekki aðeins til ógerðra verktökusamninga heldur og einnig til verktökusamninga sem gerðir hefðu verið fyrir 19. desember árið 1993. Allar tilvísanir til vaxtaþrósentu skuldabréfa sem hafði ekki breyst frá árinu 1981 voru fjarlægðar.

Á sama tíma og áfrýjunardómstóll var með málið til meðferðar fór APHP þess á leit að vaxtaþrósentan sem við ætti um kröfu kæranda gagnvart sér yrði lækkuð í samræmi við framangreindar lagabreytingar. Dómstóllinn féllst á það og var sú ákvörðun staðfest af æðsta dómstólnum. Að mati dómsins var breytingin réttlætanleg með vísan í brýnan hag almennings. Nýrri löggjöf á þessu sviði væri ætlað að færa vaxtaþrósentuna niður og þar með nær því sem almennt gildi á markaði (og með hliðsjón af því að vaxtaþrósenta skuldabréfa hefði misst vægi sitt sem viðmið í ljósi mikilla breytinga í fjármálaumhverfinu sem og verulegrar lækkunar verðbólgu).

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi hélt því fram að nýjum lagaákvæðum um vaxtaþrósentur hefði verið beitt með afturvirkum hætti í dómsmáli sem þegar var hafið og með því hefði verið brotið í bága við 1. gr. 1. viðauka sáttmálans auk 1. mgr. 6. gr. hans.

Niðurstaða

Dómstóllinn benti fyrst á að kærandi vefengdi í raun ekki gildi laganna sem um væri að ræða varðandi ógerða samninga. Hann benti einnig á að takmörkun á rétti kæranda til að fá greiðslu samningsbundinna skuldbindinga hefði þjónað almannahagsmunum. Á það væri hins vegar að líta að ákvæðum um vaxtaþrósentur hefði verið beitt með afturvirkum hætti.

Dómstóllinn benti á það sem hann hefði ítrekað gert áður í öðrum málum að lagasetning og beiting laga með afturvirkum hætti samræmdist ekki ákvæðum sáttmálans þegar slíkt hefði áhrif á málaferli sem þegar væru í gangi hjá innlendum dómstólum og slík beiting gerði í raun tilgangslaust að halda áfram málaferlunum. Sú staða væri hins vegar ekki uppi í málinu sem hér væri um að ræða. Löggjöfin sem um væri að ræða hefði ekki grafið undan rétti kæranda til að krefjast bóta vegna seinkunar á greiðslu, þ.e. á vöxtum sem væru tengdir verðbólgu, en slík breyting væri ein afleiðing breytinga í fjármálaumhverfinu. Ný lagaákvæði um vaxtaþrósentu hefðu haft þau einu áhrif á kæranda að ákvarða vaxtaþrósentu sem samræmist í raun þeim kostnaði sem hann hefði þurft að leggja út í vegna seinkunar á greiðslu og án þess að hann væri að hagnast fram úr hófi vegna hárrar verðbólgu á þeim tíma er hann hefði átt að fá greidda heildarfjárhæðina. Af þessum sökum hefði beiting laganna í raun ekki takmarkað raunverulegan kjarna eignarréttar kæranda. Að auki hefði meðalhófs verið gætt sem og jafnvægis milli almannahagsmuna og einstaklingshagsmuna.

Með hliðsjón af framangreindu var það því einróma niðurstaða dómstólsins að ekki hefði verið brotið í bága við 1. gr. 1. viðauka. Dómstóllinn tók ekki sérstaklega til skoðunar hvort brotið hefði verið í bága við 1. mgr. 6. gr. þar sem um væri að ræða sams konar álitamál og skoðað hefði verið með hliðsjón af 1. gr. 1. viðauka.

Vörður Ólafsson gegn Íslandi

Dómur frá 27. apríl 2010 (óstytt þýðing)

Mál nr. 20161/06

Sjá reifun dómsins undir 3. gr.

Réttur til að standa utan félaga. Greiðslur til félagasamtaka. Skattlagning.

2. gr. 1. viðauka. Réttur til menntunar

Grzelak gegn Póllandi

Dómur frá 15. júní 2010

Mál nr. 7710/02

Sjá reifun dómsins undir 14. gr.

Börn. Trúarbragðafræðsla í grunnskólum.

3. gr. 1. viðauka. Réttur til frjálsra kosninga

Frodl gegn Austurríki

Dómur frá 8. apríl 2010

Mál nr. 20201/04

3. gr. 1. viðauka. Réttur til frjálsra kosninga

Refsing. Svipting kosningaréttar.

1. Málsatvik

Kærandi, Helmut Frodl, er austurrískur ríkisborgari fæddur 1957. Hann afplánar nú fangelsisdóm í Garsten-fangelsinu í Austurríki vegna manndráps sem hann var dæmdur fyrir árið 1993. Í kjölfar sakfellingarinnar var hann tekinn út af kjörskrá í samræmi við austurrísk lög. Í október 2002 lagði hann fram kvörtun til kjörstjórnar og vísaði til þess að ólögmætt væri að taka hann út af kjörskrá. Kjörstjórn vísaði málinu frá með vísan til ákvæða kosningalaga um að fangar sem afplánuðu lengri fangelsisdóm en eitt ár misstu tímabundið kosningarétt. Kærandi kærði til yfirkjörstjórnar sem hafnaði kröfu hans með vísan til þess að það væri ekki hlutverk kjörstjórna að taka afstöðu til þess hvort umrædd lög brytu í bága við stjórnarskrá.

Kærandi krafðist þess að leggja málið fyrir stjórnlagadómstól landsins. Með ákvörðun dómstólsins í desember 2003 var kröfu hans synjað með vísan til þess að ólíklegt væri að kröfur hans næðu fram að ganga. Vísaði dómstóllinn í því sambandi til dóms síns frá nóvember sama ár um að umrædd lagaákvæði brytu ekki í bága við stjórnarskrána.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi byggði á því að með því að taka hann af kjörskrá væri brotið í bága við rétt hans til frjálsra kosninga samkvæmt 3. gr. samningsviðauka 1.

Niðurstaða

Dómstóllinn vísaði til mikilvægis 3. gr. 1. viðauka við sáttmálann og minnti á að í reglunni fælist ein grundvallarregla hvers lýðræðislegs þjóðfélags. Hún væri þó ekki ófrávíkjanleg og aðildarríkin hefðu ákveðið svigrúm til að ákveða takmörkun á réttinum sem í henni fælist. Dómstóllinn tæki til skoðunar hvort skilyrði takmörkunar væru uppfyllt og hvort tryggt væri að kjarni þess sem ákvæðinu væri ætlað að tryggja væri ekki skertur. Sérstaklega þyrfti að hafa í huga að takmarkanir hindruðu ekki að álit almennings kæmi fram í kosningum. Tryggja þyrfti fyrirkomulag sem endurspeglaði áreiðanlegar og skilvirkar kosningar með það markmið að greina vilja meginþorra almennings. Öll frávik frá meginreglunni um almennar kosningar væru til þess fallin að grafa undan lýðræðislegri stöðu löggjafans og þar með lögin sem frá honum stafa. Í

3. gr. 1. viðauka. Réttur til frjálsra kosninga

samræmi við þetta þyrfti útilokun eins hóps eða flokks fólks að samræmast 3. gr. 1. viðauka.

Dómstóllinn benti á að fangar nytu almennt allra þeirra réttinda sem tryggð væru með sáttmálanum ef frá væri talinn rétturinn til frelsis og mannhelgi samkvæmt 5. gr. sem heimilaði lögmæta gæslu. Dómstóllinn vísaði til fyrri dóms síns þar sem hann hefði komist að þeirri niðurstöðu að breska ríkið hefði brotið 3. gr. 1. viðauka með því að svipta fanga kosningarétti (*Hirst gegn Bretlandi, mál nr. 74025/01*). Í því máli hafði dómstóllinn tilgreint þau skilyrði sem yrðu að vera uppfyllt þegar aðildarríki takmörkuðu kosningarétt fanga. Þau væru þrjúþætt, þ.e. að svipting kosningaréttar ætti aðeins við um þröngt afmarkaðan hóp afbrotamanna sem afplánuðu lengri dóma, að það væru bein tengsl milli ástæðna þess að viðkomandi fangi hefði verið sakfelldur og sviptingar kosningaréttar og að slík svipting byggði að meginstefnu á ákvörðun dómara sem tekin væri í kjölfar málsmeðferðar fyrir dómi.

Í málinu sem hér um ræðir hafði svipting kosningaréttar það markmið að koma í veg fyrir afbrot með því að refsa þeim sem gerðust sekir um slíkt og að efla borgaralega ábyrgð og virðingu fyrir lögum. Dómstóllinn gat ekki séð að þessi markmið sem slík væru ósamræmanleg sáttmálanum. Hann féllst einnig á það að ákvæði austurrískra laga um sviptingu kosningaréttar væru þrengra afmörkuð en lagaákvæðin sem til skoðunar voru í áðurgreindu máli gegn Bretlandi. Á það bæri hins vegar að líta að ákvæði austurrísku laganna uppfylltu ekki öll þau skilyrði sem dómstóllinn vísaði til í því máli. Á það vantaði að ákvarðað yrði um sviptingu kosningaréttar með úrskurði dómara að teknu tilliti til aðstæðna hverju sinni og að bein tengsl þyrftu að vera milli ástæðna sakfellingar og sviptingar kosningaréttar. Markmið þessara skilyrða væri að tryggja að einungis í undantekningartilvikum yrðu einstaklingar, fangar sem aðrir, sviptir kosningarétti sínum. Það varð því niðurstaða dómstólsins að brotið hefði verið gegn rétti kæranda samkvæmt 3. gr. 1. viðauka

Með vísan til 41. gr. voru kæranda dæmdar 5.000 evrur í málskostnað. Einn dómari skilaði sératkvæði.